

**Háskólinn á Akureyri**  
**Kennaradeild - Grunnskólabraut**  
**Vormisseri 2007**

# **Fjölmenningarleg kennsla**

Upplausn fjölmenningarsamfélagsins Júgóslavía

**Arnar Ingólfsson**  
**Þorvaldur Gröndal**

**Lokaverkefni í kennaradeild**

**Háskólinn á Akureyri**  
**Kennaradeild - Grunnskólabraut**  
**Vormisseri 2007**

# **Fjölmenningarleg kennsla**

Upplausn fjölmenningarsamfélagsins Júgóslavía

**Arnar Ingólfsson**  
**Þorvaldur Gröndal**

**Leiðsögukennari**  
**Páll Björnsson**

**Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild**

**Yfirlýsingar:**

Við lýsum því hér með yfir að við einir erum höfundar þessa verkefnis og það er ágóði eigin rannsókna og úrvinnslu:

---

---

Það staðfestist hér með að verkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild:

---

## Útdráttur

Viðfangsefni þessarar lokaritgerðar er gerð kennsluefnis í sögukennslu fyrir 9. bekk. Ástæða þess að þetta varð fyrir valinu sem efni í lokaverkefni er sú skoðun höfunda að sögu samtímans sé ekki gefinn nógu góður gaumur í grunnskólum. Höfundar velta fyrir sér þeirri samfélagsmynd sem við búum við og þeim stöðugu breytingum sem hún tekur. Breytt samfélag byggt upp af mismunandi þjóðarbrotum kallar á aukna víðsýni og umburðarlyndi gagnvart skoðunum og gildum annarra. Borgarastyrjöldin í ríkjum fyrrum Júgóslavíu á árunum 1991-1995 er atburður þar sem þjóðarbrotum, sem búið höfðu í sátt og samlyndi í fjölda ára, laust saman þegar leiðtogar ríkjanna hvöttu þau til að standa vörð um uppruna sinn. Hugsanlega hefði mátt koma í veg fyrir þessi átök ef ríkt hefði meiri samkennd þjóðarbrotanna á milli. Í ritgerðinni er bent er á kennsluáðferðir sem ætlað er að skapa aukna samkennd og samvinnu á milli nemenda. Þær kennslufræðilegu hugmyndir sem höfundar styðjast við eru: 1) hugmyndir Dewey, sem taldi fullkomið samfélag vera þar sem allir meðlimir þess væru jafnir og hefðu sömu tækifæri, 2) fjölgreindakenning Gardner, sem taldi alla einstaklinga búa yfir ákveðnum greindum sem þyrfti að virkja og 3) fjölmennningarleg kennsla sem ætlað er að skapa hjá nemendum víðsýni og umburðarlyndi fyrir náunganum. Með þessum kennsluháttum er verið að undirbúa nemendur undir það samfélag sem bíður þeirra við lok skólagöngu. Að nemendur séu í stakk búnir að vinna með öðrum, tilbúnir að hlusta á og taka skoðunum annarra. Lesefnið um fall Júgóslavíu á að gefa kennara og nemendum hugmyndir um það hvernig getur farið þegar umburðalyndi vantar og til átaka kemur vegna ágreinings. Lesefninu fylgja verkefni til úrvinnslu sem eiga að dýpka skilning nemenda á viðfangsefninu og koma þeim í skilning um það hvað mögulega gæti gerst í fjölþjóðasamfélagi dagsins í dag ef ekki er hugað að samkennd og sambúð mismunandi þjóðarbrotu.

## **Abstract**

The subject matter of this thesis is intended to provide educational material for ninth grade history lessons. The reason for this being the subject is, in our opinion, that modern history is not given enough attention within elementary school. The authors analyze the society that we live in and its constant changes. A new society with many ethnic groups requires an open mind and greater tolerance for other cultural opinions and values. The civil war involving the former republics of Yugoslavia, from 1991 to 1995, was an event where ethnic groups that had lived together in peace and harmony for many years, rose to the call of their respective leaders who urged them to defend their origin. The conflicts might have been avoided if there had been more sympathy among the many different ethnic groups. In the thesis we point out suitable methods of instruction which are meant to create harmony and centre upon the students cooperation. The educational methods that we find suitable are as follows: 1) The pedagogic ideas of Dewey, who considered a perfect society to be one where everyone is equal and has the same opportunities, 2) Gardner's theory of multiple intelligences, who said that everyone was born with varying levels of different intelligences which needed stimulation and 3) multicultural instruction that is supposed to innovate the students open mind and tolerance towards fellow human beings. By doing this the students are equipped for a community that awaits them at graduation. They will then be prepared to work with others, listen and take notice of their opinions. The educational material about the downfall of Yugoslavia is intended to give the teacher and students ideas about how things can evolve when there is inadequate tolerance and conflict due to a divergence. The educational material comes with assignments that are intended to deepen the students' comprehension of the subject. This is accomplished by making them understand the possibilities that can occur in today's multicultural society if sympathy and coexistence are not given enough attention within mixed ethnic groups.

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>2. Kennslufræði</b> .....	<b>4</b>
2.1 Fjölmeningarsamfélag.....	4
2.2 John Dewey.....	5
2.3 Mikilvægi markmiða.....	6
2.4 Howard Gardner.....	8
2.4.1 Samvinnunám.....	9
2.5 Fjölmeningarleg kennsla.....	12
2.5.1 Fjölbreytileiki í kennslu.....	13
2.6 Kennsluaðferðir.....	16
2.6.1 Umræðu- og spurnaraðferðir.....	16
2.6.1.1 Samræðuaðferð (stýrð umræða).....	17
2.6.1.2 Spurnaraðferðir.....	18
2.6.1.3 Umræðuhópar.....	19
2.6.1.4 Námsmat.....	19
2.7 Tenging við fræðin.....	20
<b>3. Forsaga myndun Júgóslavíu</b> .....	<b>22</b>
3.1 Fall stórvelda.....	22
3.2 Fyrri heimsstyrjöldin.....	23
3.3 Myndun Júgóslavíu.....	25
3.4 Seinni heimsstyrjöldin.....	26
<b>4. Tító</b> .....	<b>29</b>
4.1 Júgóslavía á tímum Tító.....	29
4.2 Deilur á tímum Tító.....	31
4.3 Valdabarátta við fráfall Tító.....	34
4.4 Járntjaldið fellur.....	37
<b>5. Ólgan magnast</b> .....	<b>39</b>
5.1 Átökin hefjast.....	39
5.1.1 Franjo Tudjman.....	41
5.1.2 Slobodan Milošević.....	42
5.2 Borgarastríð á Balkanskaga.....	46
5.2.1 Radovan Karadzic.....	50
5.2.2 Alija Izetbegović.....	50
5.3 Endalok átakanna.....	51
<b>6. Þjóðernishreinsanir</b> .....	<b>54</b>
6.1 Átökin um Srebrenica.....	54
6.2 Brottflutningurinn.....	56
6.3 Fjöldamorðin.....	58
6.4 Kosovo.....	60
<b>7. Verkefni tengd falli Júgóslavíu</b> .....	<b>64</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>66</b>
<b>Heimildir</b> .....	<b>67</b>
<b>Viðaukar</b> .....	<b>69</b>

# 1. Inngangur

Íslenskt samfélag hefur tekið stakkaskiptum hin síðari ár. Íbúamyndin hefur breyst með nýjum gildum, menningu og trú. Samfélagið er orðið að fjölmeningarsamfélagi. Því er mikilvægara en áður að menntastofnanir landsins kenni nemendum sínum undirstöðuatriði mannlegra samskipta, þannig að þeir líti breytingarnar opnum augum eða eins og Aðalnámskrá grunnskóla segir:

Skólinn þarf að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með því að leggja áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni. Einnig er mikilvægt að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar og kunni jafnframt að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.<sup>1</sup>

Sögukennsla í grunnskólum á að stuðla að því að efla skilning nemenda á uppruna sínum, þannig að þeir viti hvað hafi mótað það þjóðfélag sem landið byggir. Eins er í kennslunni tekin fyrir saga liðinna alda í hinum stóra heimi, sagt frá helstu áhrifavöldum sögunnar, styrjöldum og atburðum sem sett hafa svip sinn á söguna. Þetta eru þættir sem mikilvægt er að kenna en þeir vekja stundum lítinn áhuga hjá nemendum þar sem umfjöllunarefnið er þeim svo fjarlægt. Með námsefni sem tekur á nýlegum atburðum og tengist nemendum oft á einhvern hátt má gera þá meðvitaðri um atburðarásina, ástæður og lyktir hennar.

Balkanskagi hefur í gegnum tíðina verið vettvangur blóðsúthellinga og átaka. Þjóðir Júgóslavíu hófu stríð sín í byrjun tíunda áratugar tuttugustu aldar og því fylgdu þjóðernishreinsanir þar sem borgararnir voru hneptir í fangabúðir, myrtir og konum nauðgað. Mest urðu átökin í Bosníu-Hersegóvínu.<sup>2</sup> En hvað varð til þess að frjálsslyndasta kommúnistaríki Evrópu liðaðist í sundur á hatramari hátt en önnur kommúnistaríki? Hvað gerði fall kommúnisma svona sérstakt í Júgóslavíu?

Þessar spurningar og þetta viðfangsefni var nýtt við gerð kennsluefnis sem nota má til að kenna nemendum að læra að meta náungann, skoðanir annarra og þeirra gildi.

Ritgerðin hefst á kafla um kennslufræði og kennsluaðferðir. Þar er fjallað um kenningar manna um það hvernig kenna megi nemendum aðferðir við að vinna með öðrum, hlusta á skoðanir annarra og almenna samkennd manna á milli. Kennsluaðferðirnar byggjast á samvinnu nemenda þar sem áherslan er á opin samskipti nemenda sem þurfa að vinna saman til að ná settum markmiðum. Næstu

<sup>1</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999: 17

<sup>2</sup> Emblem, Terje. 1995: 583

kaflar fjalla beint um átökin á Balkanskaga. Fyrst er farið í forsögu atburðanna og aðstæður á Balkanskaga skoðaðar aftur að upphafi fyrsta Balkanstríðsins árið 1912. Þar er fjallað um það þegar Ósmana- og Habsborgaraveldin, sem stjórnað höfðu á skaganum í yfir fimmhundruð ár, liðu undir lok. Staða þjóðanna við upphaf fyrri heimsstyrjaldar er skoðuð, hvaða áhrif þær höfðu á framvindu átakanna og umrótartímenn frá myndun Júgóslavíu fram að seinni heimsstyrjöld. Næsti kafli fjallar um Tító og hvernig hann komst til valda við lok seinni heimsstyrjaldar og varð einn langlífasti þjóðarleiðtogi tuttugustu aldarinnar. Tímenn sem hann ríkti yfir Júgóslavíu er skoðaður, helstu ólgutímabil og atburðarásin í kjölfar fráfalls hans. Í fimmta kafla er sagt frá því þegar átökin hefjast, hverjir voru upphafsmenn stríðsins og hvaða ástæður lágu að baki. Gangur stríðsins er skoðaður, hvernig átökin fluttust á milli landa og hverjar lyktir átakanna urðu. Þar er einnig fjallað um helstu leiðtoga þjóðanna sem áttu í átökum og hvaða hlutverki þeir gegndu í atburðarrásinni. Sjötti kafli ber nafnið þjóðernishreinsanir og fjallar um tvo atburði sem urðu sérstaklega þekktir fyrir þær umfangsmiklu þjóðernishreinsanir sem áttu sér stað á meðan á átökunum stóðu, annars vegar í bænum Srebrenica í Bosnía og hins vegar í Kosovo. Reynt er að gefa lesandanum einhverja mynd af því hvaða afleiðingar átökin höfðu á almenna borgara og hvaða raunir íbúarnir þurftu að ganga í gegnum á meðan átökunum stóð. Í sjöunda og síðasta kaflanum eru verkefni sem tengjast lesefninu úr kafla 3-6. Þau eru sett þannig upp að þau krefjast samvinnu nemenda við úrlausn.

Viðaukana sem fylgja námsefninu má nota til glöggvunar á atburðarrásinni eins og hún átti sér stað.

Efnistökin eru nokkuð ítarleg og gætu því nýst vel við einhvers konar þemavinnu eða nýst sem einskonar viðbótar- eða ítarefni með öðru námsefni.

## 2. Kennslufræði

Breyttar aðstæður í samfélaginu kalla á breyttan hugsunarhátt í skólum. Skólarnir eiga að undirbúa nemendur undir það samfélag þar sem þeir koma til með að verða virkir þátttakendur. Þjálfar þarf nemendur í samvinnu og samskiptum þar sem áherslan er á fjölbreytni einstaklinga og það hvernig hópur misjafnra einstaklinga getur unnið saman á farsælan hátt. Til þess að þetta sé hægt verða kennarar að setja sér ákveðin markmið sem stefnt er að enda eru þau grundvöllur framfara.

### 2.1 Fjölmenningsamfélag

Það samfélag sem við byggjum í dag hefur breyst mikið síðustu árin. Farið er að tala um fjölmenningsamfélag þar sem íbúar lands eiga rætur sínar að rekja til misjafnrar menningar, gilda og sýn á lífið. Fólk sækir vinnu og nám erlendis í auknum mæli og þarf því að kynna sér gildi þeirra landa sem það flyst til. Einstaklingur sem hefur hlotið menntun þar sem kynntar eru aðferðir við að efla gagnrýna og víðsýna hugsun er líklegri til að geta aðlagð sig breyttum aðstæðum þegar þær koma upp á. Markmið með námi á fyrst og fremst að vera það að gera nemendur víðsýnni og tilbúna til að takast á við það samfélag sem við byggjum í dag eða eins og segir í Aðalnámskrá grunnskóla:

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Í sibreytilegu umhverfi samtímans reynir á hæfni til þess að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum.<sup>3</sup>

Fjölbreyttar kennsluáferðir eru tæki sem kennarar búa yfir til að skapa nemendum aðstæður þar sem þeir læra að takast á við vandamál sem kunna að koma upp. Nemendur skulu fá tækifæri til að vinna sjálfstætt ekki síður en í vegna þess að með því er verið að kenna þeim almenn gildi eða eins og tekið er fram í Aðalnámskránni:

Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, náungakærleik og verðmætamat. Fjölbreytni í kennsluháttum og heilbriggt félagslíf stuðlar m.a. að þessum markmiðum.<sup>4</sup>

<sup>3</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999. bls. 15

<sup>4</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999. bls. 15

Eru íslensk stjórnvöld að einhverju leyti að stýra því sem við kennum nemendum okkar með því námsefni sem gefið er út? Erum við að kenna efni sem stjórnvöld vilja að kennt sé hverju sinni? Þetta eru spurningar sem hægt er að velta vöngum yfir. Á að færa aukið vald í hendurnar á kennurum á nýjan leik eða eins og David Hamilton segir í bók sinni *Að fræðast um uppeldi og menntun*:

Skólastarf er sambærilegt við uppeldi og menntun. Það er einnig fólgið í aðgerðum sem fela í sér að velja og hafna og að hafa áhrif á ævibraut nemendanna. En skólastarf er ólíkt uppeldi og menntun að því leyti að kennurum og nemendum er þrengri stakkur skorinn hvað varðar ábyrgð og möguleika. Þess í stað liggur menningarlegt vald og ábyrgð í höndum utanaðkomandi aðila, einkum hjá kirkju og ríki. Að þessu leyti snýst skólastarf um að stjórna, jafnvel ráðskast með val kennara og nemenda. Og námskrár / námsefni eru þau tæki sem beitt er við þessa pólitísku stýringu og stjórnun.<sup>5</sup>

Nú er kennurum sett markmið sem þeim ber að stefna að. Aðstæður innan kennslustofunnar eru breytilegar og þarf kennarinn því að geta beygt og sveigt námsefnið að þörfum og áhugasviði nemenda. Kennarar ættu að hafa ákveðið svigrúm varðandi það kennsluefni sem þeir vilja nota og telja að muni nýtast best við að komast að settum markmiðum. Hamilton segir: „Þegar nóg er af bókum fyrir hendi opnast ótal leiðir á námsbrautinni. Þá fjölgar möguleikum hvers og eins og hugmyndin um eina námskrá og sama námsefni fyrir alla gengur ef til vill ekki upp.“<sup>6</sup>

## 2.2 John Dewey

Í huga Dewey er fullkomið samfélag þar sem allir meðlimir þess eru jafnir og hafa sömu tækifæri. Þannig samfélag þarf að veita menntun þar sem vakinn er áhugi nemenda á því hvað það er sem samfélag þarf að búa yfir og að einstaklingar þess verði það víðsýnir að þó að komi til breytinga í samfélaginu fari ekki allt úr skorðum.<sup>7</sup>

Dewey taldi okkur ekki fæðast með almenn gildi heldur öðlumst við þau. Þess vegna eigi skólinn ekki að standa fyrir því að mata nemendur með ákveðnum gildum og þekkingu. Frekar ætti að hvetja börn til samskipta og kynna sér almenn gildi og þekkingu. Dewey neitaði því þó ekki að hver menning hafi ákveðin gildi sem hún vilji viðhalda. Hver menning breiðir út sín gildi með því að veita ungvíði sínu reynslu sem gerir gildin raunveruleg og mikilvæg fyrir þeirra líf. Dæmi um þetta er að skólinn getur ekki undirbúið nemendur sína fyrir lýðræðissamfélag með endalausum

<sup>5</sup> Hamilton, David. 1993: 67

<sup>6</sup> Hamilton, David. 1993: 91

<sup>7</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 7.

upplýsingum sem nota ber seinna. Í staðin undirbýr hann nemendur fyrir lýðræðissamfélag með því að búa þeim lýðræðislega umgjörð sem hentar þeirra aldri.<sup>8</sup>

Í Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta segir:

Forsenda lýðræðis er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Hin siðfræðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllu skólastarfi. Umfjöllun um siðfræðileg gildi og forsendur þeirra á heima í öllum námsgreinum.<sup>9</sup>

Samkvæmt hugmyndum Dewey eru einstaklingar sem líkja eftir hegðun hvers annars líklegir til að mynda samfélag. Þetta samfélag er ekki endilega bundið við einhvern lágmarksfjölda heldur geta tveir einstaklingar sem hafa sömu gildi eða markmið í lífinu myndað með sér samfélag. En þetta á vissulega við um stærri einingar, t.d. myndar fólk sem aðhyllist sömu trú eða stjórnmalaflokk með sér samfélag í kringum þennan sameiginlega þátt.<sup>10</sup>

Innan skólastofunnar er mikilvægt að gagnkvæm virðing og samskipti eigi sér stað og að allir hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Starfið þarf að vera fjölbreytt og mæta þörfum hvers og eins því annars er hætt við því að sumir verði öðrum æðri. Því eru kennsluáðferðir þar sem kennarinn er í aðalhlutverki og með beina innlögn, til þess fallnar að letja marga nemendur. Það sama vill gerast í ríkjum þar sem einræðisherrar eða -stjórnir eru við völd. Íbúarnir fá sjaldan tækifæri til að tjá skoðanir sínar og fylgja þar af leiðandi straumnum.<sup>11</sup>

Dewey segir að frjáls og opin samskipti ýti undir þroska einstaklinga og því er eðlilegt að líta svo á að aukið lýðræði inni í skólastofu sem felur í sér aukin samskipti hafi jákvæð áhrif á námsframvindu nemenda og persónulegan þroska þeirra.<sup>12</sup>

## **2.3 Mikilvægi markmiða**

Samfélag þar sem stjórnendur hafa ekki skýra og sannfærandi stefnu til að komast að leiðarenda yrði seint talin áreiðanlegt og líklegt til velgengni. Í samfélögum þar sem menntunarstig er lágt eða einræðisherrar við völd, er lítið mál fyrir stjórnvöld að stýra því hvað íbúarnir læra og kunna.<sup>13</sup>

<sup>8</sup> Noddings, Nel. 2007: 36

<sup>9</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999: 17

<sup>10</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 3.

<sup>11</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 7.

<sup>12</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 7 og Munoz, Maria D. ; Marcos Munoz. 1998

<sup>13</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 8.

Þegar við setjum okkur markmið verðum við að spyrja okkur að því hvort við búum yfir því sem þarf til að ná þessum markmiðum. Til að geta spurt okkur þessara spurninga verðum við að þekkja okkar takmörk: hvar liggja mörk þess sem við erum fær um að vinna? Til að átta okkur á takmörkunum okkar verðum við að fá tækifæri til að reka okkur á, til þess þurfum við að læra og reyna okkur í því sem við höfum lært þannig við getum fetað okkur inn á þær brautir í lífinu sem henta okkur best. Það þarf hins vegar ekki að þýða að þó við náum ekki settum verði þeim ekki náð seinna meir þegar frekari menntunnar hefur verið aflað eða ákveðnum þroska náð. En allt er þetta bundið því að til staðar séu tækifæri til að nema og að samfélagið geri okkur það kleift.<sup>14</sup>

Skýr markmið auðvelda undirbúning kennslustunda. Með skýrum markmiðum skapast betra svigrúm til að meta gæði kennslunnar. Vel skipulagt nám með skýra stefnu er mikilvægt til þess að nemendur átti sig á tilgangi námsins. Nemendur eru eins misjafnir og þeir eru margir og því þurfa markmið að mæta þörfum hvers og eins nemenda. Það er hlutverk kennara að þekkja nemendahóp sinn þannig hann sjái hvaða kennsluáðferðir eða námsefni hentar nemendum hans þannig að sem bestur árangur náist. Hann þarf að vera búinn að kynna sér hvernig nemendur hans standa námslega og gera áætlanir sem miða að því að ná settum markmiðum. Kennarinn má samt sem áður ekki blindast af áætlununum einum saman og fyrir vikið vera ófær um að mæta óvæntum atvikum, þau geta svo sannarlega komið upp á og þá reynir á sjálfsbjargarviðleitni kennarans. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að hafa skýr markmið þegar kynna á komandi skólastarf fyrir skólayfirvöldum eða foreldrum.<sup>15</sup>

Hvort heldur sem nemendur eða fullorðnir eiga í hlut, verðum við færari í að setja okkur markmið eftir því sem við lærum meira, okkur opnast fleiri leiðir til að ná settum markmiðum. Því er mikilvægt að gefa nemendum tækifæri til að leita sér þekkingar, leiðbeina þeim við það og útvega þeim þau tæki sem til þarf. Það sama á við í hinu opna samfélagi sem við lifum í, en þar þykir sjálfsagt að hafa og fá tækifæri til frelsis og athafna. Að við blasi leiðir sem geri okkur að betri og að virkari þjóðfélagsþegnum eða líkt og aðalnámskrá grunnskólanna tæpir á:

Markmiðum námskrár í sögu verður best náð með virkum og skapandi kennsluáðferðum og sum markmiðanna gera ráð fyrir sjálfstæðri könnun nemenda undir handleiðslu kennara. Í þrepamarkmiðum eru gefnar vísbendingar um efnisþætti og nálgun. Úr þeim má velja og þeim má raða á mismunandi vegu enda eru þeir yfirleitt fleiri en komist verður yfir með góðu móti. Öðrum jafngildum má bæta við ef

<sup>14</sup> Dewey, John. 1916. Kafli 8.

<sup>15</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999: 14-15

ástæða þykir til. Á nokkrum stöðum eru sett fram markmið undir fyrirsögnunum þversnið og langsnið. Með þversniði er átt við nána könnun á afmörkuðum efnisþætti, oftast á stuttu tímasteiði. Langsnið merkir hins vegar að efnisþætti er fylgt eftir um lengra tímabil. Stundum er raunar erfitt að greina þarna á milli. Hvortveggi hentar þetta til verkefnavinnu þar sem margvíslegar leiðir upplýsingatækni koma að góðum notum. Fleiri markmið mætti auðkenna með þessum hætti.<sup>16</sup>

Mikilvægt er að markmið nái til allra sviða sem kennarar leggja áherslu á í kennslu sinni, þ.e. atriða eins og þekkingar og skilnings, rökhugsunar, sköpunarhæfileika, innsæis, flókinnar færni og viðhorfa. Þetta byggir á því að mannlegir eiginleikar séu svo flóknir að skólar verði að leggja áherslu á að skólastarfið reyni á sem flesta eiginleika nemenda sinna. Þetta er til þess gert að minna kennara á að hafa markmiðin í huga í öllu sínu starfi.<sup>17</sup>

Flokkun markmiða byggir á ákveðnum skilningi á eðli mannglegrar þekkingar og hæfileika hafa menn ekki verið á eitt sáttir um ýmislegt við þær. Til dæmis eru ekki allir sammála því að ákveðin þekking eða leikni sé æðri en önnur. Hvað sem hægt er að segja um það eru marklýsingar Bloom og samstarfsmanna hans mikið notaðar í dag.<sup>18</sup>

Stöðugt þarf að huga að því að kennsla reyni á sem flesta hæfileika nemandans. Rannsóknir hafa bent til þess að helst er lögð áhersla á minnisþjálfun í skólum landsins. Flestir sem eitthvað fjalla um þessi mál virðast hins vegar þeirrar skoðunar að reyna eigi á sem flesta hæfileika nemenda. Ein þeirra hugmynda um eðli mannglegra hæfileika sem mesta athygli hefur vakið eru kenningar bandaríska sálfræðingsins Howard Gardner.<sup>19</sup>

## **2.4 Howard Gardner**

„Í fjölgreindarkenningunni er lögð áhersla á að fólk sýni hæfileika sína á fjölbreytilegan hátt innan sömu greindar og einnig í mismunandi greindum...“<sup>20</sup>

Gardner taldi enga tvo einstaklinga beita greindum sínum á sama hátt. Hann taldi hvern einstakling búa yfir öllum greindum kenningar sinnar en þeir hefðu mis mikla færni til að beita þeim. Sumir hafa þróað með sér mikla færni í að beita þeim saman og eru það einstaklingar sem ná hvað lengst í lífinu. Gardner taldi okkur öll hafa færni

<sup>16</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar*. 1999: 29

<sup>17</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999: 18-20

<sup>18</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999: 26-27

<sup>19</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999: 27

<sup>20</sup> Armstrong, Thomas. 2001: 20-21

til að þróa greindir okkar á ákveðið getustig en til þess þyrfti að veita okkur örvun og leiðsögn. Gardner segir greindirnar vinna saman og því sé engin ein greind til ein og sér, nema einna helst hjá ofvitum og heilasködduðum. Ekki er hægt að benda á þá þætti sem að einstaklingur þarf að búa yfir til að teljast greindur á ákveðnu sviði.<sup>21</sup>

Ætlast er til þess að nemendur læri að koma fram við alla eins og þeir vilja að komið sé fram við þá. Það getur reynst nemendum erfitt að setja sig í spor einhvers sem upplifað hefur liðna atburði. Því skal námsefni vera þannig úr garði gert að það auðveldi nemendum að gera sér liðna atburði í hugarlund. Verkefni sem fylgir efninu skal taka á sem flestum hlutum, þ.e. vera sem fjölbreyttast þannig að allir nemendur geti fundið viðfangsefni við sitt hæfi. Innan kennslustofunnar verður kennari að skipuleggja kennsluna með mismunandi þarfir nemenda í huga.

Allir nemendur búa yfir samskiptagreind, í mis miklu mæli þó, og er það verksvið kennarans að búa þannig um hnútana að allir fái að njóta sín sem best. Sú aðferð sem gefist hefur best hjá þeim nemendum, sem sterkir eru félagslega, er samvinnunám. Hættan er reyndar sú að þeir sem sterkir eru yfirgnæfi þá hlédrægari. Fleiri en eina aðferð má nota í samvinnunámi.

Kennsluhættirnir koma inn á samskiptagreind Gardners. Kenning hans gengur út á að nemendur hafi:

Hæfileiki til að skilja og greina skap, fyrirætlanir, innri hvöt og tilfinningar annarrar manneskju. Í þessu getur falist næmi fyrir svipbrigðum, rödd og látbragði, hæfni til að greina margvísilegar vísbendingar í samskiptum og hæfileiki til að bregðast rétt við þeim ( til að hafa þau áhrif á fólk að það hagi sér á ákveðinn hátt ).<sup>22</sup>

Þessum atriðum má ná fram með réttum kennsluáðferðum og er samvinnunám ein þeirra.

### 2.4.1 Samvinnunám

Nemendum er skipt í hópa og getur fjöldi nemenda verið breytilegur. Kennari verður að vanda til hópaskiptingar, t.d. skipta í hópana eftir því hverjir vinna best saman, hverjir geta ekki unnið saman og hvort eigi að kynskipta í hópa.

Algengustu aðferðirnar í samvinnunámi eru hóprannsókn og púslaðferð. Í hóprannsókn er nemendunum fengin markmið, sem þeir vinna að og skila af sér í sameiningu. Með púslaðferðinni er nemendum skipað í hópa, þar sem þeir fá ákveðin

<sup>21</sup> Armstrong, Thomas. 2001: 20-21

<sup>22</sup> Armstrong, Thomas. 2001: 14

hlutverk sem þeir leysa svo í sérfræðihópunum, þ.e. í hópi nemenda með sama hlutverk. Þegar „sérfræðingarnir“ hafa lokið sinni vinnu koma þeir aftur í sinn heimahóp og kynna fyrir honum sínar niðurstöður. Með þessu fá allir nemendur jafnt hlutverk, enginn kemst hjá því að vera virkur þátttakandi og minni líkur eru á að einhver geti tekið sér hlutverk verkstjóra. Enginn einn getur sett öðrum fyrir eða talað máli hópsins. Ef þessari kennsluaðferð er fylgt má eflaust ná þeim viðmiðum sem Aðalnámskrá setur:

Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum.<sup>23</sup>

Eins og fyrr segir stuðlar samvinnunám að því að hver og einn einstaklingur fái að njóta sín og vinni að sömu markmiðum og aðrir í bekknum, en finnist hann ekki utangátta eða á eftir. Einstaklingurinn er því metinn eftir því hvernig hópurinn skilar sínu verkefni frá sér, en hópurinn væri ófær um að skila fullkláruðu verki nema hver og einn skilaði sínu starfi í sérfræðihópnum.

Hlutverk kennarans innan samvinnunáms er frábrugðið hefðbundinni kennslu. Kennari setur nemendum fyrir í upphafi tíma og dregur sig svo í hlé en grípur inn í eftir þörfum. Annað sem að einkennir þetta kennslufyrirkomulag er að nemendur geta sjálfir metið vinnu sína, rætt sín á milli hvað betur mætti fara, hvað gekk vel og hvað var óþarft. Kennari fylgist með vinnu hópsins, bæði gæðum vinnunnar og ekki síður framlagi hvers og eins og er því að meta félagslega færni um leið. Það sem gerir þetta frábrugðið öðru námsmati, þar sem reynt er að ná fyrirfram ákveðnum markmiðum, er að nemendur geta sýnt fram á færni sem að annars væri ekki verið að leita eftir og verið metinn að verðleikum fyrir það.

Samvinnunám hentar hvort heldur sem verið er að vinna að stærri verkefnum eða minni. Í stærri verkefnum er yfirleitt tekið eitthvað ákveðið þema fyrir og vinnan stendur yfir í nokkrar vikur. Þemanám er aðferð sem má beita til að nálgast ýmis félagsleg markmið þar sem nemendur eru að vinna með hópi fólks og því reynir á þætti eins samvinnu, samskipti, tillitssemi og málamiðlun. Þemanám krefst fjölbreyttra kennsluaðferða, gefur nemendum tækifæri til að taka virkan þátt í undirbúningi og mótun viðfangsefna. Þemanám gefur nemendum tækifæri til að kynna sér viðfangsefnin frá fleiri en einu sjónarhorni og möguleika á fjölbreyttum

---

<sup>23</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999: 17

vinnubrögðum þar sem reynir á misjafna getu nemanda við gagnasöfnun og úrvinnslu.<sup>24</sup> Í Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar segir:

Í fjölraðissamfélagi okkar tíma þykir mönnum einnig sem þræðirnir séu margir en ekki einn. Merkingar, samhengi og tengsl eru þó mikilvæg og eru þræðir víða dregnir saman á ýmsum stigum námsins. Jafnframt er hvatt til þess að nemendur og kennarar leiti merkingar og samhengis með eigin athugun. Í þeirri leit þarf að skoða heimildir og röksemdir með gagnrýnum huga en jafnframt að beita skapandi og frjórri hugsun og tilfinningu.<sup>25</sup>

Það þarf enginn að velkjast í vafa um mikilvægi þess að eiga góð samskipti við annað fólk. Hvert sem litið er, eru góð samskipti forsenda þess að okkur farnist vel í leik og starfi. Fólk er misjafnt að upplagi og sumum gengur betur að eiga samskipti við aðra. Þegar við eigum í samskiptum sendum við frá okkur ákveðin skilaboð, meðvituð og ómeðvituð og fáum önnur til baka. Því er mikilvægt að öðlast færni í að lesa úr þessum skilaboðum til þess að maður rasi ekki um ráð fram. Það getur verið auðvelt fyrir þann sem býr yfir góðri færni í mannlegum samskiptum að nýta sér hana sér til framdráttar en góð samskipti felast í öðrum þáttum. Þau byggjast á samkennd, þar sem allir ganga sáttir frá borði, hafa ekkert að fela og hafa vilja til að hittast aftur.<sup>26</sup> Erla Kristjánsdóttir kemst svo að orði um samkennd:

Samkennd er hæfni einstaklingsins til að setja sig í fótspor annarra, sýna hluttekningu og stuðning. Viðkomandi á auðvelt með að hlusta og sýna lifandi áhuga á því að skilja það sem sagt er. Samkennd birtist í umburðalyndi gagnvart ólíkum sjónarmiðum og einstaklingum. Sá sem býr yfir góðri samkennd nýtur þess að mynda tengsl og skilja aðrar persónur. Hann veit að slíkur eiginleiki er dýrmætur, skilar honum sjálfum virðingu og vináttu. Samkennd lýsir sér í áhuga á að hjálpa öðrum og að bæta heiminn án þess að gera eigingjarnar kröfur á móti. Hún er skilyrðislaus hjálpsami samfara djúpri virðingu. Samkennd er mikilvægur eiginleiki góðra leiðtoga þar sem hún einkennist af óeigingirni.<sup>27</sup>

Við sem einstaklingar höfum mismunandi skoðanir á hlutum og því vilja oft blossa upp deilur manna á milli. Við lausn slíkra deilna er mikilvægt að vera sveigjanlegur og þolinmóður þannig að skoðanir deiluaðila fái að koma fram. Þeir einstaklingar sem búa yfir þroskaðri samkennd eru færir um að taka við gagnrýni annarra og jafnvel notfæra sér hana. Einnig eru þeir færir um að koma gagnrýni og ábendingum á framfæri án þess að það hljóti neikvæð viðbrögð. Þeir eru manna bestir í að hvetja menn áfram og við lausn deilna. Þeir eru fyrirmyndar leiðtogar.<sup>28</sup>

<sup>24</sup> Lilja M. Jónsdóttir. 1996: 10

<sup>25</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar*. 1999: 27-28

<sup>26</sup> Erla Kristjánsdóttir. 2004: 93

<sup>27</sup> Erla Kristjánsdóttir. 2004: 94

<sup>28</sup> Erla Kristjánsdóttir. 2004: 95

## 2.5 Fjölmennningarleg kennsla

Hugtakið fjölmennningarleg kennsla nær yfir þær uppeldisstefnur og -áherslur sem sýna fram á einhverja lausn á þeim vandamálum sem kunna að skapast í samfélögum þar sem hópar fólks af mismunandi uppruna og með mismunandi menningarlegan bakgrunn búa. Ein helsta orsök átakanna á Balkanskaga 1991-1995 var viðhorf mismunandi þjóðarbrotá til hvers annars sem leiddi til vandamála sem voru orðin svo flókin og mikil að erfitt var að finna lausn á þeim. Tilvalið er að nota þessi átök til að gera nemendum ljóst hvað getur gerst í samfélögum sem samanstanda af einstaklingum mismunandi trúar og þjóðarbrotá. Það er því vel við hæfi að nota fjölmennningarlega kennslu á sögu Balkanskaga og því sem gerðist þar á tíunda. áratug síðustu aldar.

Allt frá sjöunda áratugnum hafa verið til fjölmennningarlegar kennsluáðferðir í Evrópu. Þessar kennsluáðferðir gengu út á það að auðvelda aðlögun aðfluttra barna í evrópsku menntakerfi. Fjölmennningarleg kennsla í dag er ólík þessum eldri áðferðum að því leyti að nú er lögð áhersla á að kenna öllum, aðfluttum og innfæddum börnum að búa í breyttu þjóðfélagi og að allir geti lært hver af öðrum. Samkvæmt þessari nýju uppeldisstefnu er ekki nóg að innflytjendur aðlagist heldur verða innfæddir að læra á nýjar aðstæður í þjóðfélaginu. Nemendur koma til með að lifa í fjölmennningarlegu samfélagi, þar sem Internetið og aðrir miðlar ásamt miklum fólksflutningum kalla á aukna víðsýni og samskiptahæfni og er það nemendum nauðsynlegt að tileinka sér þá hæfni til að þrífast í þessu samfélagi. Skólarnir koma inn í þetta enda er þeirra hlutverk er að undirbúa nemendur. Fjölmennningarleg kennsla sem gerir er ráð fyrir fjölbreytileika innan bekkja er mikilvægur þáttur í þessu.<sup>29</sup>

Fjölmennningarleg kennsla er ekki afmarkað fag eða kennslugrein. Hana má finna innan allra námsgreina. Þessi kennsla er ekki bundin við skóla eða bekki þar sem nemendahópurinn er þegar orðinn blandaður eftir uppruna. Nemendur munu einhvern tímann á lífsleiðinni eiga samskipti við einstaklinga af öðrum uppruna en þeir sjálfir. Því þurfa nemendur í einsleitum hóp að fá fræðslu um þessi mál ekki síður en aðrir. Allir bekkir eru á einhvern hátt fjölmennningarlegir þó að þeir séu það ekki í þjóðernislegum skilningi. Fjölbreytileikinn kemur fram í mismunandi fjölskyldumynstri, ólíku uppeldi, efnahag, búsetuskilyrðum og fleiru.<sup>30</sup>

<sup>29</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 23

<sup>30</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 11-12

Kennari kemur til með að lenda í samkeppni við vini og fjölskyldur auk fjölmiðla, kvikmynda, bóka, sjónvarpsþátta og fleiri miðla varðandi það að hafa áhrif á viðhorf nemenda til hluta eins og fordóma, menningar, fjölmeningarsamfélags og rasisma. Þessi viðhorf eru alltaf í mótun og sérstaklega hjá ungu fólki. Það er því mikilvægt að kennarinn sé vakandi fyrir þessum þáttum og hjálpi nemendum sínum við að mynda jákvæð viðhorf. Fjölmeningarleg kennsla ein og sér er ekki nóg til að eyða fordómum með öllu. Hún getur hins vegar gefið nemendum tækifæri á að auka víðsýni sína, æfa samskipti og samvinnu og læra að takast á við fjölbreytileikann í umhverfi sínu. Til þess að þetta gangi verða kennarar að setja raunhæf markmið.<sup>31</sup>

### 2.5.1 Fjölbreytileiki í kennslu

Fjölmeningarleg kennsla kallar á notkun fjölbreyttra kennsluaðferða enda henta hefðbundnar aðferðir, þar sem kennarinn talar og nemendur hlusta, ekki öllum nemendum. Oft er verið að vinna með mismunandi hugmyndir og viðhorf í stað beinhardra staðreynda og því hentar aðferð eins og samvinnunám vel. Samvinnunám virkar þannig að nemendum er skipt upp í hópa sem leysa ákveðin verkefni. Ef kennari nýtir sér fjölbreytileika nemendahópsins, notar þessa aðferð reglulega yfir skólaárið, geta nemendur þroskað félagsfærni sína og meiri líkur eru á því að nemendur kynnist betur einstaklingum af ólíkum uppruna, skoðunum þeirra og sjónarmiðum. Fjölbreytileikinn þarf þó ekki endilega að felast í því að nemendur séu ólíkir, heldur getur það einmitt verið vegna þess að þeir eiga eitthvað sameiginlegt. Ef samvinnunám er vel skipulagt læra nemendur að vinna saman bæði sem einstaklingar og hluti af hópi. Ef nemendur gera sér grein fyrir kostum þess að vinna saman er líklegra að þeir noti samvinnu í daglegu lífi utan skólastofunnar. Til þess að það gerist verða þeir að fá tækifæri til að æfa samvinnuna og fá að reyna það sjálfir hvað þetta hefur marga kosti. Það eru alltaf einstaklingar innan hópsins sem eiga erfitt með að einhverjir hafi aðrar skoðanir en þeir sjálfir. Þessir einstaklingar eru líklegir til að gera lítið úr öðrum og vera með persónulegar árásir, jafnvel líkamlegt áreitni. Þeir þurfa sérstaklega mikið á því að halda að vinna í samvinnu og æfa sig í lausn ágreinings. Ef þeir fá ekki tækifæri til þess er líklegt að þeir haldi þessu áfram og muni eiga við

---

<sup>31</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 13-14

sömu vandamál að stríða sem fullorðnir einstaklingar.<sup>32</sup> Í Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti segir:

Kennsluáðferðirnar og vinnubrögðin í skólanum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmiðum, sem lúta að eflingu félagsþroska, verður t.d. því aðeins náð að nemendur fái tækifæri til samvinnu. Markmiðum, sem lúta að því að hjálfa nemendum í lýðræðislegum vinnubrögðum, verður best náð með því að skipuleggja nám og kennslu og önnur samskipti út frá þeim.<sup>33</sup>

Ekki er hægt að setja samasemmerki milli samvinnunáms og hópvinna. Hópvinnna er það þegar kennari biður nemendur um að vinna saman án þess að gefa þeim nánari leiðbeiningar um það hverjir vinna saman og hvernig þeir gera það. Samvinnunám felur í sér hópvinna en þar er hæfni og geta allra nemenda nýtt á markvissari hátt auk þess sem meira er lagt upp úr að æfa samskipta- og samvinnuhæfni nemenda. Allir nemendur eru ábyrgir fyrir árangri hópsins. Enginn einn telst hafa klárað verkefni nema allir hafi klárað það. Ef það gerðist væri í raun bara um hópvinna að ræða. Hópvinnna sem slík getur verið ágæt en skilar sjaldan sama árangri og samvinnunám. Óskipulögð hópvinna getur jafnvel leitt til útilokunar ákveðinna einstaklinga, í stað þess að hjálpa þessum nemendum að verða hluti af hópnum eins og meiningin með hópvinna á að vera. Samvinnunám getur verið af ýmsum toga og misjafnt er hversu flókin verkefni eru og fyrirmælin geta verið mjög einföld eða mjög flókin allt eftir því hvað þykir henta hverju sinni. Samvinnunám með margþættum fyrirmælum þykir sérstaklega hentugt fyrir fjölmenningslega kennslu því þar er gert ráð fyrir litlum hópum, aðferðum til að tryggja öllum nemendum jafna möguleika til náms. Skipulag kennslustofunnar á að gera kennara kleift að leggja fyrir nemendur verkefni sem gerir þá ábyrgari sem einstaklinga og hóp. Svona verkefni sem byggð eru upp á mörgum mismunandi atriðum þykja henta sérstaklega vel í bekkjum þar sem nemendur eru af mismunandi uppruna og fjölbreytileikinn er mikill.<sup>34</sup>

Eitt af vandamálum hópvinna er þegar einn nemandi tekur völdin og vinnur verkefni á meðan aðrir í hópnum eru óvirkir. Þetta er kallað stöðuvandamál. Þetta gerist vegna þess að sumir nemendur gera ráð fyrir því að þeir séu hæfari en aðrir í hópnum. Aðrir sem í hópnum eru líta þannig á þetta líka og því kemur þessi staða upp. Hægt er að sjá hvaða nemendur hafa lága stöðu innan hópsins meðan hópurinn er að störfum með því að fylgjast með því hvort eftirfarandi atriði eru sjáanleg:

<sup>32</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 18-19

<sup>33</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. 1999: 31

<sup>34</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 20-21

- Nemandi fær ekki aðgang að verkefninu.
- Honum er beinlínis líkamlega haldið frá (aðrir nemendur grúfa sig yfir verkefnið).
- Hann talar minna en aðrir hópmeðlimir.
- Þegar hann talar, heyra hinir nemendurnir ekki í honum eða virða álit hans ekki viðlits.
- Börn innflytjenda eða börn með íslensku sem annað mál eru oft í hópi þessara „lágstöðu“-nemenda og eru hugsanlega einangraðir frá öðrum félagslegum hópum vegna uppruna síns eða tungumáls.<sup>35</sup>

Hægt er að mistúlka þessa nemendur og halda að þeir séu bara óvirkir, áhugalausir eða eigi jafnvel við hegðunarvandamál að stríða. Þessir nemendur vilja taka þátt en er hins vegar meinaður aðgangur. Nemendur kjósa yfirleitt ekki að halda sig til hlés heldur útiloka aðrir nemendur þá. Þess vegna er mikilvægt að kennari fylgjast vel með og reyni að koma í veg fyrir að þetta gerist.<sup>36</sup>

Eins og áður hefur verið nefnt er fjölmennigarleg kennsla ekki ákveðin námsgrein heldur á hún að vera einskonar rauður þráður í gegnum allt nám og nýta á kennsluáðferðir þar sem nemandinn lærir samskipti og samvinnu samhliða námsgreininni sem verið er að kenna. Mikilvægt er þó að taka ákveðin efni fyrir sérstaklega eins og fordóma, staðalmyndir, menningu, ýmis viðmið og gildi. Ef nemendur hafa frá leikskólaaldri unnið reglulega í samvinnu og lært þannig að meta verðleika hvers annars, þá ættu þeir að hafa áttað sig á fátíðleika fordóma og staðalmynda. Fordómar og staðalmyndir eru oft ómeðvitaðar. Við lærum að ákveðnir fordómar séu neikvæðir, þess vegna neitum við að viðurkenna fyrir sjálfum okkur að við séum haldin þessum fordómum. Fólk viðurkennir til dæmis sjaldan að það hafi fordóma gagnvart erlendu fólki en svo tala menn í næstu setningu um að „þetta fólk“ sé svona og hinsegin. Til þess að koma í veg fyrir þá hegðun sem fordómar leiða af sér er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þeim. Þetta á líka við um staðalmyndirnar sem fordómarnir byggja á. Gera verður nemendur meðvitaða um staðalmyndir til að þeir verði færari um að forðast að dæma á forsendum þeirra. Það sem gerðist á Balkanskaga gerðist að hluta til vegna þess að þar voru saman komnir

<sup>35</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 32

<sup>36</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 32-33

margir mismunandi menningarhópar og fordómar þeirra gagnvart hverjum öðrum voru það miklir að þeir umbreyttust í mikið hatur.<sup>37</sup>

## **2.6 Kennsluaðferðir**

Í fjölbreyttum nemendahóp er mikilvægt að kennari geri sér grein fyrir þörfum hvers og eins nemenda. Kennari skal miða kennslu við að ná sem mestu fram hjá hverjum og einum, hafa kennsluna fjölbreytta þannig hún reyni á sem flest svið þekkingar nemenda. Kennari skal draga sig sem mest hann getur til hlés og leyfa nemendum að tjá sig, gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Við þessar aðstæður þarf kennari að beita kennsluaðferðum sem bjóða upp á flæði innan stofunnar og samvinnu nemenda.

### **2.6.1 Umræðu- og spurnaraðferðir**

Markmið kennara með því að taka fyrir eitthvað námsefni í kennslustund sem byggt er upp á umræðum eða með spurningum, er að fá nemendur til að sjá hlutina fyrir sér í víðara samhengi. Kennarinn reynir að spyrja þannig að nemendur þurfi að brjóta málið til mergjar og koma með sitt eigið innlegg í umræðuna í bland við staðreyndir. Nemendur verða að geta áttað sig á því að það eru oftast fleiri en ein hlið á hverju máli, þ.e. það geta verið skiptar skoðanir um viðkomandi málefni og verða nemendur því að vera viðbúnir því að geta tekið á viðfangsefninu á málefnalegan hátt, læra að taka tillit til annarra. Að sama skapi verða þeir að vera tilbúnir til að taka við og hlusta eftir skoðunum annarra og læra að virða þær.

Þegar umræðu- og spurnaraðferðum er beitt er mikilvægt að uppröðunin í skólastofunni sé þannig að nemendur sjái hver til annars; því ber að raða borðum í hring, ferhyrning eða U, eftir því sem að við á. Ef að kennari kys að nota þessa aðferð í allnokkru mæli, getur reynst gott að leyfa fleirum að stýra umræðunum, þó að kennarinn þurfi kannski að hefja kennslustundina og koma reglu á hópinn, en leyfa þá einhverjum af nemendunum að taka við. Þetta þjálfar nemendur í því að koma fram fyrir hóp og stýra umræðum og læra hvernig best sé að spyrja til að skapa sem bestar umræður. Spyrja verður þannig spurninga að möguleg svör verði fleiri en já, nei eða einhverjar staðreyndir.<sup>38</sup>

---

<sup>37</sup> Guðrún Pétursdóttir. 2003: 38-41

<sup>38</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 92

**6.6.1.1 Samræðuaðferð (stýrð umræða):** Er algengust þeirra aðferða sem beitt er í kennslustofum grunnskólanna.

#### **Upphaf:**

Reynt er að vekja áhuga nemenda á viðfangsefninu og er það oft gert með kveikju til að koma umræðunum á stað. Gott getur verið að leita í reynsluheim nemendanna, tengja þetta við eitthvað sem þau þekkja og gera þeim ljóst hvernig viðfangsefnið tengist því sem að verið er að glíma við í náminu.<sup>39</sup>

#### **Reglur og útskýringar:**

Áður en að umræður hefjast getur verið gott fyrir kennarann að setja nemendum reglur sem að þeir eiga að fylgja við umræðurnar, t.d. að hlusta á skoðanir annarra, ekki grípa inn í, að nemendur séu stutturðir og gagnorðir. Stundum getur verið gott að staldra við og fara yfir það sem að fram hefur komið og sjá hversu vel nemendur hafa skilið efnið og fara þá betur í þá hluti sem að viðkomandi vantar skilning á.<sup>40</sup>

#### **Könnun málsins:**

Þetta er aðalkafla umræðunnar. Kennari sér til þess að spurningar séu af því meiði að vekja nemendur til umhugsunar um efnið, velta málum fyrir sér og skiptast á skoðunum. Mikilvægt er að fá nemendur til að útskýra mál sitt, nefna dæmi máli sínu til stuðnings eða benda á heimildir. Á þessu stigi umræðunnar er keppikefli fyrir kennarann að virkja sem flesta nemendur og verður kennarinn því að leita eftir aðferðum til að virkja nemendur, fá þá til að taka þátt. Mikilvægur þáttur í þessu efni er að vera þolinmóður og ekki óttast smá þagnir inn á milli þar sem nemendur reyna að velta málefninu fyrir sér á sem markvissastan hátt.<sup>41</sup>

#### **Niðurlag:**

Í lok umræðunnar er leitast við að taka niðurstöðurnar saman og reyna jafnframt að tengja umræðurnar efni sem tekið verður fyrir í framhaldinu. Að sama skapi er mikilvægt að nemendur skilji sem best á hvaða hátt umræðurnar tengjast náminu. Oft

---

<sup>39</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 92-93

<sup>40</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 93

<sup>41</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 93

tekur kennari niðurstöður umræðunnar saman, en einnig getur verið gott að beina því til nemenda.

Samræðuaðferðin getur reynst vel við upphaf kennslu á ákveðnu viðfangsefni, til að leita eftir forþekkingu nemenda á efninu. Að sama skapi getur verið gott að nota aðferðina til að taka saman með nemendum hvað hafi verið fjallað um.<sup>42</sup>

### 2.6.1.2 Spurnaraðferðir

Spurnaraðferðir byggjast á nokkrum markvissum spurningum, sem oft eru kallaðar lykilspurningar, sem varpað er fram í ákveðinni röð til að fá nemendur til að hugsa um ákveðin fyrirbæri í ákveðinni röð. Það eru til mörg afbrigði af spurnaraðferðum, með mismunandi markmiðum.

Það er margt líkt með spurnaraðferðum og samræðuaðferðinni, helsti munurinn er sá að ákveðnar er gengið til verks í spurnaraðferðunum. Í upphafi er yfirleitt spurt opinna spurninga og svörum og hugmyndum safnað saman, nemendur beðnir um að kasta fram öllu því sem að þeim dettur í hug sem tengist efninu. Síðan spyr kennarinn spurningar sem krefur nemendur um að hugsa um þau atrið sem eru komin fram og flokka þau og bera saman. Síðustu spurningunum er svo ætlað að draga niðurstöðurnar saman. Gott dæmi um spurnaraðferð er þankahrið (*brain storming*).<sup>43</sup>

Meginmarkmiðið með þankahrið er að fá fram sem flestar og ólíkastar hugmyndir um umræðuefnið. Til þess þar kennarinn að skapa þægilegt, afslappað og óþvingað andrúmsloft þar sem nemendur eru óhræddir við að segja það sem að þeim dettur í hug. Því skiptir einnig máli að kennarinn gæti algers hlutleysis og passi upp á tilsvör, svipbrigði og látbragð þannig að nemendur geti komið sínum hugmyndum á framafæri. Að sama skapi er mikilvægt að aðrir nemendur virði allar hugmyndir sem komi fram. Við beitingu þankahriðar er mikilvægt að setja ákveðnar reglur í upphafi þannig sem best flæði náist eða eins og einn helsti sérfræðingur á þessu sviði, Edward deBono, leggur til:

1. Engin gagnrýni er leyfð.
2. Hverjum og einum leyfist að segja það sem honum býr í brjósti.
3. Ekki þarf að skýra hugmyndir í löngu máli. Örfá orð geta nægt.

<sup>42</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 93-94

<sup>43</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 94-95

4. Mikilvægt er að gefa ritara nægan tíma til að skrá þær hugmyndir sem fram koma.
5. Þátttakendur þurfa að fylgjast vel með leiðbeinandanum.<sup>44</sup>

### 2.6.1.3 Umræðuhópar

Þegar ákveðin viðfangsefni eru rædd innan einnar bekkjadeildar kemur skammur tími í hlut hvers og eins nemanda. Þetta gerir það að verkum að oft koma ekki mörg sjónarmið fram. Því getur verið gott að skipta nemendum uppí minni einingar, umræðuhópa, sem fjalla eiga um eitthvað eitt ákveðið viðfangsefni. Þetta þarf alls ekki að taka mjög langan tíma, oft getur verið nóg að ræða málin í 5-15 mínútur til að koma sjónarmiðum á framfæri. Þegar kemur að því að segja frá niðurstöðum hópanna getur reynst nóg að einn segi frá og hinir bæti inni ef að þeim finnst eitthvað vanta.<sup>45</sup>

### 2.6.1.4 Námsmat

Eins mikilvægt og það er að beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu er jafn mikilvægt að beita mismunandi aðferðum við námsmat. Námsmat á að nota til að greina hvort að einstaklingur hefur náð þeim markmiðum sem að voru sett í upphafi áfangans og einnig til að nota sem mælitæki á hvernig nemandanum vegnar innan skólans. Námsmat í seinni tíð hefur einnig verið notað fyrir yfirvöld menntamála til að meta árangur hvers og eins skóla. Þau nota svo þetta námsmat til ákvarðanatöku um fjármagn, aðhald, stefnu og stjórnun.

Hefðbundin einkunnargjöf í lok áfanga gefur frekar einhæfa mynd af þekkingu og færni nemanda. Samt sem áður hafa þessar einkunnir yfirleitt verið látnar gilda og tekið mark á þeim við samskipti heimili og skóla um árangur nemenda. Þessar aðferðir við námsmat geta vel verið nothæfar ef þeim er beitt á gagnrýninn hátt ásamt öðrum leiðum. Breytt viðhorf til skólanna síðustu árin hefur kallað á breytingar þar sem farið er að líta til fleiri þátta í skólastarfi en ekki eingöngu niðurstöður prófa. Ingvar Sigurgeirsson kallar þessa nýju nálgun stöðugt alhliða námsmat; það byggir á:

- ◆ Eðlilegu og góðu skólastarfi
- ◆ Að nemendur fáist við krefjandi og raunveruleg verkefni
- ◆ Að nemendur beiti skilningi, innsæi, hugmyndaflugi og leikni
- ◆ Að nemendur séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um nám sitt

<sup>44</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1998: 31-32

<sup>45</sup> Ingvar Sigurgeirsson. 1999a: 95

- ◆ Að nemendur stundi sjálfsmat
- ◆ Að fram fari jafningjamat<sup>46</sup>

## 2.7 Tenging við fræðin

Í samfélagi eins og Íslandi sem tekur örum breytingum þarf reglulega að endurskoða skólakerfið og markmið innan þess þar sem það er hlutverk skólanna að undirbúa nemendur fyrir lífið úti í samfélaginu. Þar sem blöndun þjóðabrota verður stöðugt meiri er nauðsynlegt að skólarnir búi sig undir fjölmenningarlega kennslu meðal annars með því að útbúa kennslufni sem hentar. Ef fjölmenningarleg kennsla á að skila sem bestum árangri er mikilvægt að allir kennarar séu vakandi fyrir þessu og hagi sinni kennslu eftir því.

Sögukennsla býður upp á góða möguleika fyrir fjölmenningarlega kennslu. Kennslufni um fall sambandrikisins Júgóslavíu er tilvalið með þetta fyrir augum. Íbúar fyrrum Júgóslavíu tilheyra mismunandi þjóðarbrotum sem reynt var að halda saman sem einni þjóð en þjóðernishyggi hvernar þjóðar varð yfirsterkari og því braust út borgarastríð. Í Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar, segir:

Í sögunámi er leitast við að túlka fortíð, skilja nútíð og mæta og móta framtíð. Þetta hefur verið kallað söguvitund. [„Söguvitund merkir tilfinningu fyrir liðnum tíma, nútíð og framtíð og vitund um að fyrirbæri mannlífsins eru breytingum undirorpin.“<sup>47</sup>] Nemandinn mætir fyrri tíðar fólki sem einnig reyndi að móta tilveruna eftir forsendum síns tíma. Í náminu verður leitað að gerendum sögunnar og jafnframt kappkostað að kanna þær skorður sem hugarfar, lífsbjargarhættir og þjóðskipulag setti þeim og þeir tókust á við.<sup>48</sup>

Fjölmenningalegri kennslu er ætlað að skapa hjá nemendum víðsýni gagnvart náunganum og mismunandi gildum fólks. Saga sem viðfangsefni tekur á málefnum liðinna tíma og fjallar um breytingar sem verða í lífi fólks, þar sem ný gildi, menningarsjónarmið og trú eru stórir þættir. Með fjölmenningalegri kennslu í sögu er grundvöllur fyrir því að skapa aðstæður eða vinnuumhverfi sem taka á þessum þáttum, lýsa þeim og reyna að útskýra mismunandi sjónarmið fólks. Ef rétt er farið með kennslufnið og réttum kennsluaðferðum beitt, má haga því þannig að opin og gagnrýnin samskipti skapist milli kennara og nemenda, þar sem allir fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Því er best náð með því að beita sem

<sup>46</sup> Jón Baldvin Hannesson. 2002: 251

<sup>47</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar*. 1999: 7

<sup>48</sup> *Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar*. 1999: 28

fjölbreyttustum kennsluaðferðum, s.s. umræðum, samvinnunámi og þemavinnu þar sem nemandinn er í öndvegi.

Stríðið í fyrrum ríkjum Júgóslavíu árin 1991-1995 er einn þeirra atburða nýliðinna tíma sem hægt er að læra af. Á Balkanskaganum er blöndun þjóðarbrotá mikil og skipting þeirra innan ríkjanna óskýr. Við fall kommúnismans í Austur-Evrópu í lok níunda áratugar 20. aldar, skapaðist mikil ólga innan ríkjanna þegar gamla stjórnarfarinu var kollvarpað, frjálslyndara tekið upp og valdahlutföll breyttust. Þessi ólga þróaðist að lokum út í borgarastríð þar sem margir létust, fólk missti heimili sín eða var hrakið á flótta landa á milli. Þetta er eitt versta dæmi um þjóðernishreinsanir og stríðsglæpi í sögu eftirstríðsáranna. En þó að átökunum hafi lokið var vandamálum þúsunda manna ósvarað þar sem fjöldinn allur hafði verið hrakinn frá heimilum sínum og átti ekki heimangengt.

Íslenskt samfélag fór ekki varhluta af þessum atburðum eins og kom fram í máli Páls Péturssonar á Alþingi árið 2000:

Herra forseti. Frá árinu 1996 hafa stjórnvöld tekið árlega á móti hópi flóttamanna frá ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Venjulega hafa verið 20--25 í hverjum hópi en árið 1999 komu hingað 75 flóttamenn frá Kosovo vegna stríðsástands sem ríkti þar á þeim tíma. Alls hefur því verið tekið á móti 171 flóttamanni í þetta sérstaka verkefni stjórnvalda.<sup>49</sup>

Í heildina komu um 200 flóttamenn til Íslands en ekki stöldruðu allir lengi við. Þegar friður komst á áttu sumir þeirra kost á að snúa aftur og snéri til dæmis allur hópurinn sem kom til Fjarðarbyggðar, 24 Kosovo-Albanir, aftur þegar átökunum lauk.

Lesefni um atvik borgarastyrjaldarinnar í Júgóslavíu og ástæður þeirra er kjörið viðfangsefni til glöggvunar á samfélagi þar sem samkennd og umburðarlyndi gagnvart náunganum fór þverrandi vegna aukinnar þjóðerniskenndar.

---

<sup>49</sup> Páll Pétursson 2000.

### 3. Forsaga myndunar Júgóslavíu

Í gegnum aldirnar hafa íbúar Balkanskaga þurft að sæta yferráðum annarra þjóða eða stórvelda. Þjóðernishyggja reið yfir Evrópu á 19. öld og fóru ríkin á Balkanskaga ekki varhluta af því sem átti svo eftir að leiða til Balkanstríðanna árin 1912 og 1913 og svo í beinu framhaldi til fyrri heimsstyrjaldar. Konungsríki Serba, Króata og Slóvena var myndað við lok fyrri heimsstyrjaldar. Á tímabilinu 1920-30 ríkti mikill óstöðugleiki innan ríkisins þar sem Serbar kúguðu hinar þjóðirnar. Seinni heimsstyrjöldin kom sér því vel fyrir þær þjóðir þar sem þær sáu jafnvel fram á það að geta stofnað sjálfstæð ríki og losnað undan oki Serba. Til þess að það væri möguleiki þurfti fyrst að losna við Þjóðverja. Ríkin þurftu því að standa saman og kom Tító þá fram á sjónarsviðið sem það sameiningartákn sem ríkin vantaði.

#### 3.1 Fall stórvelda

Þó að Ósmána veldið hafi misst Bosníu til Habsborgara árið 1878, réðu þeir ríkjum á Balkanskaga fram til 1912 en þá voru Grikkir, Serbar, Svartfellingar og Búlgarar tilbúnir í stríð. Samanlagt taldi herafli þessara ríkja 720.000 menn á móti 307.000 manna herliði Tyrkja. Eftir 500 ára yferráð Ósmána á Balkanskaga voru þeir hraktir til baka, alla leið að hliðum Konstantínópel. Eftir fyrra Balkanstríðið árið 1912 töldu Serbar og Grikkir að þeir myndu skipta Albaníu með sér, en þegar stórveldin hittust í London til að semja um lyktir stríðsins ákváðu þeir að sjálfstætt ríki Albaníu skyldi stofnað. Snéru Serbar og Grikkir sér því að Makedóníu, þar sem ekkert hafði verið ákveðið með það og ákváðu að skipta landinu með sér.

Búlgarar óttuðust að þeir yrðu áhrifaminnstir á svæðinu og fóru því í stríð við fyrrum bandamenn sína árið 1913 sem kallað hefur verið seinna Balkanstríðið, en fyrir utan að ná á sitt vald litlu svæði nærri Búlgaríu var þessi sókn þeirra algerlega misheppnuð og Serbar og Grikkir skiptu Makedóníu á milli sín.<sup>50</sup>

Almennt var talað um þrjá möguleika sem leiðir til ríkja myndunar á svæðinu. Sá fyrsti og sá vænlegasti var myndun Stór Serbíu, ásamt Bosníu og einhverra landsvæða í Króatíu, Slavoníu og Dalamtíu sem byggð voru Serbum. Annar kosturinn var myndun ríkis Slava á Balkanskaga. Þetta þýddi aðild Búlgara en við

---

<sup>50</sup> Judah, Tim. 2000: 83-84

innrás þeirra inn í Serbíu árið 1913 var lokum skotið fyrir þennan möguleika. Sá þriðji var hugmyndin um Júgóslavisma, sem laut lítils fylgis í byrjun innan stjórnmalanna. Það var svo ekki fyrr en undir lok Balkanstríðanna og í fyrri heimsstyrjöld að möguleikinn á sameinuðu ríki Suður-Slava og Serbíu varð að raunverulegum möguleika. Á meðan að Habsborgaraveldið stóð styrkum fótum voru hugmyndir um sameinað júgóslavneskt ríki frá Skopje til Ljubljana aðeins fjarlægur draumur. Innan Serbíu lifði hugmyndin um stofnun sjálfstæðs ríkis en um leið voru menn smeykir við að heyja stríð við Austurríki-Ungverjaland. En eftir Balkanstríðið 1913 litu Serbar svo á að það bæri að taka hugmyndir þeirra alvarlega, sérstaklega þegar litið er til þess að íbúafjöldi Serbíu hafði vaxið úr 2,9 milljónum í 4,4 milljónir. Innan Habsborgaraveldisins vildu menn að gripið yrði í taumana og Serbía innlimuð áður en það yrði um seinan. Báðum aðilum var afhend ástæða til átaka á silfurfati 28. júní 1914.<sup>51</sup>

### **3.2 Fyrri heimsstyrjöldin**

Erfingi Habsborgaraættarinnar var í opinberri heimsókn í Sarajevo en heimsóknin hafði vakið ugg hjá þjóðernissinnuðum Serbum í Bosnía sem litu á heimsókn hans sem ögrun. Nítján ára gamall meðlimur Svörtu handarinnar, Gavrilo Princip, skaut bæði Franz Ferdinand og konu hans Sophie til bana. Í kjölfar þessa kröfðust Austurríkismenn með fullum stuðningi Þjóðverja að Serbar leyfðu þeim að leita að hugsanlegum hryðjuverkamönnum í landinu. Öllum hugmyndum Austurríkismanna var hafnað sem endaði með því að Austurríkismenn lýstu yfir stríði gegn Serbum 28. júlí 1914.<sup>52</sup> Eftir þessi átök og „aðild“ stórveldanna, þar sem þau tóku stöðu með stríðandi aðilum, var fátt sem gat komið í veg fyrir frekari átök. Spennan í Evrópu var mikil og þegar átökin leystust loksins úr læðingi í ágúst 1914 og brutust út fagnaðarlæti í borgum víðsvegar í Evrópu.

Ekkert morð (Franz Ferdinand) í veröldinni er talið hafa haft eins mikla eftirmála, heimsstyrjöld, fall keisaradæmis, sósíalísk bylting.<sup>53</sup> Þrátt fyrir mikla rannsóknarvinnu og lesningu á þeirri atburðarás sem að leiddi til morðsins, halda orð Edwards Grey, utanríkisráðherra Bretlands, enn þann dag í dag: „The world will

---

<sup>51</sup> Judah, Tim. 2000: 94-95.

<sup>52</sup> Burrows, Terry. 1999: 52-54

<sup>53</sup> Glenny, Misha. 1999: 303

presumably never be told all that was behind the murder of the Archduke Franz Ferdinand. Probably there is not, and never was, any one person who knew all there was to know.<sup>54</sup>

Eftir tvö stríð höfðu Serbar nútímavætt her sinn mikið og í upphafi fyrri heimstyrjaldar höfðu þeir 450.000 menn undir vopnum en strax árið 1916 var þessi fjöldi kominn niður fyrir 150.000 og 100.000 menn höfðu verið drepnir. Eftir tvær öflugar sóknir Austurríkismanna og mikla mótspyrnu Serba, voru þeir hraktir út að Adríahafi og neyddir til að láta landið af hendi. Fleiri ríki tóku að blanda sér í málin og Tyrkir lýstu yfir stuðningi við Þjóðverja og Búlgara og töldu Tyrkir að með þátttöku gætu þeir jafnvel unnið landsvæði þegar löndunum yrði skipt upp í lok átaka og hervæddu 800.000 menn.<sup>55</sup>

Fyrsta árás Austurríkismanna inn í Serbíu endaði með ósköpum og í kjölfarið fylgdi ósigur Habsborgara gegn Rússum við Lemberg, sem kostaði Habsborgara um 250.000 mannlíf. Þrátt fyrir það að Rússar hefðu yfir að ráða fjölmennasta herafnanum, c.a. 3,4 milljónir, voru þeir illa búnir, skotvopn og matur af skornum skammti og suma skorti jafnvel skóbúnað. Eftir sigra Þjóðverja á Rússum við Tannenburg, var ljóst að Þýskaland yrði ekki auðsgrað, þrátt fyrir ófarir Habsborgara.<sup>56</sup>

Í lok fyrri heimsstyrjaldar var staðan sem komin var upp í suð-austurhluta Evrópu ekki sú sem menn höfðu hugsað sér í upphafi átaka. Evrópa var að taka á sig nýja mynd eftir fall Habsborgaraveldisins. Slóvenía og Króatía stóðu frammi fyrir því að lúta valdi konungsveldis Serba, sem seinna fékk nafnið Júgóslavía. Tvö stórveldi, Habsborgara og Ósmana veldin höfðu riðað til falls eftir að hafa stýrt ríkjunum á Balkanskaga meir og minna síðustu aldirnar. Þessi átök höfðu leitt til þess að landsvæði fluttust ríkja á milli og með landvinningunum sátu minnihlutahópar eftir í hinum nýju ríkjum, þannig að það eitt og sér var ekki til þess að slá á ófriðaröldurnar á skaganum.

First World War did not solve the nationality problem, since the right of self-determination could not as a matter of practical politics be extended to every national group. Indeed, the existence of both Yugoslavia and Czechoslovakia testified to the continuation of alternative forms of statehood. In the ethnic kaleidoscope of the Balkans, above all, the principle of nationality was a recipe for violence.<sup>57</sup>

---

<sup>54</sup> Glenny, Misha. 1999: 304

<sup>55</sup> Mazower, Mark. 2002: 106-107

<sup>56</sup> Burrows, Terry. 1999: 55

<sup>57</sup> Mazower, Mark. 2002: 115

Í Balkanstríðunum misstu Serbar um 30 þúsund menn. Fyrri heimsstyrjöldin kostaði þá 275 þúsund sem og aðra 800 þúsund, m.a. vegna alls kyns veikinda í kjölfar stríðsins. Þessar hörmungar þýddu að um fjórðungur landsmanna hafði fallið í stríðinu og tveir þriðju allra karlmann á aldrinum 15-55 ára.<sup>58</sup>

### **3.3 Myndun Júgóslavíu**

Júgóslavía var stofnuð 1. desember 1918 sem konungsríki Serba, Króata og Slóvena. Ríkið var stofnað án stjórnarskrárbundins skipulags og skýrra landamæra og þurfti því að semja við 6 af 7 nágrannaríkjum sínum um landamæri, því að ekki var samið um þau við lok stríðsins.<sup>59</sup>

Þessi ráðagerð mætti talsverðri andstöðu innan Króatíu og jókst eftir því sem að serbneskir stjórnámálmenn kepptust við að styrkja stöðu sína innan ríkisins. Króötum þóttu stjórnunarhættirnir bera vott um að ríkið væri í raun og veru Stór-Serbía og fannst þeim aldrei njóta fullrar virðingar eða jafnræðis innan hins nýja ríkis. Herinn var til að mynda að mestu skipaður Serbum og því verkfæri Serba á vissan hátt.<sup>60</sup>

Mikill óstöðugleiki var innan Júgóslavíu milli 1920 og 1930 þar sem Serbar kúguðu aðrar þjóðir. Sérstaklega voru samskipti Serba og Króata stíð. Gerð var tilraun til að ná sáttum árið 1928 með viðræðum formanns stærsta stjórn málaafsl Króatíu og Aleksandar konungs Júgóslavíu. Konungurinn kom með þá tillögu að fyrst þeir væru ófærir um að ná sáttum væri nær að Króatía myndi lýsa yfir sjálfstæði og að aðskilnaðurinn færi friðsamlega fram. En hvar átti að draga landamærin? Konungurinn sagði þetta lítið mál því að stærstur hluti Serba yrði innan ríkisins og myndu íbúarnir verða einsleitari og sterkari sem heild fyrir vikið. Þessi sömu rök notaði Milošević á 9. áratugnum þegar hann talaði um að skera Króatíu frá. Á endanum féllust Króatar ekki á þessar tillögur konungs og ólgan hélt áfram sem endaði með því að Aleksandar konungur hrifsaði til sín öll völd í janúar 1929 og leysti upp þingið.<sup>61</sup>

Til þess hafði hann samþykki áhrifamestu aðilanna í stjórn málum Slóveníu, Króatíu, Bosníu og Serbíu. Hann hafði mestar áhyggjur af samskiptum Króata og

---

<sup>58</sup> Judah, Tim. 2000: 101

<sup>59</sup> Glenny, Misha. 1999: 366

<sup>60</sup> Judah, Tim. 2000: 106

<sup>61</sup> Judah, Tim. 2000: 109-110

Serba, en hann leit svo á að það væri Serbum að þakka fyrir tilvist Júgóslavíu. Aleksandar stóð einnig frammi fyrir því að frá lokum heimsstyrjaldarinnar höfðu menn vonast til þess að það kæmist á friður, en líkt og Ante Pavelic, króatískur lögfræðingur sem sat á júgóslavneska þinginu, sagði:

After the World War many believed that we would have peace . . . But what sort of peace is it when Croats and Macedonians are imprisoned? These two peoples were enslaved on the basis of a great lie – that Serbs live in Macedonia and Croatia and that the Macedonian people is Serbian . . . If we tie our hands and wait until the civilized world helps us, our grandchildren will die in slavery. If we wish to see our homeland free, we must unbind our hands and go into battle.<sup>62</sup>

Aleksandar lýsti Júgóslavíu konungríki, felldi úr gildi stjórnarskrána og bannaði allskyns félagasamtök, þar á meðal stjórnámálflokka. Hann skipaði einnig fyrir að svæðiskjörnir einstaklingar ættu að afhenda honum allt vald. Markmið hans með þessu var að sameina allar þjóðir innan Júgóslavíu og vekja hjá fólki júgóslavneska þjóðerniskennd, sem hann vonaði að leiddi til þess að átök milli þeirra myndu ljúka. Þrátt fyrir mikinn vilja Aleksandars voru vissir hópar innan ríkisins sem ekki vildu líta á sig sem eina þjóð.<sup>63</sup>

9. október 1934 var Aleksandar konungur af Júgóslavíu drepinn þegar hann heimsótti París. Morðingi hans var Króatískur hryðjuverkamaður sem tengja mátti við fasistahóp í Króatíu sem aftur hafði samband við fasistahópa í Júgóslavíu og Ítalíu.<sup>64</sup>

### **3.4 Seinni heimsstyrjöldin**

Tveimur árum fyrir morðið á Aleksandar urðu miklar breytingar í stjórnskipaninni í Evrópu þegar nasistar komust til valda í Þýskalandi og urðu helstu bandamenn Ítala. Hitler gaf út áætlanir sínar um þýska útrás til suð-austurs. Júgóslavía og Rúmenía voru lykillinn að því að fyrirætlanir Þjóðverja gengju eftir. Þær voru af tvennum toga, efnahagslegum og pólitískum. Sá pólitíski tengdist samningi sem Júgóslavía, Tékkóslóvakía og Rúmenía höfðu gert sín á milli eins konar varnarsamning. Hitler vildi reyna að komast upp á milli þessara aðila. Efnahagslegi þátturinn snéri að vöruskiptasamningi, sem tryggja myndi Þjóðverjum aðgang að helstu jarðarauðæfum Júgóslava en Þjóðverjar myndu láta þeim í té iðnaðarvörur. Þjóðverjar buðu þeim pólitískan stuðning, en þeir lýstu því yfir að þeir myndu ekki styðja neina iðju sem

---

<sup>62</sup> Glenny, Misha. 1999: 431

<sup>63</sup> Burrows, Terry. 1999: 137

<sup>64</sup> Burrows, Terry. 1999: 137

hefði það að markmiði að mola niður Júgóslavíu. Enda þegar Þjóðverjum óx ásmegin þrýstu þeir á Róm að draga til baka stuðning sinn við króatíska fasista (Ustaše) og beina spjótum sínum frekar að Afríku. Nasistar voru farnir að smjúga niður Balkanskagann.<sup>65</sup>

Hernaðaraðgerðir Þjóðverja gegn ríkjum Balkanskagans hófust 27. febrúar 1941. Ekki var ráðist á Júgóslavíu í fyrstu en þegar Þjóðverjar voru farnir að sækja inn í Búlgaríu og Rúmeníu tók að þrengja að Júgóslavíu.<sup>66</sup>

Hitler fyrirskipaði leiftursókn inn í Júgóslavíu 6. apríl 1941. Þar mættu þeir talsverðri mótspyrnu, en Þjóðverjar voru búnir að ná Júgóslavíu á sitt vald á aðeins tveimur vikum.<sup>67</sup> Innrásin í Júgóslavíu sem átti eftir að kosta hundruð þúsunda mannlífa var hafin. Innan Bosníu, Króatíu og Kosovo voru Serbar eltir uppi og þeir drepnir. Á milli átaka við hernámsliðið áttu Serbar í innbyrðis átökum.<sup>68</sup>

Þegar Þjóðverjar réðust inn í Júgóslavíu, var þeim víða tekið fagnandi af Króötum og Slóvenum, sem sáu sér leik á borði við að berja á Serbunum vegna áralangrar kúgunar. Króatar lýstu sig sjálfstæða og gengu til liðs við Þjóðverja ásamt Slóvenum og Bosníumúslímum. Á meðan þessi glundroði ríkti skipulagði Josip Broz skæruliðasveitir kommúnista undir dulnefninu Títo. Innan vébanda Títo voru skæruliðar frá öllum þjóðum ríkisins. Seinna meir naut Josip Broz og skæruliðar hans stuðnings Breta og Sovétmanna við að berja á Þjóðverjum og bandamönnum þeirra.

Það að Júgóslavía dróst inn í stríðið átti eftir að hafa skelfilegar afleiðingar, ríkið leystist uppí 9 svæði sem stjórnað var af mismunandi aðilum. Þjóðverjar voru ekki lengi að skrifa upp lista með nöfnum Gyðinga og Sígauna, á meðan Búlgarar og Makedóníumenn pyntuðu serbneska stuðningsmenn og hengdu lík þeirra upp í götulampa.

Þjóðverjar höfðu ekki átt von á neinni mótspyrnu að ráði í Júgóslavíu og um leið og herinn gafst upp sendi Hitler megin hluta hers síns til vígstöðvanna í Rússlandi. Þessi ákvörðun gerði það að verkum að stór hluti landsins var opinn fyrir því að upp spryttu andspyrnuhreyfingar.<sup>69</sup>

Átökin innan Júgóslavíu í Seinni heimsstyrjöldinni voru grimmileg og ekki bara af hendi nasista. Til að mynda urðu króatískir fasistar (Ustaše) illa fyrir barðinu

---

<sup>65</sup> Glenny, Misha. 1999: 428-43

<sup>66</sup> Glenny, Misha. 1999: 471

<sup>67</sup> Burrows, Terry. 1999: 167

<sup>68</sup> Judah, Tim. 2000: 113

<sup>69</sup> Glenny, Misha. 1999: 487

Þegar nasistar flýðu land, þeir flýðu í kjölfarið með skæruliða úr röðum kommúnista (Partisan) í skottinu á sér. Þegar skæruliðarnir náðu þeim flúðu um 30-40 þúsund þeirra til skóganna í nágrenninu en restin var rekin til baka inni Júgóslavíu til slóvenska bæjarins Maribor. Á leiðinni til baka voru um 30 þúsund fasistar (Ustaše) drepnir og 20. maí 1945, nærri þorpinu Tezna voru um 50 þúsund króatískir hermenn og um 30 flóttamenn, flestir konur, drepnir á 5 daga tímabili. Með þeim dó hugmyndin að sjálfstæðu ríki Króata, í bili að minnsta kosti.<sup>70</sup>

Viðskilnaður Júgóslavíu við Stalín árið 1948, gerði það að verkum að vesturlönd litu til Júgóslavíu með björtum augum. Þau voru fús til að lána fjármagn til landsins þannig að lífsskilyrði landsmanna fóru langt fram úr því sem að venjulega þekktist í ríkjunum á Balkanskaga. Vesturveldin treystu einnig á að ef kæmi til átaka við Sovétmenn myndi Júgóslavía vera á bandi NATO. Tító sótti vald sitt beint til fólksins, hann hafði ekki verið skipaður af rauða hernum, heldur náði hann að vinna sig inn í hug og hjörtu landsmanna enda stríðshetja sem stóð í hárinu á mönnum sem hertóku landið og það skýrði eflaust vinsældir hans, enda sat hann sem einvaldur í nærri fjóra áratugi.<sup>71</sup>

---

<sup>70</sup> Glenny, Misha. 1999: 530

<sup>71</sup> Glenny, Misha. 1999: 570-571

## 4. Tító

Josip Broz eða Tító komst til valda í Júgóslavíu við lok seinni heimsstyrjaldar og átti eftir að njóta gríðarlega mikillar hylli þau ár sem hann ríkti eða allt til 1980. Lífskjör íbúanna bötnuðu til muna og voru íbúar Júgóslavíu mun frjálsari en íbúar annarra kommúnistaríkja, reyndar svo að vesturveldin litu á Júgóslavíu sem fyrirmyndaríki. En eins og í öðrum ríkjum þar sem einræðisherrar voru við völd kraumaði viss ólga undir yfirborðinu sem átti það til að brjótast út en var jafn harðan barin niður. Við fráfall Tító árið 1980 losnaði þessi ólga úr læðingi sem leiddi svo af sér borgarastyrjöld.

### 4.1 Júgóslavía á tímum Tító

Josip Broz fæddist 7.maí 1892 í Kumrovec sem er króatískt þorp nærri landamærunum að Slóveníu. Tító fluttist frá Kumrovec sem unglingur og fór að læra lásasmíði og fram að fyrra stríði starfaði hann víðsvegar í austuríska -ungverska keisaradæminu. Á þeim tíma komst hann í tæri við sósíalískar hugmyndir og verkalýðshreyfingar. Hann var svo boðaður í herinn 1913 og sendur á vígvöllinn í stríðinu gegn Serbíu árið 1914. Snemma árið 1915 var hann sendur á vígvöllinn í Rússlandi þar sem hann var handtekinn. Tító kom aftur til hins nýja ríkis Júgóslavíu seint á árinu 1920, með rússneska konu sína og son. Þegar hann kom aftur eru Serbar við völd og höfðu þeir bannað alla starfsemi kommúnista í ríkinu. Þremur árum seinna leiðist Tító inná þá braut að fara að vinna með kommúnistaflokknum þar sem eljusemi og dugnaður hans veittu honum brautargengi og fór hann fyrir uppreisn gegn valdhöfunum í Zagreb. Þetta leiddi til handtöku flokksmanna og við leit í íbúð hans fundist sprengjur og var hann dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir sinn þátt í atburðarrásinni. Þegar honum var svo sleppt úr haldi var lítið eftir af kommúnistaflokknum í Júgóslavíu eftir herör Aleksandar konungs gegn starfsemi kommúnista þar sem hann reyndi að losa sig við öll öfl sem leituðu til þjóðernishyggju. Tító var sendur af flokknum til Moskvu þar sem hann sótti fyrirlestra í kommúnista skólann. Tító hafði aldrei verið sterkur námsmaður og kenndi hann sjálfur sér helstu staðreyndir Marxisma-Lenínisma-Stalínisma nógu vel til þess að geta komið því niður á áróðursblöð og til að veita sósíalískan innblástur í ræðum sínum. Með sambandsslitum sínum við Stalín árið 1948, breytti hann ímynd sinni frá því að vera

„litli Stalín“ yfir í það að vera mikilvægur áhrifavaldur í sögunni.<sup>72</sup> Eins og segir í bók Misha Glenny:

By saying ‘NO!’ to Stalin. Tito stood on his own two feet for the first time in the world of politics. And henceforth, his glittering political leadership was no longer a mere reflection of Stalin’s sun . . . From that moment on, Tito now represented the sun for most Yugoslavs . . . *Serpens nisi serpentem comederit non fit draco* – a snake cannot become a snake until it has eaten another snake.<sup>73</sup>

Þrátt fyrir að hafa staðið í hárinu á völdugasta kommúnistaleiðtoga heimsins, breytti það ekki Tító í einhvern lýðræðissinna. Árið 1962 var ný stjórnarskrá samþykkt þar sem kom fram að enginn mátti sitja lengur en tvö kjörtímabil í embætti sem kosið væri um. Þetta varð til þess að styrkja Tító, gerði það að verkum að minni hættu var á að embættismenn næðu að byggja í kringum sig nægt traust til að ná völdum.<sup>74</sup>

Þó að Tító hafi á margan hátt veitt einstaklingum ákveðið frelsi, t.d. var þegnum Júgóslavíu frjálst að ferðast þangað sem þeir vildu og hann stuðlaði að því að einstaklingarnir fengju að vera með í ráðum og taka ákvarðanir fyrir fyrirtækin í landinu, var hann að vissu leyti klassískur einræðisherra. Bak við tjöldin lifði hann lífi nægta og þráði dýra og glæsilega hluti. Til að mynda átti hann Rolls Royce bíl, hallir, málverk og skartgrip sem voru gjafir frá íbúum bæja og héraða í Júgóslavíu. Eftir því sem að Tító varð valdameiri og því óskeikulli sem hann taldi sig vera, því meira dró hann sig til hlés í lúxuslíferni sínu.<sup>75</sup>

Eftir langa sjúkrahúslegu dó Tító þann 4. maí í höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, 87 ára að aldri. Júgóslavar syrgðu hinn liðna þjóðhöfðingja og sáu ekki fyrir sér hvernig þeim ætti að takast að stýra þessu landi án handleiðslu hans. Eftir innrás Sovétmanna inn í Afganistan í desember 1979, höfðu íbúar heims staðið á öndinni með það hvort brjótast myndi út annað kalt stríð. Innrás Sovétmanna gerði það að verkum að vesturveldin vildu tryggja stöðu sína innan Júgóslavíu og opnuðust leiðir fyrir Júgóslavíu að erlendu fjármagni. Tekið var að halla á ógæfuhliðina heima fyrir, bæði höfðu Tító og Kardelj stöðvað þá efnahagslegu framþróun sem átti sér stað í lok 7. áratugarins með því að veita fjármagni til stærri illa rekinna fyrirtækja og eins hafði holskefla sem skeikið landið þegar verkamenn tóku að streyma til baka frá Vestur-Evrópu. Þetta leiddi til þess að í fátækustu hlutum Júgóslavíu, þ.e. Kosovo,

<sup>72</sup> Glenny, Misha. 1999: 571-573

<sup>73</sup> Glenny, Misha. 1999: 573-574

<sup>74</sup> Glenny, Misha. 1999: 574

<sup>75</sup> Glenny, Misha. 1999: 576-577

Makedóníu, Bosníu og Suður-Serbíu. voru um 20% vinnufærra manna atvinnulausir. Um 1982 voru skuldir Júgóslavíu 18,5 milljarðar bandaríkjadala.<sup>76</sup>

## 4.2 Deilur á tímum Tító

Tímabilinu frá lokum seinni heimsstyrjaldar og fram til 1966 má lýsa sem gullaldarárum Júgóslavíu, ákveðinn stöðugleiki ríkti innan ríkisins.<sup>77</sup> Lok sjöunda áratugarins voru miklir umrótartímar og fór Júgóslavía ekki varhluta af því. Stúdentar fóru þar fremstir í flokki og voru slagorð eins og: Niður með rauðu borgarastéttina!, eða Það er enginn sósíalismi án frelsis, ekkert frelsi án sósíalisma!<sup>78</sup> algeng á meðal þeirra. Þessir umrótartímar í Júgóslavíu fylgdu að vissu leyti þeim tíðaranda sem ríkti í heiminum, en inn í þetta spilaði einnig óróleiki vegna ástandsins heima fyrir. Eftir endurskipulagningu á ríkisfjármálum og atvinnulífínu, hafði munur á milli þeirra ríku í norðri og hinna fátæku í suðri aukist. En engu síður voru það aðallega bankarnir og fólk tengt þeim sem högnuðust. Undir lok sjöunda áratugarins hefði frekar mátt líkja Belgrad við Milanó en Sofíu eða Bucharest. Til að lægja öldurnar lofaði Tító því að bæta hag þeirra sem verst komu út úr endurskipulagningu efnahagslífsins, þ.e. verkamanna. Með þessu vilyrði hafði Tító tekist að lægja öldurnar, en í raun og veru ætlaði hann sér aldrei að standa við þau.<sup>79</sup>

Þótt Tító hafi verið mjög virtur leiðtogi átti hann sína andstæðinga og fleiri en ein tilraun voru gerðar til að skapa glundroða innan ríkisins. Fyrsta tilraunin reið yfir árið 1967 þegar hópur króatískra rithöfunda sendi frá sér yfirlýsingu þess efnis að króatíska væri frábrugðin serbnesku. Serbar svöruðu þessu með því að nær væri að kenna serbneskum börnum í Króatíu, serbnesku heldur en króatísku. Þessar deilur náðu nýjum hæðum á árunum 1970-71, þegar menn fóru að velta fyrir sér stöðu Króatíu innan Júgóslavíu og hvort Króatía ætti að lýsa yfir sjálfstæði. Króatískir þjóðernissinnar reyndu að sýna fram á yfirburði Serba í stjórnámálum Bosníu og töluðu fyrir því að ákveðin svæði innan Bosníu tilheyrðu Króatíu. Serbar svöruðu í sömu mynt og sögðu ákveðin svæði tilheyrða Serbíu. Ef ekki hefði verið fyrir Tító eru góðar líkur á því að til blóðugra átaka hefði komið. Tító boðaði til friðarviðræðna 1. desember 1971 í Karadjorjevo í Vojvodina. Mörgum Króötum hugnaðist þetta illa þar

<sup>76</sup> Glenny, Misha. 1999: 622-623 og Overy, Richard. 2004: 154

<sup>77</sup> Judah, Tim. 2000: 143-145

<sup>78</sup> Glenny, Misha. 1999: 584

<sup>79</sup> Glenny, Misha. 1999: 584-585

sem boðað hafði verið til fundar í Serbíu og daginn bar upp á stofndag Júgóslavíu, 1. desember 1918.<sup>80</sup>

Í nóvember 1968 var röðin komin að Kosovo Albönum, en þeir voru orðnir langþreyttir á áralöngum afskiptum Serba. Í fyrsta skipti í mörg ár fengu þeir að hafa áhrif á málefni héraðsins og áður en langt um leið var albanska risin úr öskunni og bækur og námsefni fyrir skóla voru gefin út. Innan skólanna var að alast upp kynslóð sem var farin að hungra í meiri réttindi fyrir Albani innan héraðsins.<sup>81</sup>

Mesta breytingin á þessu tímabili í Bosníu snérist hins vegar um málefni múslíma sem í fyrsta skipti fengu viðurkenningu sem þjóð. Í gegnum aldirnar höfðu þeir verið skotspónn Serba og Króata. En líkt og Albanir í Kosovo voru múslímar farnir að finna fyrir því að meirihluti þeirra var farinn að líta á sig sem nútímalega þjóð. Múslímar fá svo viðurkenningu sem þjóð í stjórnarskránni 1963, en það er ekki fyrir en fimm árum seinna sem kommúnistaflokkurinn viðurkennir tilverurétt þeirra. Á þeim tíma var herferð Múslíma fyrir viðurkenningu hluti af ráðabruggi til að koma í veg fyrir sögulega samkeppni á milli Króata og Serba um trygglyndi múslímskrar menningar, fræði, trúar og ekki síst pólitískra leiðtoga. Þeir sem að börðust hvað harðast fyrir þessu gátu ekki séð það fyrir að tuttugu árum seinna myndi þessu vera snúið við af serbneskum og króatískum stjórnámálamönnum í viðleitni sinni til að tortíma Múslimum.<sup>82</sup>

Stjórnámálamenn uppgötvuðu fljótt hversu auðvelt það var að afla sér vinsælda á meðal almennings með því að standa vörð um málefni þjóðarinnar. Afleiðingar voru þær að það gekk hægar að setja þessi efnahags- og félagslegu vandamál í samband við umkvörtunarefni þjóðarinnar voru vanrækt. Tvö þessara mála áttu hins vegar eftir að hafa neikvæð áhrif á stöðuleikann í Júgóslavíu og á endanum stór áhrifavaldur í því þegar landið liðaðist í sundur rétt eftir 1990.

Í þéttbýliskjörnum eins og Sarajevo, Zagreb og Belgrad var að skapast heimsborgaralegt- og kapítalískt yfirbragð. Frá þessum svæðum komu fram kvikmynda- og tónlistarmenn sem nutu vinsælda bæði í vestur og Austur-Evrópu. Þessi straumur unga fólksins til þéttbýlisins, jók við þá gjá sem hafði skapast milli borgar og sveita. Gagnkvæmur rígur milli dreifbýlis og þéttbýlis samfélaganna jókst mjög hratt á 8. og 9. áratug 20. aldar. Mennt gáfu þessu ekki mikinn gaum á þessum

---

<sup>80</sup> Judah, Tim. 2000: 145-147

<sup>81</sup> Glenny, Misha. 1999: 586

<sup>82</sup> Glenny, Misha. 1999: 586-587

tíma en þetta hafði mikil áhrif á átökin um 1990. 1967 höfðu meira ein 2,5 milljónir bænda flutt á mölina en samt sem áður var heimili 48% íbúa landsins dreifbýli. Um miðjan 7. áratuginn voru borgirnar að yfirfyllast. Straumur fólks til borganna hélt áfram og það skapaði ákveðin vandamál, t.d. jókst atvinnuleysi mikið. Stjórnmalamennirnir töluðu um að senda fólk aftur í sveitirnar en í stað þess sótti þetta fólk lengra og hélt mikið af því áfram til Vestur-Evrópu í leit að vinnu. Árið 1969 var talið að um 800.000 eða 22% af öllu erlendu vinnuafli í Evrópu hafi komið frá Júgóslavíu og um leið og erfiðleikar fóru að koma fram í atvinnumálum þar átti það eftir að bitna á þessu fólki. Þegar það gerðist var stór hópur þessa fólks sendur aftur til síns heima. Til að mæta þessum aukna straumi fólks, ákváðu stjórnvöld í Júgóslavíu að taka stór erlend lán hjá vestrænum bönkum. Skuldir ríkisins jukust mikið og þetta varð að einum þætti í upplausn ríkisins á 9. áratugnum.<sup>83</sup>

Króatía átti stóran þátt í þeim breytingum sem urðu á árunum 1966-1972. Innan Króatíu spruttu upp dagblöð sem farin voru að fjalla um málefni frá öðrum sjónarhornum en höfðu tíðkast, blöðin voru ekki lengur málsvarar kommúnistaflokksins heldur var verið að fjalla um efni sem fyrir tveimur áratugum hefðu þótt óviðeigandi. Blöðin veltu fyrir sér hlutum eins og af hverju mun fleiri eða 56,5% lögreglumanna í Zagreb voru Serbar en aðeins 40,8% Króatar, þegar Serbar voru aðeins 15% landsmanna.<sup>84</sup> Með þessu var óbeint verið að beina spjótunum að Serbum og reyna að vekja Króatana til umhugsunar um það hvernig fyrir þeim væri komið í eigin landi. Allar hugmyndir um lýðræði í Króatíu voru kveðnar niður. Tító hóf herferð þar sem hann hvatti menn til bróðernis og samstöðu. Viðbrögð Tító áttu eftir að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Júgóslavíu. Tító hafði komið í veg fyrir að ríkin tvö, Serbía og Króatía, næðu að leysa vanda þjóða sinna í fyrsta skipti á 20. öld án utan að komandi afskipta, með þróun leiða til lýðræðis. Í staðinn hafði hann rekið serbneska og króatíska þjóðernissinna undir yfirborðið og þegar þeir brutust út á 9. áratugnum höfðu þeir kastað frá sér öllum hugmyndum um að gera hlutina nútímavædda eða á lýðræðislegan hátt. Það er því erfitt að vera á móti því sem að kommúnistinn og bandamaður Tító, Dobrivoj Radosavljevic, spáði um árið 1971: „Tito committed a historical error by encouraging Albanian-Serb and Croatian-Serb conflict. Yugoslavia will pay a heavy price for it.“<sup>85</sup>

<sup>83</sup> Glenny, Misha. 1999: 587-589

<sup>84</sup> Glenny, Misha. 1999: 591

<sup>85</sup> Glenny, Misha. 1999: 593

### **4.3 Valdabaráttta við fráfall Tító**

Fljótlega eftir andlát Tító birtust greinar í vestrænum fjölmiðlum sem leiddu að því líkur að í kjölfar þessa myndi ríkið leysast upp og borgarstýrjöld brjótast út. Hvorki NATO né Sovétríkin höfðu áhuga á því. Öflugasta stofnun landsins, sambandsherinn, hélt ríkinu saman, þrátt fyrir að stærstur hluti yfirmannanna væru Serbar, hafði hann ekki enn smitast af serbneskri þjóðerniskennnd. Í reynd hafði meirihluti Serba, Króata og Slóvena enga ástæðu til að leysa ríkið upp. Tító hafði hugsað fyrir því hvað ætti að gerast eftir dauða sinn til að koma í veg fyrir upplausn Júgóslavíu. Lýðveldin innan Júgóslavíu áttu að skipta með sér völdum ár hvert. Þetta átti eftir að leiða til vandamála.<sup>86</sup>

Fyrsta atvikið átti sér stað í Kosovo í framhaldi óeirða stúdenta við háskólann í Pristina. Kosovobúar kröfðust jafnræðis á við önnur þjóðarbrot innan Júgóslavíu og vildu gera héraðið að lýðveldi. Kosovar höfðu fengið ákveðin réttindi samkvæmt stjórnarskránni frá 1974, þegar dagblöð, fræðsluefni og skólabækur urðu aðgengilegar á albönsku í Kosovo. Þessi ósk um lýðræði í Kosovo, hringdi ákveðnum bjöllum í Serbíu og Svartfjallalandi þar sem bjuggu einnig albanskir minnihlutahópar. Serbar hins vegar sáu það ekki í hendi sér að þetta gæti gerst vegna mikilvægis Kosovo í þjóðarvitund Serba, töldu að með því að fallast á kröfur þeirra myndi það grafa undan þjóðernishyggju Serba.<sup>87</sup>

Eftir óeirðirnar árið 1981 hófu margir Serbar að flytjast búferlum. Sögusagnir af ofsóknum í garð Kosovo-Serba tóku að vaxa sem og árásir á kirkjur og grafreiti. Árið 1982 var Serbi myrtur af albönskum nágretta sínum og árið eftir á samskonar atburður sér stað. Það voru uppi sögur af flóttamönnum frá Kosovo en inn í það dæmi vantar þó þá staðreynd að vegna húsnaðisskorts seldu margir Serbar hús sín á þessum tíma á mjög góðu verði.<sup>88</sup>

Vandamálin í Kosovo gáfu víska mynd af þeim efnahagsvanda sem Júgóslavía stóð frammi fyrir. Lýðveldin í norðri, Slóvenía og Króatía, gagnrýndu harðlega kerfið í heild sinni fyrir það að stór hluti tekna þeirra færi í sameiginlegan sjóð sem að ætlað

---

<sup>86</sup> Glenny, Misha. 1999: 624

<sup>87</sup> Glenny, Misha. 1999: 624

<sup>88</sup> Judah, Tim. 2000: 156-157

var að styrkja fátækari ríkin í suðri. Vantraust almennings á stjórnkerfið var orðið viðvarandi vandamál árið 1986 og verkföll og atvinnuleysi algeng.<sup>89</sup>

24. og 25. nóvember 1986 skók pólitískur jarðskjálfti Júgóslavíu eftir að dagblaðið Večernje Novosti birti óklárað minnisblað sem fjallaði um stöðu Serba innan Júgóslavíu. Þar kom fram að þó að fjöldi Serba innan Kosovo hafi verið um 200 þúsund frá lokum stríðs hafi aðrir 200 þúsund verið hraktir frá Kosovo á síðustu 20 árum. Einnig kom þar fram að Serbum innan Króatíu stafaði meiri ógn af Króótum núna en þegar Króatía var sjálfstætt ríki. Mikilvægt væri að finna út hvert þjóðerni þeirra væri í raun og veru annars gæti það haft alvarlegar afleiðingar bæði fyrir þá og Júgóslavíu í heild. Í minnisblaðinu er velt vöngum yfir:<sup>90</sup>

A nation which after a long and bloody struggle regained its own state, which fought for and achieved a civil democracy, and which in the last two wars lost 2,5 million of its members, had lived to see the day when a Party committee of apparatchiks decrees that after four decades in the new Yugoslavia it alone is not allowed to have its own state. A worse historical defeat in peacetime be imagined.<sup>91</sup>

Slobodan Milošević var kominn til valda sem formaður serbneska kommúnistaflokksins og voru viðbrögð hans við minnisblaðinu meðal annars þessi:

The appearance of the Memorandum of the Serbian Academy of Arts and Science represents nothing else but the darkest nationalism. It means the liquidation of the current socialist system of our country, that is the disintegration after which there is no survival for any nation or nationality. . . . Tito's policy of brotherhood and unity . . . is the only basis on which Yugoslavia's survival can be secured.<sup>92</sup>

Þessi orð hans birtust fáum þar sem þau voru send til fárra útvaldra innan öryggislögreglunnar. Það sem gerir þessi orð hans enn merkilegri er að þau viðhafði hann í júní 1987 en þá hafði hann stuttu áður viðurkennt að Kosovo-deilan væri sitt viðfangsefni að leysa. Þetta bendir til þess að hann hafi verið tækifærissinni þar sem hann sagði mismunandi hluti við mismunandi aðila sem tryggði honum sem mest fylgi hverju sinni.<sup>93</sup>

Forysta kommúnistaflokksins gagnrýndi innihald bréfsins, að ekki væru þeir aðeins að ögra öðrum þjóðernissinum innan Júgóslavíu heldur væru þeir að vinna gegn hagsmunum Serba. Slobodan Milošević neitaði að gagnrýna minnisblaðið á almannaþæri. Eftir að hann var kosinn forseti Serbíu tók hann til baka þau réttindi sem að Kosovo hafði fengið með stjórnaskránni frá 1974. Markmið hans var að sölsa undir

---

<sup>89</sup> Glenny, Misha. 1999: 625

<sup>90</sup> Judah, Tim. 2000: 158-159

<sup>91</sup> Judah, Tim. 2000: 159

<sup>92</sup> Judah, Tim. 2000: 160

<sup>93</sup> Judah, Tim. 2000: 160

sig völd í þeim héruðum þar sem Serbar voru í minnihluta, þ.e. Kosovo og Vojvodina, sem og í Svartfjallalandi. Þegar honum hafði tekist það réði hann yfir 4 af 8 atkvæðum í forsetaráði Júgóslavíu. Því voru Króatía, Slóvenía, Bosnía og Makedónía bundin af því að standa saman.<sup>94</sup>

Þegar Milošević réði yfir 4 atkvæðum af 8 í forsetaráðinu, virtist sem hann missti áhugann á því málefni og fór að velta fyrir sér tilurð Júgóslavíu. Barátta milli ríkjanna þriggja, Slóveníu, Króatíu og Serbíu var hafin. Valdhafar ríkjanna spurðu sig að því hvort að Júgóslavía væri eitt ríki eða samband ríkja. Samskipti ríkjanna fóru versnandi og leiðtogarnir reyndu að slá ryki í augu hvers annars með því að draga fram liðna atburði þar sem annað ríkið hafði gert á hlut hins. Almennitur var mataður á upplýsingum sem vekja átti hjá þeim ótta gagnvart nágroannanum og hvers hann væri megnugur. Viðkvæðið varð: Dreptu áður en þú verður drepinn! Sjónvarpið var notað óspart til að koma á framfæri áróðri sem efla átti hjá hverri og einni þjóð ágæti síns lands og hers.<sup>95</sup>

Helstu leiksoppar í átökum ríkjanna voru Milošević og Franjo Tudjman, forseti Króatíu. En þótt þeir væru í forystu fyrir sitthvort ríkið stóðu þeir ekki jafnfætis hvað völd snerti. Milošević var alinn upp í kommúnistaflokknum og þeirri arfleið sem Tító skildi eftir sig og eftir að hann breytti flokknum í serbneska sósíalístaflokkinn, með því að sameina hann sósíalískum samtökum verkafólks í Serbíu, gerði hann öðrum stjórnmálaöflum innan Serbíu nánast ógerlegt að hafa áhrif. Milošević hafði tryggt sér nægt fjármagn og aðgengi að fjölmiðlum og því það vald sem hann þurfti til að koma skilaboðum sínum á framfæri. Tudjman bjó hins vegar við allt annan kost því að eftir uppþotin í Króatíu í lok 7. áratugarins og byrjun þess 8. skipti Tító út mörgum af króatískum valdhöfum fyrir Serba.<sup>96</sup>

Það voru ýmis teikn á lofti um yfirvofandi átök í Júgóslavíu seinni hluta árs 1990 og erlendir fréttamenn sendu fréttir þess efnis heim en þær féllu í skuggann af innrás Íraka inní Kúveit. Serbneski minnihlutinn í Króatíu átti í viðræðum við Tudjman um þær þrengingar sem þeir töldu sig finna fyrir. Án þess að hljóta nokkurn hljómgrunn stofnuðu þeir serbneska sjálfstjórnarhéraðið Krajina.<sup>97</sup>

Slobodan Milošević styrkti stöðu sína innan Serbíu eftir fall kommúnismans í Austur-Evrópu og árið 1989 voru haldnar fjölflokkkosningar í Júgóslavíu. Í þeim

<sup>94</sup> Glenny, Misha. 1999: 627-628

<sup>95</sup> Glenny, Misha. 1999: 629-630

<sup>96</sup> Glenny, Misha. 1999: 630-631

<sup>97</sup> Glenny, Misha. 1999: 635

kosningum hlutu flokkar þjóðernissinna sigur og í kjölfarið sóttu Króatía og Slóvenía um sjálfstæði frá Júgóslavíu árið 1991.

Innan alþjóðasamfélagsins var einhugur um mikilvægi þess að varðveita Júgóslavíu sem einingu. Þessi yfirlýsing gaf Serbum byr undir báða vængi og litu þeir þannig á málið að þeir gætu farið inn í þessi ríki og barið niður óöldina án afskipta alþjóðasamfélagsins. En það gekk ekki svo auðveldlega fyrir sig því að Króatar og Slóvenar snérust til varnar. Einnig var litið svo á að Serbarnir væru árársaðilinn og kröfðust Þjóðverjar þess innan Evrópubandalagsins að sjálfstæði Króatíu yrði viðurkennt. Mitt á milli þessar átaka var svo Bosnía-Hersegóvína, þar sem íbúarnir voru samansettir af mismunandi þjóðarbrotum. Múslimmar réðu mestu í stjórnkerfi Bosníu og var því stríðandi fylkingum mikið mál að kom þeim frá völdum. Serbar og Króatar reyndu að vinna sem mest land innan Bosníu og reyndu að sá hatri og tortryggni hjá fólki sem árum saman hafði búið hlið við hlið í sátt og samlyndi.<sup>98</sup>

#### **4.4 Járntjaldið fellur**

Kosningar voru haldnar í Slóveníu í apríl 1990 og sigraði samband miðju- og hægri flokka undir forystu Milan Kučan. Í maí voru haldnar kosningar í Króatíu þar sem flokkur Franjo Tudjman fór með sigur af hólmi. Eitt helsta málefni flokks Tudjmans var að Króatía ætti að vera fyrir Króata, en Tudjman sótti innblástur til þjóðernishyggju Milošević. Þessar niðurstöður ýttu enn og frekar undir þjóðernishyggju Serba og í desember 1990 fór flokkur Milošević með sigur af hólmi í kosningum í Serbíu. Það var aðeins innan Bosníu þar sem flokkarnir ræddu um að halda í sambandsríkið Júgóslavíu. Eftir kosningarnar í nóvember 1990 mynduðu þrír flokkar ríkisstjórn en hún samanstóð af armi flokks Tudjman (*HDZ*) og því kusu flestir Króatar hann, flokki Alija Izetbegović (*SDA*) en hann kusu flestir múslíma og flokki Dr. Radovan Karadžić (*SDS*) sem flestir Serbanna kusu.<sup>99</sup>

Bosnía var orðin að einum suðupotti þar sem leiðtogarnir reyndu að skapa sér stöður með pólitískum leikjum á meðan þeir undirbjuggu stríð. Áætlanir Bosníu-Serba um samvinnu voru annað hvort vanhugsaðar eða innihaldslausar því fljótlega hófu þeir að hervæða SDS. Á meðan stjórnmalaleiðtogarnir voru að tefla á tæpast vað trúði almenningur því tæpast að stríð myndi brjótast út. Þar sem uppistaðan í

<sup>98</sup> Emblem, Terje. 1995: 583-587

<sup>99</sup> Judah, Tim. 2000: 164-165

júgóslavneska hernum hafði verið Serbar áttu herir Serbanna mun greiðari aðgang að hergögnum og urðu herir þeirra mjög öflugir. En Serbarnir voru ekki þeir einu sem hervæddust því Króatar sönkuðu að sér hergögnum frá fimm ríkjum, þar á meðal Ungverjalandi.<sup>100</sup>

Staða Slóvena var allt önnur en hinna ríkjanna þar sem innan Slóveníu lifðu aðallega Slóvenar og lítið var um minnihlutahópa Slóvena í öðrum ríkjum. Tókst þeim því að forða sér frá átökum við Serba með því að gera við þá samning, þar sem sagði að Slóvenum væri frjálst að yfirgefa Júgóslavíu með því skilyrði að þeir settu sig ekki upp á móti aðgerðum Serba. Rök Slóvena voru þau að í stjórnarskránni frá 1974 sagði að hver þjóð innan Júgóslavíu væri frjálst að stjórna sér sjálf. Þar sem langflestir Slóvenar bjuggu innan Slóveníu var þetta skýrt: lýðveldi og þjóð var sami hluturinn.<sup>101</sup>

---

<sup>100</sup> Judah, Tim. 2000: 170-172

<sup>101</sup> Judah, Tim. 2000: 173

## 5. Ólgan magnast

Borgarastríð fyrrum ríkja Júgóslavíu hófst árið 1991 í kjölfar falls kommúnismans þegar haldnar voru frjálsar kosningar innan ríkjanna þar sem nýjar ríkisstjórnir komust til valda og stjórnskipan ríkjanna sem hafði verið við líði í tugi ára var kollvarpað. Fljótlega eftir kosningarnar lýstu Slóvenía og Króatía yfir sjálfstæði. Það hugnaðist Serbum illa þar sem þessi tvö ríki voru þau auðugustu og vildu Serbar í lengstu lög reyna að halda ríkinu saman. Þegar einsýnt var að ríkin myndu standa við ákvörðun sína hvatti Slobodan Milošević alla Serba til að sameinast í að mynda Serbíu hina miklu. Serbar voru dreifðir um ríkin og hófu aðgerðir til að vinna þau svæði sem byggð voru Serbum utan Serbíu á sitt vald. Við það brutust út átök á milli þjóðanna, sem áttu eftir að kosta tugi þúsunda lífið. Hörðust urðu átökin innan Bosníu þar sem Serbarnir gengu hvað harðast fram með grimmilegum þjóðernishreinsunum.

### 5.1 Átökin hefjast

Leiðtogar ríkjanna voru ekki á einu máli um hvert framhald sambandsríkisins Júgóslavía skildi verða. Milošević vildi ríki sem lúta myndi vilja Serba. Kučan og Tudjman vildu sjálfstæði til handa sínum ríkjum en halda samt einhvers konar formi af Júgóslavíu sem myndi koma öllum til góða. Alija Izetbegović forseti Bosníu og Kiro Gligorov forseti Makedóníu kröfðust þess að menn semdu um einhvers konar málamiðlun til að koma í veg fyrir átök en vegna pólitísku vanmáttar var ekki á þá hlustað. Reyndin varð því sú að Serbar, Króatar og síðar Bosnía bjuggu sig undir komandi átök, baráttu fyrir sjálfstæði lands síns og þjóðar.<sup>102</sup>

Fyrstu átökin brutust út í Króatíu 31. mars 1991 þegar króatíska lögreglan reyndi að hrekja Serba út úr króatískum þjóðgarði sem þeir höfðu náð á sitt vald. Einn Króati og einn Serbi létu lífið í þessum átökum sem áttu eftir að vera fordæmisgefandi fyrir komandi mánuði. Af ótta við yfirvofandi átök flýðu Króatar og Serbar fólk heimili sín.<sup>103</sup>

Borgarastríð hófst snemma í júní 1991 um leið og þing Slóveníu og Króatíu lýstu yfir sjálfstæði. Eftir sjálfstæðisyfirlýsingu Slóvena 25. júní 1991 brugðust Serbar við með að senda her sinn að landamærum Slóveníu. Milan Kučan og Milošević

---

<sup>102</sup> Judah, Tim. 2000: 180

<sup>103</sup> Judah, Tim. 2000: 175-176

höfðu náð samkomulagi um brotthvarf Slóveníu úr Júgóslavíu og því komu aðgerðir Serba mjög á óvart. Á þeim tíu dögum sem „stríðið“ stóð yfir á milli Slóvena og Serba dóu 44 serbneskir hermenn ásamt 5 hermönnum Slóvena.<sup>104</sup>

Menn óttuðust hvað myndi gerast ef Bosnía lýsti yfir sjálfstæði. Serbar og Króatar fóru ekki varhluta með áhuga sinn á því að ná til sín einhverjum hluta af Bosnía. Í byrjun árs 1992 var augljóst að sambandsríkið Júgóslavía hafði liðið undir lok. 9. apríl 1992, lýsti Bosnía yfir sjálfstæði. Deila má um réttmæti þessarar ákvörðunar en það lá fyrir að með því væru þeir eigna sér tvo óvini, Serba og Króata. Serbar mótmæltu þessu harðlega og átök brutust út.<sup>105</sup>

Átökin innan Króatíu áttu eftir að verða hörðust í austur Króatíu og jöfnuðu Serbar til að mynda bæinn Vukovar við jörðu og hófu umsátur um hafnarborgina Dubrovnik, sem var þekktur áfangastaður ferðamanna. Borgin var þekkt fyrir byggingar sínar sem margar voru aldagamlar enda borgin oft kölluð perla Adríahafsins. 7 mánuðum eftir að Serbar hófu umsátur sitt um Dubrovnik settu Sameinuðu Þjóðirnar viðskiptabann á Svartfjallaland og Serbíu.<sup>106</sup>

Eins dýrmæt og borgin var fyrir Króötum fannst mönnum merkilegt hversu lítilli mótspyrnu her Serba var veitt af hendi Króata en seinna áttuðu menn sig á því að Króatar höfðu notfært sér sérstöðu borgarinnar sem áróðurstæki þar sem þeir leituðu samúðar umheimsins. Til þessa nýttu þeir sér fjölmiðla sem sýndu myndir þar sem Serbarnir sáu sprengja eða eyðileggja byggingar. Þarna misreiknuðu Serbar sig þar sem þeir töldu sig vera að há dæmigert Balkanstríð, meðan Króatar nýttu sér það vald sem fjölmiðlar búa yfir og birtu oft villandi fréttir af framferði Serbanna og reyndu að láta þá líta eins illa út og hægt var. Þessari aðferð er svo talið að aðrir hafi beitt síðar í stríðinu.<sup>107</sup>

Eftir fall Vukovar voru Króatar og Milošević tilbúnir að ræða við erindreka annarra ríkja um frið á milli ríkjanna. Tudjman óttaðist að ef átökin myndu halda áfram myndu Króatar missa meira landsvæði í hendur Serba. Serbar voru búnir að komast yfir eins mikið landsvæði og þeir höfðu hugsað sér og því var tímabært að semja um frið. Það var í höndum Sameinuðu Þjóðanna að finna samningamann til verksins. Cyrus Vance varð fyrir valinu og kom hann með tillögu sem báðir aðilar féllust á. Hugmyndir hans fólust í því að Serbar myndu kalla her sinn til baka en að

---

<sup>104</sup> Judah, Tim. 2000: 178

<sup>105</sup> Glenny, Misha. 1999: 637-639

<sup>106</sup> Judah, Tim. 2000: 182-183

<sup>107</sup> Judah, Tim. 2000: 183-184

herinn fengi að vera við landamærin ef til vandræða kæmi á ný. Flóttamenn áttu að fá að koma til baka og byggja átti lögregluliðið upp að nýju á svæðum sem seinna yrðu verndarsvæði Sameinuðu Þjóðanna. Serbarnir í Krajina áttu að leggja niður vopn og Sameinuðu Þjóðirnar myndu fylgjast með þeirri framkvæmd. Serbarnir óttuðust að við brotthvarf hersins myndu Serbar eiga erfiða daga fyrir höndum, að á þá yrði ráðist og þeir yfirbugaðir. Milošević sá þennan möguleika fyrir sér en honum var svo í mun um að koma á friði að þessar áhyggjur voru lagðar til hliðar. Á endanum var engum flóttamönnum leyft að snúa til síns heima og Serbar tóku yfir löggæslu á svæðinu. Það gerðist einfaldlega á þann hátt að hermenn fóru úr sínum herbúningum yfir í lögreglubúninga. Þeir voru á margan hátt ábyrgir fyrir áframhaldandi ofsóknum á Króatana sem í Krajina voru. Hlutverk Sameinuðu Þjóðanna breyttist því frá því að aðstoða flóttamenn í að komast til síns heima yfir í það að hjálpa fleirum við að flýja.<sup>108</sup>

Á meðan á átökunum stóð í Króatíu fór mikið af hergögnum og öðrum varningi í gegnum Bosníu og voru flutningarnir einnig nýttir til að hervæða arm serbneska hersins innan Bosníu. En Serbum var einnig í mun að hafa sem flesta menn undir vopnum og hófu því að dreifa vopnum á meðal Serba. Þeir sem þáðu vopnin voru meira og minna að gera það af ótta við nágrannann.

Fram að undirritun friðarsamkomulagsins í Sarajevo 2. janúar 1992 geisðu átök innan Króatíu. Vegna máttar síns hafði Serbum tekist að hernema á milli fjórðungs og þriðjungs af landsvæði Króatíu, sem þeir svo héldu allt til loka átakanna árið 1995.<sup>109</sup>

Þó að átökunum í Króatíu væri lokið stóðu menn frammi fyrir enn stærri vanda í Bosníu, þar mátti finna nokkuð stóra hópa Króata, Serba og síðast en ekki síst Múslima.

### 5.1.1 Franjo Tudjman

Tudjman fæddist í Króatíu árið 1922. Hann gekk í júgóslavneska herinn þar sem hann komst fljótt til metorða og varð einn af yngstu yfirmönnum hersins. Tudjman var ötull talsmaður þjóðernishyggju og gagnrýndi stjórnvöld fyrir að blása upp glæpi króatískra nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Gagnrýni hans á stjórnvöld leiddu til brottvikningar hans úr kommúnistaflokknum og tvisvar var hann fangelsaður. Árið 1989 stofnaði

<sup>108</sup> Judah, Tim. 2000: 189-190

<sup>109</sup> Judah, Tim. 2000: 180-181

hann króatíska demókrataflokkinn(HDZ) sem sigraði í fyrstu frjálsu þingkosningunum árið 1990. Eftir að hafa sest í embætti forseta þrýsti hann á um stofnun sjálfstæðs ríkis Króatíu.<sup>110</sup>

### 5.1.2 Slobodan Milošević

Fæddist í Požarevac árið 1941 og var seinni sonur innflytjenda frá Svartfjallalandi. Í háskóla kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Mirjana Marković og er talið að hún hafi átt stóran þátt í pólitískri velgengni eiginmanns síns þar sem bæði faðir hennar og móðir höfðu sterkt pólitískt bakland.

Í háskólanum kynntist hann einnig sínum nánasta samstarfsmanni, Ivan Stambolić sem var frændi eins valdamesta stjórnálmámanns Serbíu. Árið 1986 varð Stambolić forseti Serbíu og eftirlét félaganum sínum gamla starfið sitt sem yfirmaður serbnesku miðstjórnarinnar. Fram að þessum tíma hafði Milošević ekki haft sig mikið í frammi í stjórnmálum, frekar verið fylgifyrirlingur Stambolić. Stambolić var fylgjandi þeirri stefnu að Serbía ætti að fá aukið vægi innan Júgóslavíu án þess þó að ýta undir þjóðernishyggju. Milošević sýndi engan sérstakan áhuga á mismunandi þjóðernum annan en þann að berjast gegn þjóðernishyggju og framfylgja stefnu Tító.<sup>111</sup>

Í apríl 1987 sendi Stambolić Milošević til Kosovo til að funda með leiðtogum Serba í Kosovo, þar sem þeir höfðu hótad því að fylkja liði til Belgrad og mótmæla ofsóknum gegn Serbum. Þegar Milošević kemur til Polje, þar sem æstur múgurinn hafði safnast saman, ávarpaði hann fjöldann: Enginn ætti að leyfa sér að berja svona á ykkur! Þessi eina setning gerði það að verkum að frá þessum punkti litu Serbar á hann sem leiðtoga sinn. Hann tók að ýta félaganum sínum Stambolić til hliðar og sölsa undir sig völdin í Serbíu. Í framtíðinni notaði hann stöðu Serba innan Kosovo máli sínu til stuðnings. Mörg ár á eftir var talið að hann hafði spunnið þetta á staðnum en seinna komust menn að því að sennilegast lá talsverður undirbúningur að baki þessum gjörningi þar sem Milošević hafði fengið mann í lið með sér við að skapa eins konar múgæsing sem nota mætti honum til framdráttar.<sup>112</sup>

Næstu árin jókst vegsemd hans innan ríkisins og hann varð óumdeildur leiðtogi Serbíu. Með aðstoð Miru tókst honum að afla sér hóps af mikilmetnum einstaklingum. Næstu tvö árin nýtti Milošević sér fjöldafundi til að koma málefnum

<sup>110</sup> *Tudjman, Franjo. Encyclopædia Britannica. 2007.*

<sup>111</sup> Judah, Tim. 2000: 160-161

<sup>112</sup> Judah, Tim. 2000: 162

sínum til skila. Albanir innan Kosovo reyndu allt hvað þeir gátu til að berja stuðning hans niður en urðu að láta undan án árangurs. Mitt í þessum átökum barst Kosovo-Albönnum óvæntur stuðningur þar sem Slóvenar lýstu yfir vanþóknun sinni á aðgerðum Serba og lýstu yfir stuðningi við Kosovo-Albana. Helstu stjórnámálamenn Júgóslavíu voru samankomnir í Kosovo þann 28. júní þegar fagna átti 600 ára afmæli átakanna í Kosovo og skipan Milošević í embætti forseta. Milošević gaf mannfjöldanum innblástur með þessum orðum:

Serbs in their history have never conquered or exploited others. Through two world wars, they have liberated themselves and, when they could, they also helped others to liberate themselves. . . . The Kosovo heroism does not allow us to forget that, at one time, we were brave and dignified and one of the few who went into battle undefeated. . . . Six centuries later, again we are in battle and quarrels. They are not armed battles, though such things should not be excluded yet. . . .<sup>113</sup>

Milošević var sannfærður um að í krafti þess að ráða lögum og lofum yfir Kososvo og Vojvodina væri leikur einn að sölsa undir sig völd annarra ríkja Júgóslavíu. Þessi áform vöktu ugg hjá Króötum og Slóvenum sem sáu fyrir sér júgóslavneskt ríki stjórnðu af Serbum. Slóvenar gengu því úr Júgóslavneska kommúnistaflöknum.

Atburðir í mars 1991 leiddu til þess að átök voru óumflýjanleg. 9. mars safnaðist fólk saman úti á götum Belgrad til að mótmæla ítökum og afskiptum Milošević af ríkissjónvarpinu; átök brutust út sem kostuðu einn mótmælanda lífið og einn lögreglumann. Næsta dag söfnuðust hundruð þúsunda manna saman í miðborg Belgrad í mótmælum gegn Milošević forseta Serbíu, sem stóðu í heila viku, 24 tíma sólahringsins. Þetta var það sem fyllti mælinn hvað sambandsherinn snerti, þeir höfðu tveimur mánuðum fyrr hótad valdaráni ef Tudjman afvopnaði ekki lögreglulið sitt. Króatar höfðu samþykkt þessa skilmála en ekki framfylgt þeim og það sama átti sér stað í Slóveníu. En forsetaráðið var ennþá virkt og samþykkti ekki þessa ráðgjörð hersins. Herinn ætlaði sér enga að síður að taka völdin en hætti við á síðustu stundu og megin ástæðan var sú að það hefði getað leitt til alls herjar átaka. Neitun forsetaráðsins varð til þess að Milošević áttaði sig á því að Júgóslavía var ekki rétti vettvangurinn fyrir hann til að ná markmiðum sínu, hann fann að hann réði ekki ferðinni. Milošević kom því fram í sjónvarpi þar sem hann tilkynnti að Júgóslavía væri komin á síðasta stig þjáningar sinnar. Að auki tilkynnti hann að lýðveldið Serbía myndi ekki viðurkenna ákvarðanir forsetaráðsins undir þessum kringumstæðum enda myndi það vera lögbrot. Þetta þýddi hreint og beint stríð, en það voru þó vissi lausir

---

<sup>113</sup> Judah, Tim. 2000: 163-164

endar sem Milošević þurfti að hnýta. Forsetarnir tveir, Milošević og Tudjman, höfðu kveðið á um að aðeins átök gætu ákvarðað landamæri hinna nýju ríkja, en ákváðu þó að hittast til sjá hvort einhver grundvöllur væri til samninga þeirra á milli. Þeir ákváðu að skipta Bosníu til helminga sín á milli. Þó að herir ríkjanna hafi augljóslega átt í átökum um 9 mánaða skeið er erfitt að finna dæmi þar sem leiðtogarnir tveir gagnrýna hvorn annan opinberlega.<sup>114</sup>

Í viðtali sem tekið var í júlí 1991 sagði Tudjman sjálfan sig og Milošević hafa komist að samkomulagi um að eina deiluefnið þeirra á milli væri staðsetning landamæra ríkjanna. Þeir vildu leysa vandamál múslíma með nýjum landamærum, þ.e. að búa til nýtt ríki múslíma. Á meðan stóðu leiðtogar Bosníu fast á sínu um að halda sambandi við Júgóslavíu en þeir voru á vissan hátt blindir á þá stöðu sem komin var upp, þar sem þeir höfðu fulla trú á sambandsher Júgóslavíu og gátu á engan hátt séð það fyrir sér að hann myndi ráðast á Bosníu. Leiðtogar Bosníu og Serbíu náðu ekki saman og því hóf her Bosníu-Serba undirbúning að plani tvö en það var stofnun sjálfstæðs ríkis Bosníu-Serba. Ef að þessu yrði myndi það ríki virka sem landbrú á milli Serbíu og króatísku svæðis byggðu Serbum. Í örvæntingu sinni og af ótta við átök, á meðan stríðið í Króatíu var í fullum gangi, samþykkti þing Bosníu að lög lýðveldisins Bosníu myndu leysa af hólmi lög Júgóslavíu. Þetta átti sér stað 14.-15. október 1991. Í mótmælum Bosníu-Serba mælti leiðtogi þeirra Radovan Karadžić:

You want to take Bosnia-Hercegovina down the same highway of hell and suffering that Slovenia and Croatia are travelling. Do not think that you will not lead Bosnia-Hercegovina into hell, and do not think that you will not perhaps lead the Muslim people into annihilation, because the Muslims cannot defend themselves if there is war- How will you prevent everyone from being killed in Bosnia-Hercegovina?<sup>115</sup>

Í mótmælaskyni við hugmyndir Bosníu manna gengu Bosníu-Serbar út af þingi. Bosníu-Serbar settu dæmið þannig upp að ef Bosnía yrði gert að sjálfstæðu ríki myndi það leiða til yfirráða múslíma yfir Bosníu-Serbum. Þetta skapaði mikinn ótta hjá Serbum innan Bosníu og fólk lagði traust sitt í hendur leiðtoganna.<sup>116</sup>

Yfirvofandi átök komu líka við alþjóðasamfélagið. Þegar til átaka kom í Króatíu voru fá ef einhver vestræn ríki sem vildu sjá Júgóslavíu liðast í sundur í sjálfstæðar einingar. Innan Evrópusambandsins hafði fyrrum utanríkisráðherra Breta, Carrington lávarður, verið skipaður til að leita lausna í Júgóslavíu. Hann lagði til að þau ríki sem kröfðust viðurkenningar fengju hana en ekki fyrr en búið væri að greiða

<sup>114</sup>Glenny, Misha. 1999: 631-633

<sup>115</sup>Judah, Tim. 2000: 199

<sup>116</sup>Judah, Tim. 2000: 199

úr þáverandi vandamálum. Evrópusambandið viðurkenndi sjálfstæði Króatíu og Slóveníu þann 15. janúar 1992. Bosníumenn voru beðnir um að halda þjóðaratkvæðagreiðslu ef þeir vildu óska eftir sjálfstæði. Carrington hafði áhyggjur af þessu máli og óttaðist mjög viðbrögð Serba við þessu þar sem þeir voru búnir að vera að byggja upp her sinn innan Bosníu og fljótlega myndu fleiri hermenn bætast í hópinn þegar þeir myndu hörfa frá Króatíu. Hvað sem öllum vangaveltum líður var alveg öruggt að stríð myndi brjótast út innan Bosníu um leið og ríkið myndu lýsa yfir sjálfstæði og leita viðurkenningar frá umheiminum.<sup>117</sup>

Vangaveltur hafa verið uppi um það hvers vegna átökin brutust svona seint út í Bosníu. Margt bendir til þess að það hafi verið vegna þess að Bosníumenn voru illa vopnum búnir, Króatar áttu í átökum heima fyrir og Serbar vildu ekki standa í átökum á fleirum en einum stað í einu. En þetta átti sér aðrar og eðlilegri skýringar, allt fram í desember 1991 áttu Tudjman og Milošević í viðræðum um hvernig þeir gætu skipt Bosníu á milli sín.<sup>118</sup>

9. janúar 1992 lýsti SDS yfir stofnun ríkis Serba innan Bosníu-Hersegóvínu sem seinna fékk nafnið Lýðveldið Srpska. Þetta var lokaviðvörðun um það að ef Bosnía og Króatía myndu segja sig úr Júgóslavíu eða ríkin hljóta viðurkenningu myndi SDS hefja uppbyggingu innviða hins nýstofnaða ríkis. Í lokaviðleitni sinni til að koma í veg fyrir átök var haldinn fundur í Lissabon sem Izetbegović sótti þar sem lagt var upp með að skipta Bosníu á milli þjóðarbrotá. Á þetta féllst Izetbegović en þegar heim var komið snérist honum hugur. Það má velta því fyrir sér hvað hefði gerst hefði honum ekki snúist hugur en Serbar fullyrtu að ekki hefði komið til átaka ef svo hefði orðið.<sup>119</sup>

Þjóðaratkvæðagreiðslan sem Evrópusambandið fór fram á, var haldin helgina 29. febrúar – 1. mars. Viðbrögð Serba létu ekki á sér standa og strax þennan sunnudag hóf her Bosníu-Serba innreið sína inn í Sarajevo, þar sem þeir komu upp vegatálmum og varðstöðvum. Evrópusambandið viðurkenndi sjálfstæði Bosníu 6. apríl 1992 þar sem meirihluti múslima og Króata var því fylgjandi en flestum Serbum var meinuð þátttaka eða kusu ekki af ótta við hefndaraðgerðir. Almennt er talað um að stríðið hafi hafist þennan dag en átök voru þegar hafin í borginni Bosanski Brod sem lá

---

<sup>117</sup> Judah, Tim. 2000: 200

<sup>118</sup> Judah, Tim. 2000: 201

<sup>119</sup> Judah, Tim. 2000: 202

norðarlega í landinu. Átökin hófust um svipað leti og innreið Serba inn í Sarajevo.<sup>120</sup> Borgarastríðið í Bosníu var hafið!

## **5.2 Borgarastríð á Balkanskaga**

Árið 1992 færðist miðja átakanna frá Króatíu til Bosníu-Hersegóvínu enda ekki að undra ef litið er til uppruna og trúarbragða íbúanna. 44% voru múslímar, 31% Serbar og 17% Króatar. Þessi þjóðarbrot bjuggu vítt og dreift um landið. Í mars 1992 kusu 62% íbúanna að lýsa yfir sjálfstæði frá Júgóslavíu. Þrátt fyrir andstöðu Serba var nýtt ríki múslíma stofnað, sem í apríl hlaut svo viðurkenningu Evrópusambandsins og Bandaríkjanna. Serbar þráuðust við og 27. mars stofnuðu þeir sitt eigið serbneska ríki, Krajina innan Króatíu, sem átti að verða hluti af Júgóslavíu. Í mars og apríl hrifsuðu Serbar, með mun betur búinn her, til sín mikið landsvæði og ráku mikinn fjölda manna á flóttu frá heimilum sínum. Ef einstaklingur gat ekki rakið sig til Serba, var viðkomandi annað hvort keyrður út af svæðinu eða hann drepinn á staðnum. Fjöldamorð þar sem heilu samfélögin voru þurrkuð út urðu að daglegu brauði sem og skipulagðar nauðganir serbneskra hermanna á múslíma konum. Útrýmingarbúðir voru settar upp þar sem fólk var svelt og upplifði þjáningar sem erfitt er að lýsa með orðum. Þessar aðgerðir Serba leiddu til ótrúlegra rauna sem almenningur hafði ekki séð eða upplifað síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Í lok ársins 1992 höfðu aðgerðirnar kostað tugi þúsunda mannlífa og meira en ein milljón manna hafði verið flutt nauðug á brott frá heimilum sínum. Þrátt fyrir viðleitni Evrópusambandsins, Bandaríkjanna og Sameinuðu Þjóðanna til að stilla til friðar, þráuðust stríðandi aðilar við og átökin héldu áfram. Hjálpargögn voru send til Bosníu og friðargæsluliðar á vegum Sameinuðu Þjóðanna sáu um að dreifa þeim.

Þrátt fyrir að Serbar neituðu því að eiga nokkurn þátt í aðgerðum Bosníu-Serba, skellti Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna allri skuldinni á herðar stjórninni í Belgrad. Þann 30. maí 1992 settu Sameinuðu Þjóðirnar viðskiptabann á Serbíu og frystu erlendar eignir þess. En það sem meira var, var að þeir neituðu að líta á hið nýja ríki sem áframhaldandi Júgóslavíu, í alþjóðlegum skilningi var þetta fyrrum Júgóslavía. Rússar og Grikkir litu þó framhjá þessu og fluttu vörur áfram til Serbíu. Þrátt fyrir að Bosníu-Serbar hafi verið í aðalhlutverki stríðandi aðila, studdu Serbó-Króatar hina nýskipuðu hægri stjórn Franjo Tudjman sem var farin að hugleiða það

---

<sup>120</sup> Judah, Tim. 2000: 202-203

hvernig hún kæmist yfir landsvæði í Bosníu. Radovan Karadzic, varð leiðtogi Bosníu-Serba, með stuðningi hershöfðingjans Ratko Mladic. Höfuðborg hins nýja ríkis, Srpska, var bærinn Pale, þaðan sem stefnunni um Stóru-Serbíu var haldið áfram, með stuðningi Slobodans Milošević.

Samþykki alþjóðasamfélagsins var meginmarkmið Serba en stjórn múslíma í Bosníu reyndi að koma fréttáflutningi þannig fyrir að það hallaði á Serba. Með þessu tókst þeim að fanga samúð heimsins. Þrátt fyrir þetta gat stjórn Alija Izetbegovic verið alveg jafn herská og Serbar eða Króatar í að ná sínum markmiðum.

Þrátt fyrir að fjöldi fólks, sérstaklega í fjölmiðlum, gerði sitt til að gagnrýna Vesturlönd fyrir aðgerðaleyfi við að leysa vandann, var í raun erfitt að festa hendur á hvað þau gátu gert í raun og veru. Ekkert ríki var tilbúið að senda inn hermenn til að stilla til friðar, því að það myndi einungis kalla á mikið mannfall, sem sennilegast yrði harðlega gagnrýnt. Besti kosturinn í stöðunni var því að beita loftárásum, en þær myndu eflaust litlu skipta um framvindu í landhernaðar.<sup>121</sup>

Átökin héldu áfram árið 1993, þrátt fyrir að árið hafi hafist með von um frið, með friðarviðleitunum Evrópusambandsins og Sameinuðu Þjóðanna, undir handleiðslu Owens Lávarðar og Cyrus Vance 10. febrúar 1993. Tillögurnar hljóðuðu upp á skiptingu Bosníu í 10 héruð, sem að mestu myndu ráðast af uppruna og þjóðerni íbúanna. Hlutfallslega áttu Serbar að fá 46% landsins, múslímar 30% og Króatar 24%. Þessar tillögur voru samþykktar í upphafi, en þegar viðræður stóðu yfir í Washington í júní var þeim hafnað. Í framhaldi af því samþykkti Öryggisráð Sameinuðu Þjóðanna að sett yrðu upp 10 griðasvæði fyrir múslíma innan Bosníu og aukinheldur fengu friðargæsluliðar heimildir til þess að skjóta til baka ef á þá yrði ráðist. Á meðan samningaviðræður stóðu yfir fór ástandið í gömlu höfuðborg Bosníu, Sarajevo, stigversnandi. Á meðan múslímar réðu yfir og héldu sig í miðborginni, settust Serbarnir að í úthverfunum og létu sprengjum og skotum rigna yfir borgina. Leyniskyttur Serba sáu svo til þess að múslímar gátu sig hvergi hreyft og skutu á allt sem hreyfðist. Þar sem borgin var rústir einar þurftu þeir því að hýrast í kjöllum og rústum bygginga og beita brögðum við það að nálgast nauðsynjar eins og mat, vatn, lyf og eldsneyti.<sup>122</sup>

---

<sup>121</sup> Burrows, Terry. 1999: 510-511

<sup>122</sup> Burrows, Terry. 1999: 520-521

## Markaðstorgið

Íbúar Sarajevo töldu sig vera búna að verða fyrir öllu sem hægt væri að verða fyrir þegar kom að sprengjuárásum. Enginn reiknaði með því að ein sprengja úr sprengjuvörpu gæti valdið eins miklum skaða og raun bar vitni laugardaginn 5. febrúar 1994. Sprengjan, sem féll úr lofti öllum að óvörum á markaðstorg við kaþólsku dómkirkjuna í Sarajevo, drap 69 manns og særði meira en 200. Þarna breyttist iðandi markaðstorgið í einni svipan í blóðugan vígvöll. Hvernig skaðinn af einni sprengju varð svona mikill er ekki gott að vita en sumir eftirlifendur vilja meina að hún hafi lent á tjaldþaki úr plasti og þess vegna hafi glóandi jámbrotum rignt yfir torgið. Það sem gerði þetta enn hrikalegra var að sprengjunni var skotið á annars rólegum degi. Þetta var eitt af því sem var svo kaldhæðið við Sarajevo, þ.e. að oft dóu fleiri á rólegum dögum en á þeim dögum þegar stöðugar sprengjuárásir stóðu yfir. Þetta var vegna þess að á rólegu dögnum kom fólk út á göturnar. 5. febrúar var bjartur og sólríkur dagur og torgið var troðið af fólki. Sprengjan sprakk án nokkurrar viðvörunar.<sup>123</sup>

Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Izetbegović forseti boðaði til blaðamannafundar nokkrum klukkutímum eftir atburðinn þar sem hann sagði þetta vera svartan dag í sögu Bosníu. Hann reyndi að höfða til þjóða heimsins með því að segja að þær þjóðir sem styddu vopnabann gagnvart þjóð hans ættu þátt í stríðsglæpum eins og þessum. Radovan Karadžić var álika fljótur til og neitaði allri sök. Hann sagðist líka hafa skipað hermönnum sínum að stöðva allt hjálparstarf þar til Sameinuðu Þjóðirnar játuðu að Serbar ættu ekki sökina. Seinna kom hann með þá kenningu að múslímar hefðu komið sprengjunni fyrir eða skotið henni eða jafnvel komið líkunum fyrir á torginu.<sup>124</sup>

Þessar útskýringar Karadžić báru einhvern árangur þar sem sumir fóru að hallast að þeirri skoðun að múslímar hefðu gert þetta sjálfir. Meðal þeirra var Lewis MacKenzie hershöfðingi. Hann hafði haldið því fram áður að múslímar fremdu verstu stríðsglæpina á eigin fólki. Hann hafði verið þessarar skoðunar allt frá árinu 1992 þegar sprengja sprakk í Vase Miskina götunni í miðbænum og drap 22 manns. Aldrei urðu þessar ásakanir gerðar opinberar enda voru ekki til sönnunargögn sem studdu þetta.<sup>125</sup>

---

<sup>123</sup> Silber, Laura. 1996: 309

<sup>124</sup> Silber, Laura. 1996: 309-310

<sup>125</sup> Silber, Laura. 1996: 310-311

Áætlaðar tölur um mannfall vorið 1994, gáfu til kynna að um 200.000 manns hefðu farist frá upphafi átaka og um 4 milljónir misst heimili sín. Sameinuðu Þjóðirnar héldu áfram að senda gögn til Bosníu og friðargæsluliðunum var fjölgað, án þess þó að þeir væru á einhvern hátt í stakk búnir að svara fyrir sig ef kæmi til átaka. Til að mynda voru griðasvæðin 6, Sarajevo, Tuzla, Srebrenica, Zepa, Gorazde og Bihac undir stanslausum árásum og urðu að einskonar tákngervingar fyrir átökin í landinu í gegnum fréttamiðla. Niðurlæging Sameinuðu Þjóðanna var fullkomnuð í desember 1994 þegar Serbar gerðu árás á Bihac, sem leiddi til loftárása Sameinuðu Þjóðanna á herflugstöð Serba, sem svöruðu með því að taka friðargæsluliða til fanga. Leiðtogi Serba sagði að Bihac yrði fyrst örugg þegar Serbar væru búnir að ná því. Í lok ársins stóðu leiðtogar vesturveldanna frammi fyrir því að annað hvort draga lið sitt til baka eða búa sig undir hernaðar átök við Serba.<sup>126</sup>

Afstaða Bandaríkjanna til málanna á Balkanskaganum var á þá leið að þeir voru ekki tilbúnir til að senda á vettvang bandaríska hermenn en voru frekar til í að skoða aðgerðir sem snéru að því að beita lofthernaði og sprengjuárásum. Afstöðumunur milli Bandaríkjanna og Evrópu fór vaxandi. Rússar lögðust harkalega gegn þessum ráðagerðum Bandaríkjanna, það stafaði ekki af einhverri samkennd slavneskra þjóða eins og Vesturlönd vildu meina, heldur meira vegna þess hver staða Rússa var eftir fall Sovétríkjanna. Því fór það mjög fyrir brjóstið á þeim að NATO skildi vera að undirbúa loftárásir í miðri Evrópu áður en Washington og Moskva höfðu rætt sín á milli um hvernig öryggismálunum yrði háttað eftir kalda stríðið.<sup>127</sup>

Framan af stóðu Króatar og múslímar saman í átökunum við mun öflugri her Bosníu-Serba. En þar sem ekki náðist samkomulag um frið, brutust út átök þeirra á milli. Serbarnir fengu þau hergögn sem urðu eftir í Júgóslavíu og gátu kallað til serbneska herinn hvenær sem var. Sambandsslit Króata og múslíma var mikið reiðarslag fyrir múslímana. Tadjman kallaði nú eftir að Milošević myndi standa við samninginn sem þeir höfðu gert sín á milli um að skipta Bosníu sín á milli.<sup>128</sup>

Íbúar Bosníu voru dreifðir um landið og voru það mest Serbar og Króatar sem byggðu sveitirnar en múslímar bjuggu meira í þéttbýlinu. Eins og annars staðar í Júgóslavíu hafði mikill fjöldi ungra manna flust á mölina eftir seinni heimsstyrjöldina og um leið slitið á tengslin milli borgar og sveitar. Mestur fjöldi þessara aðfluttu voru

---

<sup>126</sup> Burrows, Terry. 1999: 522

<sup>127</sup> Glenny, Misha. 1999: 640-641

<sup>128</sup> Glenny, Misha. 1999: 641

Serbar en engu að síður héldu múslímar áfram að fá fleiri tækifæri til að komast til áhrifa. Til að stuðla að sátt og samlyndi á meðal þjóðarbrotu setti kommúnistaflokkurinn á fót þriggja þrepa kerfi. Ef Króati var hækkaður um tign innan stjórnarinnar máttu Serbi og múslími einnig eiga von á því að vera hækkaðir um tign. Ef Serbi var handtekinn fyrir pólitískar skoðanir sínar, leið ekki á löngu þar til Króati og múslími voru teknir af lögreglunni einnig.<sup>129</sup>

### 5.2.1 Radovan Karadzic

Radovan Karadzic var leiðtogi Bosníu-Serba. Hann fluttist til Sarajevo en varð fljótlega þeirrar skoðunar að múslímar hefðu ákveðið kverkatak á hinum almenna borgara Sarajevo. Við fall einflokkakerfisins stofnaði hann Græningjaflokk en sagði sig fljótlega úr honum þegar hann komst að því að fáir höfðu áhuga á umhverfinu. Hann stofnaði því serbneska demókrataflokkinn (SDS) og lét sér málefni dreifbýlisins meiru varða. Markmið Serba innan Bosníu var að ná yfirráðum yfir 70% af landsvæði Bosníu, þó að þeir væru aðeins um 30% af íbúunum. Serbar réðu yfir gríðarlega sterkum her og hófu sókn sína til að vinna landsvæði með stuðning serbneska hersins og Milošević. Að auki voru flestir Serbar þeirrar skoðunar að þeir vildu vera hluti af Júgóslavíu í framtíðinni og því sóttu þeir fram af krafti og áræðni. Serbar ruddust áfram þar sem þeir mættu lítilli mótspyrnu múslíma og skildu eftir þúsundir fallinna íbúa. Þessi harka Serba, þjóðernishreinsanir, stuðluðu að breytingum á svæðum sem voru undir yfirráðum Bosníumanna.<sup>130</sup>

### 5.2.2 Alija Izetbegović

Eftir fall kommúnismans komst Alija Izetbegović til valda sem forseti eftir fyrstu fjölflokkakosningar sem haldnar voru í Bosníu árið 1990. Hann var harður múslímskur þjóðernissinni sem á sinn hátt hrakti þjóð sína út í stríð með sjálfstæðisyfirlýsingu í apríl 1992. Stríðið kostaði sundrung í ríkinu og skildi efnahag ríkisins eftir í molum.<sup>131</sup>

Frá upphafi átakanna sóttist stjórnvöldum í Bosníu illa að vinna með bandamönnum sínum Króötum. Helgaðist það að mestu að því að löndin tvö höfðu mismunandi markmið að leiðarljósi. Alija Izetbegović forseti Bosníu hafði það að markmiði að stofna sjálfstætt ríki í Bosníu þar sem þjóðarbrotin gátu lifað saman í sátt

<sup>129</sup> Glenny, Misha. 1999: 642-643

<sup>130</sup> Glenny, Misha. 1999: 644

<sup>131</sup> *Izetbegovic, Alija. Britannica Book of the Year, 2004.*

og samlyndi. Markmið Króata var hins vegar að koma á bandalagi milli Króatíu og Bosníu-Hersegóvínu þar sem megin þungi stjórnarinnar yrði í Zagreb. Í versta falli voru þeir tilbúnir að skipta Bosníu með Serbum. En hvorki Króatar né múslímar gátu áttað sig á stöðu mála fyrir en Bosnía hafði lýst yfir sjálfstæði frá Júgóslavíu.<sup>132</sup>

Að því undanskildu að styðja aðgerð Sameinuðu Þjóðanna á jörðu niðri stóð alþjóðasamfélagið ráðþrota frammi fyrir því hvernig best væri að bregðast við stöðunni sem komin var upp. Veturinn 1993-94 var myrkur tími í stríðinu í Bosníu. Serbar höfðu plantað sér í kringum Sarajevo og létu sprengjum og skotum rigna yfir borgina. Viðbrögð alþjóðasamfélagsins urðu hörð þar sem Bandaríkjamenn kölluðu saman fund innan NATO sem krafðist þess að Serbar myndu draga herlið sitt frá hliðunum nærri Sarajevo innan tíu daga. Þegar þrjú dagar voru til stefnu tilkynnti Boris Jeltsín öllum að óvörum að rússneskir hermenn myndu dreifa sér kringum Sarajevo til að koma í veg fyrir að bosníska sambandsherinn myndi nýta sér (arðræna) þær byssur sem Serbar mundu skilja eftir og setja á fót landgöngulið sem gera myndi gagnárás á Serbana. Þessi ráðgerð sló á spennuna sem myndast hafði um þessa kröfu NATO. Herir Bosníu og Serbíu hófu að afhenda byssur á safnsvæðum Sameinuðu Þjóðanna. Þó að Serbar hafi ekki að fullu framfylgt þessum kröfum, komst líf í Sarajevo á nokkurn hátt í samt horf í nokkra mánuði.<sup>133</sup>

### **5.3 Endalok átakanna**

Þegar komið var fram á vordaga 1994 voru Bandaríkjamenn og Þjóðverjar farnir að ræða sín á milli hvað þyrfti til að koma á friði. Þeim tókst að sannfæra Tudjman og Izetbegovic um að stofna ríkjasamband 18. mars 1994. Þó að þessi samningur hafi komið á friði milli Bosníumanna og Króata, gaf hann Króötum tækifæri til að hafa bein afskipti af málefnum Bosníu. Hið nýja ríki Bosníu-Hersegóvínu var hampað til marks um staðfestu Vesturlanda til að mynda fjölþjóðaríki. Reyndin varð sú að þetta gaf skýrari mynd af skiptingunni innan landsins. Þessi samningur átti einnig eftir að virka vel fyrir Króata varðandi stuðning frá Washington og gaf þeim tækifæri á nálgast fjármagn og vopn til uppbyggingar. Með því gátu þeir styrkt her sinn til muna og því verið betur í stakk búnir að takast á við Serba.<sup>134</sup>

---

<sup>132</sup> Glenny, Misha. 1999: 644-645

<sup>133</sup> Glenny, Misha. 1999: 646-647

<sup>134</sup> Glenny, Misha. 1999: 647

Í febrúar 1995 tilkynnti Tudjman að hann myndi ekki samþykkja nýtt umboð fyrir sveitir Sameinuðu Þjóðanna innan Króatíu. Á þeim tíma voru sveitir Sameinuðu Þjóðanna dreifðar um þau fjögur svæði sem serbneskir uppreisnarmenn héldu sig á innan Króatíu. Erlendir erindrekar höfðu nú sex mánuði til að koma með lausn á deilunni eða búast við árás Króata á svæði Serba í Króatíu. Innan Bosníu var friðarsáttmáli frá því í desember 1994 við að gufa upp og herir ríkjanna þriggja bjuggu sig undir átök. Richard C. Holbrooke hafði verið fengið það hlutverk að koma á friði í Bosníu. Hann var sannfærður um það að til þess þyrfti hann að eiga bein samskipti við Milošević sem var hlynntur hugmyndum um skiptingu Bosníu í tvennt, þar sem annað var ætlað Serbum og hitt Bosníu-múslímum. Hann var aftur á móti ósáttur við þrjóska Karadzic sem hann taldi vera að spilla fyrir Júgóslavíu í heild.<sup>135</sup>

Árið 1995 voru átökin í Bosníu farin að reyna á þolrif Vesturlanda gagnvart stríðandi fylkingum, sérstaklega Serbum. Að sama skapi má segja að tekið hafi að þrengja að Serbum, þar sem Sameinuðu Þjóðirnar voru farnar að senda mun öflugri hergögn til Bosníu. Í júlí náðu Serbar Srebrenica á sitt vald, en það var ekki fyrr en stefndi í það sama með bæinn Goradze sem Sameinuðu Þjóðirnar tóku til sinna ráða. Loftárásir voru skipulagðar á skotmörk Serba á meðan franskar og breskar hersveitir létu skotin dynja á stöðvum Serba nærri Sarajevo. Serbar svöruðu ekki þessum árásum, kannski af ótta við árásir á Pale. Á sama tíma voru Króatar og múslímar farnir að vinna á og í staðinn fyrir að missa allt það svæði sem þeir höfðu unnið ákváðu Serbar að setjast að samningaborðinu. Í nóvember 1995 hittust leiðtogar hinna stríðandi fylkinga í Dayton í Ohio, þar sem sæst var á friðartillögur Richards Holbrooke. Samningurinn var undirritaður í París í desember en með honum var stofnað nýtt ríki, Bosnía-Hersegóvína, sem samanstóð af tveimur sjálfstjórnarhéruðum, ríkjasambandi múslíma og Króata og lýðveldi Bosníu-Serba. Fleiri friðargæsluliðar voru sendir til Bosníu til að passa upp á samningurinn yrði virtur.<sup>136</sup>

Sundrung Serba og tilkoma öflugri herja Króata olli mestum viðsnúningi í stríðinu. Forseti Króatíu, Franjo Tudjman, var klókari en Milošević að því leyti að hann vann með Izetbegović forseta Bosníu, þrátt fyrir að vera ekki sammála honum í öllu. Með því fékk hann stuðning alþjóðasamfélagsins. Sú röð atburða sem breytti gangi átakanna og jók mjög líkurnar á friði, hófst í Srebrenica á svæði múslíma. Fall

<sup>135</sup> Glenny, Misha. 1999: 648-649

<sup>136</sup> Glenny, Misha. 1999: 533

Srebrenica var svört stund alþjóðlegs hjálparstarfs í Bosnía. Sameinuðu Þjóðirnar gerðu lítið til að stöðva dráp þúsunda manna. Fall Srebrenica varð til þess að Bandaríkjamenn tóku forystu innan Sameinuðu Þjóðanna í Bosnía og nú var öllu hlutleysi kastað fyrir borð. Einnig fengu þeir Króata til að taka virkari þátt í baráttunni gegn Serbum auk þess sem Evrópuríkin tóku aukinn þátt með Bandaríkjamönnum.<sup>137</sup>

---

<sup>137</sup> Silber, Laura. 1996: 345

## 6. Þjóðernishreinsanir

Fáir ef nokkrir atburðir í borgarastríðinu vöktu eins hörð viðbrögð alþjóðasamfélagsins og framferði Serba í Srebrenica í júlí mánuði 1995. Borgin var griðasvæði Sameinuðu Þjóðanna og áttu þeir sem þar voru að vera óhultir fyrir árásum stríðandi aðila. Endurspeglaði árás Serba þá grimmd sem bjó innra með stríðandi aðilum og það harðræði sem menn voru tilbúnir að beita. Þessi atburður varð til þess frekar en nokkur annar að ýta við alþjóðasamfélaginu og hvetja menn til að finna lausn mála. Þó að lausnin hafi fengist í átökum Serba og Bosníumanna áttu Serbar enn í átökum í Kosovo sem síðar varð til þess að til átaka kom milli Frelshers Kosovo og Serba.

### 6.1 Átökin um Srebrenica

Srebrenica var eitt af þeim svæðum sem Sameinuðu Þjóðirnar höfðu lýst yfir að væru „örugg svæði“. Hin voru Žepa og Goražde. Þetta þýddi að svæðið átti að vera laust við vopnaðar árásir eða annars konar ofbeldisverk. Hollensk hersveit á vegum Sameinuðu Þjóðanna var staðsett í Srebrenica, en í júlí 1995 voru aðeins 429 hermenn þeirra eftir. Þar af voru aðeins rétt um helmingur þeirra landgönguliðar. Afgangurinn var aðstoðar- og læknalið. Þessir hermenn voru ekki vel útbúnir til bardaga enda var verkefni þeirra fyrst og fremst að fylgjast með og skrásetja það sem gerðist. Þeir máttu aðeins beita vopnum í sjálfsvörn ef gerð var árás á þá.<sup>138</sup>

Serbar gerðu reglulega sprengjuárásir á svæðið enda voru þeir vel staðsettir til þess á hæðunum ofan við borgina. Árás Serba á „örugga svæðið“ í Srebrenica hófst fimmtudaginn 6. júlí 1995. Um 45 mínútum seinna tilkynntu hollenskir varðturnar í suð-austur hluta svæðisins um að átök hefðu brotist út allt í kringum þá. Fyrsta beina árásin á varðturna Hollendingana var á Foxtrot varðturninn. Hollendingarnir voru í þeirri erfiðu stöðu að þurfa að ákveða hvort þeir ættu að verjast og hætta á að vera yfirbugaðir af miklu meiri hernaðarmætti Serba, biðja um loftárás til að yfirbuga Serba, eða að reyna að leysa vandann á diplómáttiskan hátt. Að lokum var síðasti kosturinn valinn en Serbar gáfu ekki mikið fyrir það og því var möguleikinn á

---

<sup>138</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 6

loftárásum kannaður. Mennt voru hinsvegar tregir til að beita loftárásum vegna þess að það hefði verið svo áhættusamt.<sup>139</sup>

Þegar fyrsti varðturninn féll kusu hermenn í sumum hinna frekar að gefast upp fyrir Serbum og láta þá taka sig til fanga. Serbar ábyrgðust að þeir fengju að lifa. Til þess að geta fylgst með ástandinu, þar sem þeir höfðu misst nokkra varðturna sendu Hollendingarnir nokkra hópa af brynvörðum bílum til að taka sér varðstöður í kringum borgina. Á þessum tímapunkti voru múslímarnir við það að tapa átökunum. Þeir gerðu því allt sem þeir gátu til að koma Sameinuðu Þjóðunum inn í málið og hindruðu för bílanna og vildu að þeir færu nær Serbunum.<sup>140</sup>

Í suðurhluta svæðisins hélt ástandið áfram að versna og nálgudust Serbar borgina stöðugt. Um hálf sjö á sunnudagskvöldinu voru þeir aðeins 2 kílómetra fyrir utan borgina. Það kvöld ráðfærðu foringjar hollensku herdeildarinnar sig við yfirmenn sína hjá Sameinuðu Þjóðunum. Þeir óttuðust að loftárásir gætu gert ástandið mun verri. Þeirra fyrirmæli voru þau að hollensku hermennirnir settu upp hindranir og stöðvuðu framrás Serba með öllum ráðum. Serbum voru gefnir úrslitakostir um að þeir hættu framrás sinni og yfirgæfu Srebrenica svæðið og slepptu hollensku hermönnum sem þeir höfðu tekið til fanga, að öðrum kosti yrði gerð loftárás á þá. Serbar létu ekki segjast og héldu áfram sókn sinni. Þeir fóru sér samt að engu ódslega og gerðu til dæmis hlé á árásinni til að hleypa flóttamönnum út úr bænum. Reyndar var það eitthvað sem að múslímum var illa við enda töldu þeir líklegra að Sameinuðu Þjóðirnar myndu skipta sér af ef almennir borgarar flæktust inn í átökin.<sup>141</sup>

Serbar voru við það að ná öllu svæðinu og því sáu Hollendingarnir ekki annan kost en að biðja um loftárás. Þegar grænt ljós var gefið á loftárás var leyfið einungis til að ráðast á Serba sem voru að gera árás og áttu Serbar auðvelt með að komast í kringum það. Misskilningur varð milli Hollendinganna og yfirmanna þeirra og héldu Hollendingarnir að þetta yrði allsherjar loftárás og vöruðu þeir múslíma við henni. Þetta varð í raun bara til þess að hjálpa Serbum þar sem múslímarnir lögðu niður varnir á meðan loftárásin átti að eiga sér stað og fengu Serbar því meira rými til að athafna sig.<sup>142</sup>

Þar sem loftárásin varð aldrei eins öflug og Hollendingarnir höfðu reiknað með voru Serbarnir komnir í lykilstöðu. Flóttamennirnir héldu áfram að streyma út úr

<sup>139</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 6-10

<sup>140</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 11-12

<sup>141</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 13-18

<sup>142</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 18-22

bænum og þegar bærinn var orðinn alveg tómur hröktu Serbarnir flóttamennina og hollensku hermennina með til hollensku herstöðvarinnar í Potočari.<sup>143</sup>

## 6.2 Brottlutningurinn

Um kvöldið 11. júlí voru um 25.000 bosnískir flóttamenn saman komnir á mjög litlu svæði í kringum hollensku herstöðina í Potočari. Meirihluti þeirra voru konur og börn en einnig voru um 1.200 karlmenn á þeim aldri að þeir gætu verið í hernum auk margra sem voru ýmist of ungir eða of gamlir fyrir herþjónustu. Hollendingarnir hleyptu um 3.000 til 4.000 manns inn í herstöðina. Um 20.000 manns voru því fastir fyrir utan girðinguna og leituðu skjóls í nærliggjandi verksmiðjuhúsum. Þar sem þúsundir flóttamanna héldu áfram að streyma inn í Potočari sáu Hollendingarnir fram á stór vandamál. Þó svo að þeir deildu vatni sínu og mat með flóttamönnum voru birgðirnar langt frá því að vera nægar. Það var engin hreinlætisaðstaða fyrir flóttamennina og þeir urðu að létta sér þar sem þeir sátu og þar sem hitinn var vel yfir 30 °C yfir daginn varð fnykurinn af svita og úrgangi fljótt óþolandi. Þar sem hætta var á að sjúkdómar færu að breiðast út næsta dag þegar hitinn færi hækkandi aftur grófu Hollendingarnir stóra holu sem átti að verða fjöldagröf. Ljóst var að ástandið kallaði á það að flytja fólkið í burtu sem allra fyrst.<sup>144</sup>

Ekki tókst Hollendingunum að tryggja flóttamönnum örugga leið í burtu eins og múslímar höfðu vonað. Allt frá upphafi var það ætlun Serba að skilja karlmenn og drengi frá hinum flóttamönnum. Konur, börn og gamalmenni áttu að fara til Kladanj sem er á svæði sem bosníska ríkisstjórnin stjórnar. Karlarnir áttu að fara í einangrunarbúðir í og við Bratunac. Þar átti að yfirheyra ákveðna karlmenn vegna stríðsglæpa en það var í raun bara yfirvarp þar sem meiningin var alltaf að taka þá alla af lífi.<sup>145</sup>

Þessi aðgerð var flókin í framkvæmd. Þeir þurftu að sjá til þess að nóg væri af farartækjum til að flytja allt þetta fólk. Það í sjálfu sér var mjög erfitt þar sem ekki var mikið úrval af bílum í serbneska hluta Bosníu auk þess sem erfitt var að útvega eldsneyti. Serbar hugsuðu út í öll smáatriði, t.d. sendu þeir slökkvibíl með vatn og

---

<sup>143</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 26

<sup>144</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 28-29

<sup>145</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 29

lítinn flutningabíl með brauð til að dreifa út á meðal flóttamannanna til að byggja upp traust þeirra .<sup>146</sup>

Fljótlega eftir að herir Serba réðust inn í Srebrenica og tóku yfir „örugga svæðið“ tók Ratko Mladić sjálfur stjórn á málum þar. Fljótlega kallaði hann Karremans, yfirmann hollensku herdeildarinnar, á fund sinn þar sem hann sagði að hann hefði stórskotalið sem beint væri að herstöð Hollendinga í Potočari og ef fleiri loftárásir yrðu gerðar á Serba myndi hann ekki hika við að sprengja herstöðina upp og þar með hollensku hermennina og flóttamennina. Hann sagði líka að allir múslímskir hermenn yrðu að gefa frá sér vopnin ef þeir ætluðu að komast lifandi yfir á yfirráðasvæði ríkisstjórnar Bosníu. Hver sá sem ekki færi eftir þessu myndi deyja.<sup>147</sup>

Sameinuðu Þjóðirnar og hollenska ríkisstjórnin höfðu ákveðið að hollenska hersveitin ætti aðeins að fylgjast með brottflutningi flóttamannanna. Þessi ákvörðun reyndist henta Mladić mjög vel enda gat hann þá ákveðið sjálfur hvernig þetta færi fram. Skipta átti flóttamönnunum í fimm hópa, fyrstu fjórir voru slasaðir, veikir og veikburða, konur og börn, hollensku hermennirnir og alþjóðlegir starfsmenn. Fimmti hópurinn, múslímskir karlmenn, átti að fara í yfirheyrslur. Sameinuðu Þjóðirnar áttu að útvega allt eldsneyti fyrir farartækin. Múslímarnir mótmæltu því að aðskilja ætti karlmennina frá öðrum. Karremans tók undir þetta og sagði líka að ef það ætti að verða af þessum flutningum myndu hans menn sjá um að fylgja bílalestinni. Hann lagði til að einn hollenskur hermaður væri í hverju farartæki.<sup>148</sup>

Fyrstu serbnesku hermennirnir sem komu til Potočari gerðu tafarlausa kröfu um að fá aðgang að herstöðinni til að kanna flóttamennina. Í fyrstu meinuðu Hollendingarnir þeim aðgang en þegar Serbar hótuðu að beita valdi var þeim hleypt inn. Mladić kom og talaði yfir flóttamennina og sagði að allir fengju að fara og þau þyrftu engar áhyggjur að hafa. Þegar þarna var komið misstu Hollendingarnir þau litlu tók sem þeir höfðu á ástandinu og múslímarnir byrjuðu að streyma inn í rúturnar. Farið var með mennina í hús suð-vestur af herstöðinni þar sem hermenn og lögreglumenn með hunda gættu þeirra. Allar persónulegar eigur þeirra voru teknar af þeim og brenndar. Seinna var farið með þá til Bratunac. Þegar Hollendingarnir áttuðu sig á því að verið var að flytja karlmennina á annan stað en konur og börn reyndu þeir að fylgja rútunum eftir en við bæjarmörk Bratunac voru þeir stöðvaðir af serbneskum

---

<sup>146</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 30

<sup>147</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 30-33

<sup>148</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 33-34

hermönnum. Næstu daga gáfu hollensku hermennirnir sem haldið var föngrum í Bratunac skýrslu af því að þeir hafi séð rútur fullar af karlmönnum og skein skelfingin úr augum þeirra. Þá urðu þeir líka varir við reglulega skothríð. Þeir töldu líklegt að verið væri að taka múslímana kerfisbundið af lífi.<sup>149</sup>

Það tók aðeins þrjá klukkutíma að flytja flóttamennina frá sjálfri herstöðinni. Klukkan 19:00 þann 13. júlí höfðu allir múslímsku flóttamennirnir yfirgefið herstöðina. Srebrenica svæðið var „hreint“ þjóðernislega. Brantz ofursti uppgötvaði um kvöldið 13. júlí að 4.000 múslímska karlmenn virtist vanta. Annaðhvort hafði verið ranglega talið eða þá að eitthvað hefði komið fyrir mennina á leiðinni frá Potočari til Tuzla. Hann hafði samband við yfirmenn sína og lagði áherslu á að eitthvað þyrfti að gera því ennþá væri möguleiki á að koma í veg fyrir mannréttindabrot.<sup>150</sup>

### **6.3 Fjöldamorðin**

Þriðjudaginn 12. júlí höfðu síðustu múslímsku hermennirnir í hliðarnar vestur og norðvestur af Srebrenica. Þeim hafði mistekist að blanda Sameinuðu Þjóðunum í átökin og voru því augljóslega búnir að tapa baráttunni. Úr hliðunum fylgdust þeir með þegar Serbarnir streymdu inn í bæinn.<sup>151</sup>

Aðfaranótt 12. júlí höfðu tíu til fimmtán þúsund manns, safnast saman tilbúin til að fara af stað, aðallega voru þetta karlar en líka nokkrar konur og nokkur börn, aðallega fjölskyldur yfirmanna hersins. Reynt var að skipuleggja hópinn þannig að fremst færu þjálfaðir hermenn sem myndu búa til glufu í her Serba svo hinir gætu elt. Svo mikill fjöldi hafði safnast þarna saman að þó að fyrstu menn hefðu lagt af stað um miðnætti lögðu þeir síðustu ekki af stað fyrr en um miðjan næsta dag. Þjálfuðu hermennirnir sem voru fremstir í röðinni fóru hratt yfir en pössuðu sig á því að vera bara á ferð að næturlagi vegna þess að í dagsbirtunni voru þeir berskjaldaðri.<sup>152</sup>

Minna þjálfaðir hermenn og almennir borgarar voru ekki eins heppnir. Serbar vissu að múslímar þurftu að fara yfir annan tveggja vega á svæðinu og þar biðu þeir. Múslímar áttu sig á því að Serbar gættu vegarins framundan og hikuðu því. Þeir vissu ekki hvað þeir áttu að gera næst. Áður en varði hófu Serbar að skjóta úr öllum

<sup>149</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 34-41

<sup>150</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 42-44

<sup>151</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 48-49

<sup>152</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 49-50

áttum. Þetta neyddi mennina til að breyta um stefnu og halda vestur á bóginn meðfram Bratunac-Konjevići veginum. Núna var hópurinn ekki lengur skipulagður og samhæfingin var engin. Andrúmsloftinu er vel lýst í þessu textabroti þar sem flóttamaður segir frá því hvernig líkin hrönnuðust upp og menn hlupu stefnulaust um:

Serb tanks were placed all along the route from Kravica to Konjević Polje. My brother and I saw people falling down. Dead and wounded were all around. We were simply running without knowing where we were going. One shell fell near me, and I was terrified. That's when my brother and I separated. I haven't seen him since.<sup>153</sup>

Mennirnir voru illa haldnir. Vegna þess hversu þreyttir, svangir og hræddir þeir voru byrjuðu mennirnir að tínast út úr skóginum beint í hendurnar á Serbum. Sumstaðar voru þeir lokkaðir út úr skóginum af Serbum sem klæddu sig eins og friðargæsluliðar Sameinuðu Þjóðanna.<sup>154</sup>

Helstu vitni að stríðsglæpum Serba voru konur og hollenskir hermenn sem verið var að flytja til Kladanj. Þau sáu stóra hópa fangaðra múslíma auk hundruða líka. Þau urðu hinsvegar ekki vör við nein átök enda hefur stærsti hluti hersins þá væntanlega verið farinn í gegnum varnir Serba og aðallega verið að hreinsa upp varnarlaus borgara.<sup>155</sup>

Að vissu leyti voru yfirheyrslurnar, sem mennirnir máttu þola, kerfisbundnar. Serbarnir gerðu lista yfir múslíma sem þeir töldu að hefðu framið stríðsglæpi gegn Serbum í fyrri hluta stríðsins. Stór hluti þess lista varð til þegar Serbar sem bjuggu á þessum svæðum bentu á nágranna eða aðra sem þeir þekktu. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir fyrri tengsl vegna þess að þeir kenndu múslímum um harðræðið sem þeir og fjölskyldur þeirra höfðu þurft að þola. Að lokum skipti þó ekki máli hvort menn höfðu gert eitthvað af sér vegna þess að allir voru þeir dæmdir til aftöku.<sup>156</sup>

Að kvöldlagi 12. júlí hélt sá hluti múslíma sem hafði sloppið við handtöku í vesturátt að Nova Kasaba. Í myrkrinu tókst mörgum að komast yfir veginn milli Nova Kasaba og Konjevići. Þeir sem komust yfir ána Jadar fóru í kjölfar á hermanna og stjórnámálamanna sem höfðu farið á undan. Snemma næsta kvöld rakst herdeildin á um 300 Serba. Eftir um tveggja klukkutíma bardaga náðu múslímarnir að brjótast í gegn og halda áfram. Nú voru þeir við það að komast að bosnísku yfirráðasvæði. Þangað komust þeir að kvöldi sunnudagsins 16. júlí.<sup>157</sup>

---

<sup>153</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 51

<sup>154</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 51-53

<sup>155</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 53-54

<sup>156</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 57-58

<sup>157</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 58-59

Margir þeirra sem lögðu af stað frá Srebrenica komust hinsvegar aldrei lengra en að Nova Kasaba. Serbar fluttu hundruð þeirra á knattspyrnuleikvang rétt norður af Nova Kasaba sennilega vegna þess að þeir voru of margir til að hægt væri að flytja þá til Bratunac. Hollenskir hermenn sáu það sem virtust vera um 1000 menn liggjandi í grúfu á vellinum og bandarískar njósnaflugvélar mynduðu um 600 manns á vellinum. Þegar vélarnar fóru yfir völlinn nokkrum dögum seinna var hann tómur. Hollenskir hermenn sem Serbar héldu í Nova Kasaba, til að „ tryggja öryggi þeirra“, heyrðu fjölda skota hleypt af og næsta dag sáu tveir hermenn um 500 til 700 lík meðfram veginum. Það tók Serba tvo daga að hreinsa upp líkin og eigur þeirra og losa sig við öll vegsummerki.<sup>158</sup>

Eini stóri hópur karlanna frá Srebrenica sem var lifandi 14. júlí fyrir utan hermennina sem brutu sér leið í burtu voru í Bratunac. Þarna var mikill fjöldi saman kominn. Farið var með einstaklinga og litla hópa til yfirheyrslu og aftaku. Mennirnir voru lamdir, pyntaðir og niðurlægðir. Allt var þetta gert á miklum hraða þannig að enginn náði almennilega að gera sér grein fyrir því hvað var að gerast.<sup>159</sup>

Aldrei verður hægt að vita nákvæmlega hversu margir voru líflátnir. Vitni geta misskilið aðstæður auk þess sem einn túlkar það sem hann sér allt öðruvísi en einhver annar. Hinsvegar fer það ekki á milli mála að þarna áttu miklir og hörmulegir atburðir sér stað. Eitt er þó talið öruggt: fullyrðingar Serba um að flestir þeirra sem létust hafi látist í bardaga eru ekki sannar. Þó að ummerki hafi verið um bardaga, urðu bosníska konurnar sem keyrt var í gegnum svæðið þar sem átökin áttu að eiga sér stað ekki varar við nein átök, einungis lík og fanga.<sup>160</sup>

Besta heimildin um fjölda þeirra sem dóu í átökum og voru teknir af lífi er listi á vegum Rauða Krossins. Á listanum eru nöfn 6.500 manna frá Srebrenica, nánast allt karlanna. Heildarfjöldi þeirra sem saknað er úr öllu Bosníu stríðinu, þar með talið Srebrenica, er 11.000: múslimar, Serbar og Króatar.<sup>161</sup>

## 6.4 Kosovo

Á meðan athygli heimsins beindist að átökunum í NV-hluta fyrrum Júgóslavíu var viss ólga kraumandi undir yfirborðinu í Svartfjallalandi, Makedóníu og Kosovo.

<sup>158</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 59-60

<sup>159</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 60-62

<sup>160</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 64-65

<sup>161</sup> Honig, Jan Willem. 1996: 65

Kosovo hafði haldið sig utan átakanna í Bosnía og Króatía. En þegar átökin í Bosnía liðu undir lok voru aðilar innan héraðsins sem horfðu á alþjóðasamfélagið leggja allt að 5 milljarða Bandaríkjadollara í uppbygginguna í Bosnía og mörgum fannst Kosovo sniðgengið þrátt fyrir að vera fyrsta skotmark Milošević. Því stofnuðu ungir herskáir Kosovo-Albanir (KLA) frelsisher Kosovo með það fyrir augum að ögra Serbum. KLA lét til skarar skríða 22. apríl 1996 þegar þeir lýstu sig ábyrga fyrir skotárásum víðsvegar í Kosovo. Í fyrstu veitti alþjóðasamfélagið átökum í Kosovo litla athygli enda var mönnum í mun að koma málefnum Bosnía í samt lag. Sú vinna hélst í hendur við samvinnu Milošević og því litu menn svo á að þó að nokkrir Serbar eða Albanir lægju í valnum að þá væri það lítil fórnarkostnaður í að halda Milošević samvinnufúsum. Sumir óttuðust að eftir að Milošević hafði lokið sér af í Bosnía myndi hann snúa sér að Makedónía.<sup>162</sup>

Átökin héldu áfram að magnast í Kosovo og Bandaríkin og Evrópusambandið voru að átta sig á því að stríð gæti brotist út í héraðinu. Áhrif Rugova, forseta Kosovo, voru að fjara út á meðan KLA héldu áfram að styrkja stöðu sína, sérstaklega í Drenicadalnum. 5. mars 1998 réðst stór hópur serbneskra lögreglumanna á Drenica sem leiddi til dauða 22 Albana og hrakti fjöldann allan á flóttu.<sup>163</sup>

Vesturveldin óttuðust að ef KLA næði fram vilja sínum um sjálfstæði, myndi það hugsanlega gefa Albönum innan Makedónía byr undir báða vængi um að stofna eitt stórt sameinað ríki Albana. Átök í Makedónía milli Albana og Makedóníumanna ógnaðu stöðugleika á suðurhluta Balkanskaga og það hugnaðist NATO ekki, sérstaklega Bandaríkjamönnum. Aukin sjálfstjórn var það sem að alþjóðasamfélaginu tókst að fá stjórnvöld í Belgrad til að samþykkja. En til þess að þetta gengi eftir þurfti að fá KLA til að falla frá kröfunni um sjálfstæði og fá Milošević til að samþykkja nærveru NATO í Kosovo. Allt fram á síðustu stundu voru aðilar ekki tilbúnir að ganga að þessum skilmálum, þar til KLA gerði það og serbnesk stjórnvöld að flestu leyti nema nærveru NATO. Á 50 ára afmæli sínu stóð NATO frammi fyrir: hefja hernaðaraðgerðir gegn 8 milljón manna þjóð eða tapa trúverðugleika sínum? Leiðtogar NATO voru vissir um að Milošević myndi gefast upp innan nokkurra daga eftir að loftárásirnar hæfust. Serbar hröktu hundruð þúsunda á vergang, flóttamenn sem flúðu til nærliggjandi landa, einkum Albanía, Svartfjallalands og Makedónía. Einnig ráku Serbar þúsundir til Svartfjallalands í þeim tilgangi einum að auka

---

<sup>162</sup> Glenny, Misha. 1999: 652-654

<sup>163</sup> Glenny, Misha. 1999: 655

óstöðugleika í landinu og reyna að koma Djukanovic forseta Svartfjallalands frá völdum. Aðgerðir NATO hjálpuðu Milošević við að grafa undan Djukanovic þar sem að NATO beitti loftárásum í Svartfjallalandi til að koma í veg fyrir uppbyggingu hersins.<sup>164</sup>

Upphaf átakanna í Kosovo mátti rekja til deilna um þjóðerni og trú, en af tveimur milljónum íbúa voru um 90% Albanir en um 10% Serbar. Deilur á milli þessara tveggja þjóðarbrotu voru algengar, en íbúarnir aðhylltust mismunandi trú, töluðu mismunandi tungumál og notuðu jafnvel mismunandi stafróf. Kosovo hefur mikla þýðingu fyrir Serba, þar sem þeir líta á héraðið sem vöggu Serbíu. Serbar misstu yfirráð yfir héraðinu til Tyrkja árið 1389 og fengu þau ekki aftur fyrr en 1913. Á tímum Títos, í sameinuðu kommúnistaríki Júgóslavíu, hafði Kosovo mikil sjálfstjórnarréttindi. Þegar Milošević komst til valda árið 1989 hóf hann að sameina serbnesk héruð, í Stóru-Serbíu. Til þess reyndi hann að höfða til þjóðernishyggju Serba. Þessar fyrirætlanir Serba féllu í grýttan jarðveg, þar sem þeir beittu áhrifum sínum til að skipa Serba í stjórnunarstöður í héraðinu og við það misstu margir Albanir vinnuna. Albanir báðu um stuðning Vesturvelda. Það var ekki fyrr en Milošević sendi inn júgóslavneska herinn til að berjast gegn KLA, árið 1998, að það vakti athygli alþjóðasamfélagsins. Þessar aðgerðir voru þó ekki einungis til að berjast gegn KLA heldur einnig gegn albönskum íbúum. Á nokkrum mánuðum var fjöldinn allur af Albönum neyddur til að flýja heimili sín og þegar fréttir frá svæðinu fóru að berast var ljóst að þjóðernishreinsanir áttu sér stað. Í kjölfar fréttu um mannréttindabrot sendi NATO Milošević þau skilaboð, 18. október 1998, að annað hvort myndi hann draga her sinn til baka eða eiga yfir höfði sér loftárásir sem beint yrði gegn Serbíu. Serbar fóru sínu fram, þar til nokkrum klukkustundum áður en fresturinn rann út. Undir lok ársins höfðu átök á milli Serba og KLA magnast á nýjan leik. 16. janúar 1999 fundust lík 45 Albana, sem voru hluti af fjöldamorðum Serba. Með ákalli alþjóðasamfélagsins var reynt að koma á friði milli stríðandi fylkinga, en það varð að engu þegar Milošević neitaði því að hafa friðargæsluliða frá NATO innan Kosovo. Þegar Serbar héldu sókn sinni áfram voru þeim settir afarkostir að nýju og 22. mars 1999 hitti Richard Holbrooke, Milošević að máli. Þegar Holbrooke upplýsti það svo næsta dag að viðræður þeirra hefðu rekið í strand, lýsti NATO yfir að þeir myndu hefja loftárásir á hernaðarlega mikilvæg mannvirki. 24. mars 1999 hófu herir

---

<sup>164</sup> Glenny, Misha. 1999: 657-659

NATO loftárásir á Belgrad, höfuðborg Serbía, eftir að Milošević neitaði að stöðva þjóðernishreinsanir í Kosovo.

Þessar loftárásir voru harðlega gagnrýndar. Helstu gagnrýnisraddirnar bentu á það að NATO hefði ekki samþykki Sameinuðu Þjóðanna fyrir þeim. Einnig bentu helstu hernaðarsérfræðingar á það að aðeins landhernaður myndi ná að hrekja her Serba frá Kosovo. Bretar og Bandaríkjamenn, stóðu fast á því að það ætti að koma sem mest í veg fyrir það mannfali sem myndi hljótast af landhernaði. Þó að langflestir Bretar og Bandaríkjamenn væru fylgjandi loftárásunum, urðu myndir af mannfalli og kostnaður árásana, um 200 milljónir bandaríkjadala á viku, til þess að auka gagnrýni. Á meðan loftárásinar mögnuðust í apríl og maí, jókst krafturinn í Serbum í Kosovo, sem leiddi til þess að yfir ein milljón Albanir voru neyddir til að yfirgefa heimili sín og flýja til nálægra ríkja, Albanía, Makedónía og Svartfjallalands. Samið var um frið milli NATO og Serba í júní 1999.<sup>165</sup>

---

<sup>165</sup> Glenny, Misha. 1999: 558-559

## 7. Verkefni tengd falli Júgóslavíu

### 1. Kafli: Forsaga Balkanskaga

Á hvaða hátt vakti heimsókn Franz Ferdinand til Sarajevo árið 1914 ugg meðal þjóðernissinnaðra Serba?

Teljið þið að sambandsríkið Júgóslavía hefði orðið til ef ekki hefði komið til fyrri heimsstyrjaldarinnar?

Hvernig teljið þið að landakort Evrópu liti út ef ekki hefði komið til fyrri heimsstyrjaldarinnar?

### **Þemaverkefni**

Nemendur kynna sér stöðu mála í Evrópu um aldamótin 1900, hvernig ríkjaskipanin var, hverjir réðu yfir hverjum? Nemendur teikni upp kort af Evrópu um 1900 og annað eftir fyrri heimsstyrjöldina og segi frá þeim breytingum á ríkjaskipan við átökin.

### 2. Kafli: Tító

Á hvaða hátt tókst Tító að halda sambandsríkinu sameinuðu?

Hvaða þættir réðu því að íbúar Júgóslavíu voru taldir búa við mest frelsi þeirra sem bjuggu við kommúnistastjórn?

Hverjar voru helstu orsakir falls járntjaldsins og hvaða þýðingu hafði það fyrir íbúa Austur Evrópu?

### 3. Kafli: Ólgan magnast

Hverjar voru frumorsakir borgarastyrjaldarinnar í fyrrum ríkjum Júgóslavíu frá 1991-1995?

Í lok stríðsins voru Serbar gerðir ábyrgir fyrir því. Hvern teljið þið bera ábyrgð á upphafi stríðsins? Bera Serbar einir ábyrgð? Hvað með Króata og Bosníumenn?

Hversu langt aftur má rekja rætur stríðsins?

Af hverju haldið þið að Serbar hafi ekki sett sig upp á móti áætlunum Milošević um Stóru-Serbíu?

Hvaða áhrif getið þið ímyndað ykkur að borgarastyrjöldin hafi haft á þróun þeirrar heimsmyndar sem við búum við í dag? Teljið þið að enn megi finna áhrif og afleiðingar stýrjaldarinnar?

**Ritgerðar og heimildaverkefni:**

Þekkt manneskja úr stríðinu.

Þekkt orrusta úr stríðinu.

**4. Kafli: Þjóðernishreinsanir**

**Umræðuspurningar:**

Setjið ykkur í spor 14 ára unglings sem hrakinn hefur verið á brott frá heimili sínu og reynið að sjá fyrir ykkur hver framtíðarsýn hans er.

Brugðust Sameinuðu þjóðirnar rétt við í Srebrenica? Hvað hefði mátt gera öðruvísi?

Voru aðgerðir NATO til að bæta aðstæður Kosovo-Albana innan Kosovo eða voru þær til hins verra?

**Ritgerðar og heimildaverkefni:**

Berið saman hlutskipti kvenna og barna við hlutskipti karla í fjöldamorðunum í Srebrenica.

Hvað er þjóðernisminnihluti og hvernig verða þeir til? Nefndu dæmi um þjóðernisminnihluta.

## Lokaorð

Stríðið á Balkanskaga hefur lengi vakið áhuga höfunda enda muna þeir báðir eftir frétttaflutningi frá þeim tíma. Fram til þessa hefur stríðið á Balkanskaga lítið verið í umræðunni í sögukennslu grunnskólanna og skapast það kannski að hluta til vegna þess að kennsluefni um þessa atburði eru af skörnum skammti enda tiltölulega stutt síðan þessir atburðir áttu sér stað. Það kennsluefni sem fyrir er stiklar á stóru um atburðarás stríðsins þar sem megin áherslan er á ákveðnar staðreyndir en minna fjallað um þær hörmungar sem það hafði í kjölfarið á íbúa fyrrum Júgóslavíu. Það er von okkar að lesefnið um fall Júgóslavíu muni nýtast við kennslu í sögu 9. bekkjar þar sem verið er að fjalla um fjölmenningsamfélög og málefni mismunandi þjóðarbrot, staða þeirra rædd og reynt að gera nemendur víðsýnni um það samfélag sem við byggjum.

Við teljum að sögukennsla geti hentað vel til að ná fram þeim hugmyndum sem settar eru fram í fræðilega hluta ritgerðarinnar, þar sem þeim hugmyndum er ætlað að efla umburðarlyndi og gildismat nemenda gagnvart náunganum. Atburðir fjölmenningsamfélagsins á Balkanskaga eru dæmi um það hvernig getur farið þegar samband milli ólíkra þjóðarbrot innan sama lands dvínar og þau hætta að líta á sig sem eina heild. Þær kennsluáðferðir sem við bendum á er ætlað að efla samvinnu og samkennd milli nemenda, gera þá reiðubúna til að takast á við það samfélag sem þeir lifa í.

## Heimildir

*Aðalnámsskrá grunnskóla, almennur hluti.* 1999. [Reykjavík], menntamálaráðuneytið.

*Aðalnámsskrá grunnskóla, samfélagsgreinar.* 1999. [Reykjavík], menntamálaráðuneytið.

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í kennslustofunni.* Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði. Reykjavík, JPV útgáfa.

Burrows, Terry. 1999. *ITV Visual History of the Twentieth Century.* London, Carlton Books Limited.

Daniel, Clifton. Chief Editor. John W. Kirshon Executive Editor. 2000. *20<sup>th</sup> Century Day by Day.* London. Darling Kindersley Limited.

Dewey, John. 1916. *Democracy and Education.* Sótt á netið 18. mars 2007 á slóðina: [http://en.wikisource.org/wiki/Democracy\\_and\\_Education](http://en.wikisource.org/wiki/Democracy_and_Education)

Emblem, Terje. Olaf Hetland, Ivar Libæk, Øivind Stenersen, Asle Sveen, Svein A. Aastad. 1995. *Heimsbyggðin: saga mannkyns frá öndverðu til nútíðar.* Sigurður Ragnarsson íslenskaði. Reykjavík, Mál og menning.

Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. 2004. *Lífsleikni-sjálfskraust, sjálfsagi og samkennd-handbók fyrir kennara og foreldra.* Reykjavík, Námsgagnastofnun.

Glenny, Misha. 1999. *The Balkans 1804-1999. Nationalism, War and the Great Powers.* London, Granta Publications

Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt.* Reykjavík, Hólar.

Hamilton, David. 1993. *Að fræðast um uppeldi og menntun.* Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Honig, Jan Willem. Norbert Both. 1996. *Srebrenica: Record of a War Crime.* London, Penguin Books.

Ingvar Sigurgeirsson. 1998. *Listin að spyrja.* Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Að mörgu er að hyggja.* Reykjavík, Æskan ehf.

Ingvar Sigurgeirsson. 1999a. *Litróf kennsluáðferðanna.* Reykjavík, Æskan ehf.

*Izetbegovic, Alija. Britannica Book of the Year, 2004.* Heimasíða alfræðiritsins Britannica. 2003. Sótt á netið 15. apríl 2007 á slóðina: <http://www.britannica.com/eb/article-9397987>

Jón Baldvin Hannesson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigþórsson. 2002. *Aukin gæði náms-Skóli sem lærir*. Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Judah, Tim. 2000. *The Serbs: History, Myth and the Destruction of Yugoslavia*. New Haven og London, Yale University Press.

Mazower, Mark. 2002. *The Balkans: a short history*. New York, Modern Library.

Munoz, Maria D. ; Marcos Munoz. 1998. *John Dewey and Democracy, Education, Experience, and Communication: Implications for Adult Education in Developing Democratic Organizations*. Louisville, University of Louisville.

Noddings, Nel. 2007. *Philosophy of Education*. 2. útg. Boulder, Westview Press.

Overy, Richard, ritstjóri. 2004. *History of the 20th Century*. London, Times books.

Páll Pétursson 2000. Vefur Alþingis. Sótt á netið 29. apríl 2007 á slóðina: <http://www.althingi.is/altext/126/11/r01150151.shtml>

Silber, Laura og Allan Little. 1996. *The Death of Yugoslavia*. London, Penguin Group og BBC Worldwide Ltd.

*Timeline: Siege of Srebrenica*. 2005. Fréttavefur breska ríkissjónvarpsins BBC. Sótt á netið 1. mars 2006 á slóðina: <http://news.bbc.co.uk/1/hi/world/europe/675945.stm>

*Tudjman, Franjo. Encyclopædia Britannica. 2007. Heimasíða alfræðiritsins Britannica. Sótt á netið 25. apríl 2007 á slóðina: <http://www.britannica.com/eb/article-9389236>*

# Viðaukar

## Viðauki 1

### *Atburðarásin í Srebrenica*<sup>166</sup>

**6.-8. júlí 1995:** Bosníu-Serbar höfðu legið í kringum borgina Srebrenica þar sem þúsundir flóttamanna höfðu flúið undan offorsi Serba. Þessir flóttamenn voru undir verndarvæng 600 léttvopnaðra hollenskra friðargæsluliða. Eldsneyti var orðið af skornum skammti og ferskur matur hafði ekki borist síðan í maí.

Þegar her Serba fóru að sækja nærri borginni, kröfðust bosnískir múslimmar að fá vopn til baka, sér til varnar, sem þeir höfðu afhent friðargæsluliðunum þegar þeir leituðu griða í borginni, þessari beiðni var hafnað.

Hollenski yfirmaðurinn óskaði eftir loftárás eftir að sprengjur Serbanna lentu nærri flóttamannabúðum og varðstöðvum friðargæsluliðanna.

**9. júlí 1995:** Bosníu Serba auka sókn sýna og þúsundir flóttamanna flýja til borgarinnar frá búðum sunnan við borgina. Í kjölfarið réðust þeir á varðstöð Hollendinganna og tóku um 30 þeirra til fanga.

**10. júlí 1995:** Hollenski yfirmaðurinn óskaði eftir loftárás frá Sameinuðu þjóðunum til að brjóta á bak aftur sókn Bosníu-Serba. Árásum Serba var hætt rétt áður en loftárásin átti að eiga sér stað og var hætt við þær í bili.

Um 4 þúsund flóttamenn voru í miðbæ borgarinnar og í kringum stöð Hollendinganna og var mikill óróleiki á meðal fólks.

Hollenski yfirmaðurinn sagði yfirmönnum borgarinnar að flugvélar SP myndu varpa sprengjum á Serbana strax morguninn eftir ef þeir væru ekki búnir að draga her sinn til baka.

**11. júlí 1995:** Ekkert varð af loftárásunum þó að Serbarnir hefðu ekki dregið sig til baka, þar sem óskinn um árás hafði verið ranglega fyllt út. Um miðjan dag höfðu um 20 þúsund manns, mest konur og börn flúið að herstöð friðargæsluliðanna.

Um klukkan 14:30 vörpuðu tvær F-16 orrustuþotur sprengjum á Serbana, en þeir svöruðu því á móti að ef að sprengjuárásunum yrði ekki hætt myndu þeir drepa hollensku friðargæsluliðana og var árásunum því hætt. Tveimur tímum síðar leiddi Ratko Mladic hershöfðingi Bosníu-Serba þá inni borgina. Um kvöldið skipaði Mladic svo fyrir að vildu Bosníu-Múslimmar halda lífi skildu þeir afhenda vopn sín.

---

<sup>166</sup> *Timeline: Siege of Srebrenica*. 2005.

**12. júlí 1995:** Rútur eru sendar á svæðið til að flytja konur og börn á svæði múslima, á meðan karlmenn á aldrinum 12-77 ára var haldið eftir til yfirheyrslu vegna hugsanlegra stríðsglæpa.

Það er áætlað að 23 þúsund konur og börn hafi verið flutt á brott á næstu 30 klukkustundum og hundruðum manna verið haldið eftir í vörubílum og vöruhúsum.

Um 15 þúsund vopnaðra Bosníu-múslima reyndu að flýja frá borginni um nóttina en voru stöðvaðir í fjöllum á flóttu.

**13. júlí 1995:** Fyrstu morðin á óvopnuðum múslimum áttu sér stað í vöruhúsi í nálægu þorpi. Friðargæsluliðar létu af hendi 5 þúsund múslima, sem höfðu leitað skjóls í varðstöð Hollendinganna í bænum Potocari, í skiptum fyrir 14 hollenska friðargæsluliða sem hafði verið í haldi Serba.

**16. júlí 1995:** Fyrstu fréttir af fjöldamorðum berast mönnum til eyrna þegar fyrstu eftirlifendur göngunnar löngu frá Srebrenica fóru að berast á yfirráðasvæði sem voru á bandi Múslima.

SÞ og Bosníu-Serbar sömdu sín á milli um að leyfa hollensku friðargæsluliðunum að yfirgefa Srebrenica og skilja eftir vopn, mat og sjúkragögn.

Á næstu 5 dögum eftir að Serbar réðust inní Srebrenica er talið að um 8 þúsund múslimmar hafi verið drepnir.

## Viðauki 2

### *Tímalína átakanna á Balkanskaga*<sup>167</sup>

- 17. mars 1991:** Serbía riftir ákvæðum í stjórnaskránni þar sem sjálfstjórnarhéraðið Kosovo á í hlut. Til að mynda var albanska bönnuð sem tungumál í stjórnsýslukerfi Kosovo.
- 9. maí 1991:** Forsetaembætti hins sameinaða ríkis Júgóslavíu gefur hinum ráðandi serbneska her Júgóslava sérstakt vald til aðgerða í Króatíu og losa hann undan virkri stjórn stjórnarinnar, í kjölfar Serb-Króatískra árekstra í Krajina.
- 19. maí 1991:** Króatar samþykkja að lýsa yfir sjálfstæði.
- 25. maí 1991:** Slóvenía og Króatía lýsa yfir sjálfstæði.
- 29. júní 1991:** Júgóslavía á barmi borgarstyrjaldar. Tvær þýrlur voru skotnar niður yfir höfuðborg Slóveníu, Ljubljana, þar sem skriðdrekar hersins eru á götum borgarinnar. Árásir í Slóveníu hafa kostað 30 mannlíf síðustu 2 daga.
- 25. september 1991:** SÞ setja lögboðið viðskiptabann á vopnum gegn Júgóslavíu í kjölfar alvarlegra átaka kynþátta.
- 1. október 1991:** Serbar voru allsráðandi í júgóslavneska hernum og hófu umsátur um króatísku hafnarborgina Dubrovnik og hófu loftárásir á höfuðborg Króatíu, Zagreb 7. október.
- 15. október 1991:** Þing Bosníu-Hersegóvínu samþykkir að lýsa yfir sjálfstæði.
- 8. nóvember 1991:** Utanríkisráðherrar Evrópu mæla með að sett verði viðskiptabann á Júgóslavíu í kjölfar umsáturs um Vukovar og Dubrovnik af hendi Serbneska hluta hersins. 2. desember er viðskiptabann sett á Serba og Svartfellinga.
- 17. nóvember 1991:** Serbar ná Króatíska bænum Vukovar eftir 86 daga umsátur.
- 1. desember 1992:** Serbar og Króatar samþykkja áætlun SÞ um friðargæsluliða í Júgóslavíu.
- 15. janúar 1992:** Evrópusambandið viðurkenna sjálfstæði Slóveníu og Króata.
- 2. mars 1992:** Til líkamlegra átaka kemur á milli Serba, Króata og Múslima í höfuðborg Bosníu-Herzegovinu, Sarajevo.

---

<sup>167</sup> Daniel, Clifton. *20<sup>th</sup> Century Day by Day*  
Williams, Neville. *The Hutchinson Chronology of World History*

- 7. apríl 1992:** Evrópusambandið viðurkenna sjálfstæði Bosníu. Átök magnast þegar júgóslavneski flugherinn gengur til liðs við Serba.
- 8. apríl 1992:** Herir Serba og Júgóslava hefja sprengjuárásir á höfuðborg Bosníu, Sarajevo.
- 21. apríl 1992:** Til átaka kemur á milli Serba, Múslima og Króata. Tveimur dögum síðar hefjast friðarviðræður undir forystu Carringtons að beiðni SÞ.
- 30. maí 1992:** SÞ mæla með banni á viðskipti, flug, íþróttaviðburði og olíuhömlur á nýstofnað ríki Júgóslavíu (Serbía og Svartfjallaland).
- 29. júní 1992:** SÞ taka yfir flugvöllinn í Sarajevo til að stjórna flugi sem inniheldur bygðir til sárþjáðra landsmanna.
- 13. ágúst 1992:** SÞ fordæma þjóðernishreinsanir Serba á Bosníu múslimum og Króötum í Bosníu og kallar þá stríðsglæpi.
- 14. ágúst 1992:** Öryggisráð SÞ heimilar valdbeitingu til að tryggja mannréttindi.
- 15. september 1992:** Bretar tilkynna að þeir munu senda inn herlið til að tryggja mannréttindi í fyrrum Júgóslavíu.
- 20. desember 1992:** Slobodan Milošević er endurkjörinn forseti Serbíu og flokkur hans bætir við sig fylgi.
- 1. mars 1993:** USA flugherinn varpar vistum niður til héraða sem SÞ ná ekki til.
- 20. mars 1993:** SÞ hafa yfirumsjón með flutningi borgara frá múslimska hluta Srebrenica, sem hafði verið umsetin í nærri eitt ár. Því umsátri lauk 18. apríl.
- 6. maí 1993:** Öryggisráð SÞ lýsir eftirfarandi stöðum sem öruggum: Sarajevo, Tuzla, Zepa, Goradze, Bihac og Srebrenica. Þrátt fyrir þetta gera Bosníu-Serbar árásir á Goradze og Srebrenica 30. maí.
- 2. júní 1993:** Friðargæsluliðar SÞ hafa misst 500 manns, þar af hafa 42 verið drepnir síðan þeir komu til Júgóslavíu fyrir 450 dögum síðan.
- 10. júlí 1993:** Lokað fyrir vatnið til Sarajevo, eftir að mistekst hefur að koma um framhjá umsátri herja Serba.
- 21. ágúst 1993:** Bílalest SÞ kemur til Mostar í Bosníu-Hersegóvínu sem hefur verið umsetin.
- 9. febrúar 1994:** NATO skipar Serbum að láta af umsátrinu um Sarajevo, annars muni þeir eiga von á loftárásum.
- 23. febrúar 1994:** Bosniskir og Króatískir herir í Bosníu-Hersegóvínu sættast á vopnahlé.

- 28. febrúar 1994:** NATO skýtur niður 4 herflugvélar Bosníu-Serba.
- 18. mars 1994:** Bosnía-Hersegóvína og Króatar sem sín á milli um drög að stofnun ríkis Bosníu múslima og Króata.
- 31. mars 1994:** Serbar varpa sprengjum á öruggu svæði SP í Goradze og Srebrenica, í Bosníu-Hersegóvínu.
- 10.-11. apríl 1994:** NATO hefur sprengjárásir á stöðvar Serba nærri Goradze, þrátt fyrir það kemst borgin í hendur Serba 17. apríl.
- 8. júní 1994:** Vopnahlé er undirritað af Bosníu-Serbum og Bosníska sambandsins, en það stendur stutt.
- 21. ágúst 1994:** Ná Serbar griðasvæði Múslima í Bihac á sitt vald.
- 21.-25. nóv. 1994:** NATO hefur loftárásir á stöðvar Serba í Bosníu-Hersegóvínu í hefndarskyni fyrir árásir Serba á öruggu svæði SP í Bihac.
- 31. desember 1994:** Stríðandi aðilar í Bosníu-Hersegóvínu skrifa undir vopnahlé sín á milli, sem taka á gildi 1. janúar 1995, sem að endist í 4 mánuði.
- 20. mars 1995:** Vopnahléið rofið með árás Bosníu manna á stöðvar Serba. Serbar svara með árásum á embættismen og múslímska bæi.
- 2. maí 1995:** Þar sem 4 mánaða vopnahlé SP er á enda hefja Serbar árásir á Zagreb.
- 16. maí 1995:** Serbar hefja aftur sprengjuárásir á hina umsetnu höfuðborg Bosníu, Sarajevo.
- 25. maí 1995:** NATO hefur loftárás á Serbana í kjölfar þess að þeir neyta að láta af stórskotalíðsárásum. Í hefndaskyni drepa Serbar 67 manns í Tuzla.
- 26. maí 1995:** Bosníu-Serbar byrja að taka friðargæsluliða SP til fanga, sem svar við ógninni af loftárásum NATO. 377 voru teknir höndum en var sleppt aftur á tímabilinu 2-18 júní.
- 3. júní 1995:** Hernaðarráðherrar innan NATO skipuleggja aðgerðir í Bosníu-Hersegóvínu á jörðu niðri, sem yrðu tilbúnar um miðjan júlí.
- 14. júní 1995:** Stjórnarher Bosníu hefja stórfellda árás á Bosníu-Serba. Bosníu-Serbar svara þessu með stórfelldum sprengjuárásum á Sarajevo.
- 14.-25. júlí 1995:** Serbar ráðast á örugga svæði SP í Zepa í Austur Bosníu-Hersegóvínu, sem fellur í hendur þeirra 25. júlí.

- 20. júlí 1995:** Serbar og bandamenn ráðast á örugga svæði SP í Bihac í Norð-vestur hluta Bosníu-Hersegóvínu. 27. júlí fara Króatar inn í Bosníu-Hersegóvínu og létta á pressunni á Bihac.
- 26. júlí-11. ág. 1995:** Öldungadeild Bandaríkjaþings samþykkir að létta á viðskiptabanni til að koma vopnum til stríðandi aðila í Bosníu-Hersegóvínu. Bill Clinton hafnaði þessu svo þann 11. ágúst.
- 4.-9. ágúst:** Herir Króata ryðjast inn í Krajina, svæði Serba í Króatíu. Serbneskir flóttamenn flykkjast til svæða á valdi Serba í Bosníu-Hersegóvínu og Serbíu, talið að um 100 þúsund flóttamenn muni verða á flóttu.
- 9. ágúst 1995:** Ríkisstjórn USA tilkynnir áætlun um að stilla til friðar á Balkanskaga.
- 28. ágúst 1995:** Serbneskir hermenn varpa sprengjum á markaðstorg í Sarajevo með þeim afleiðingum að 37 manns létu lífið.
- 30. ágúst 1995:** NATO hefur loftárásir á stöðvar Serba í Bosníu. 300 ferðir eru flognar á fyrstu 12 klukkustundunum, fyrir 13. september voru 800 ferðir farnar.
- 1. september 1995:** Loftárásur NATO er frestað í 24 klukkustundir til að flýta fyrir friðarviðræðum í Belgrad.
- 8. september 1995:** Aðilar frá árásar þjóðunum (Bretland, Frakkland, Þýskaland, Rússland og Bandaríkin), ásamt utanríkisráðherrum Króata, Bosníu-Hersegóvínu og Júgóslavíu hittast í Genf til að hefja friðarviðræður.
- 11. september 1995:** Yfirvöld í Bosníu hefja aðgerðir í vestur og mið Bosníu-Hersegóvínu, sem leiða til minnkunar yfirráðasvæða Serba úr 70% lands í 50%.
- 5. október 1995:** Bill Clinton tilkynnir um 60 daga vopnahlé í Bosníu-Hersegóvínu.
- 1. nóvember 1995:** Friðarviðræður eru haldnar á herstöð í Dayton í USA á milli stríðandi aðilla.
- 14. desember 1995:** Undirritaður er samningur sem koma á friða á milli stríðandi aðila í Bosníu-Hersegóvínu. Samningurinn gengur út á að stofna 2 einingar í landinu, ríki Króata-múslima með 51% hlut af landinu og svo ríki Serba með yfirráð yfir 49% lands. Friðargæsluliðar frá SP munu leysa gæsluliða NATO af hólmi.
- 19. júlí 1996:** Radovan Karadzic, forseti sjálfstjórnarhéraðs Serba í Bosníu-Hersegóvínu, segir af sér vegna ásakana um stríðsglæpi.
- 28. nóvember 1996:** Radko Mladic hershöfðingi hers Serba, segir af sér sem yfirmaður hersins, þegar hann er ásakaður um stríðsglæpi fyrir Stríðsglæpadómstólnum í Haag.

**23. júlí 1997:**

Slobodan Milošević sver eið sem forseti Júgóslavíu, samband Serbíu og Svartfjallalands. Það var komið að lokum seinni 5 ára kjörtímabils hans, þannig að hann skipaði sjálfan sig aftur.

**27. maí 1999:**

Slobodan Milošević, yfirmaður hersins og 3 aðrir háttsettir menn eru ákærðir fyrir brot gegn mannkyninu af stríðsglæpadómstólnum í Haag vegna þjóðflutninganna í Kosovo, þar sem áætlað er að um 750 þúsund Albanir hafi þurft að yfirgefa heimili sín.

## Viðauki 3

### *Tímalína átakanna í Kosovo*<sup>168</sup>

- 1. mars 1998:** Serbar senda inn herlið til að hrekja burt þjóðernislega albanska aðskilnaðarsinnaða málaliða. Hundruð karla, kvenna og barna eru drepin í mesta blóðbaði sem um getur á 9 ára tímabili þar sem meirihluti íbúanna, Kosovo albanir, reyna að ná fram rétti sínum.
- 9. mars 1998:** Bretar, Frakkar, Þjóðverjar, Rússar, Ítalir og USA hóta Serbum því að beita þá þvingunum til að kalla herlið sitt frá suðurhluta Kosovo. Milošević forseta eru gefnir 10 dagar.
- 25. mars 1998:** Ríkin fresta aðgerðum um mánuð. Þau ætla samt að leita eftir viðskiptabanni frá SP gegn Serbum.
- 31. mars 1998:** Öryggisráð SP samþykkir viðskiptabann gegn Júgóslavíu sem tilraun til að fá þá til að draga herlið sitt til baka frá Kosovo.
- 29. apríl 1998:** Ríkin öll lýsa því yfir að öllum alþjóðlegum málefnum sem snerta utanríkismál Júgóslava skuli fryst. Þetta er gert sem viðleitni til að frá Serba til að draga herlið sitt frá Kosovo.
- 24. maí 1998:** Herir Serba hefja árásir á albanska uppreisnarmenn í þorpi í suðurhluta Kosovo.
- 1-8 júlí 1998:** Um það bil þriðjungur þeirra 200 þúsund Serba sem að bjuggu í Kosovo hafa yfirgefið hérað sitt, á meðan þjóðernissinnaðir Albanir hafa snúið aftur til að berjast gegn serbneskum herjum.
- 29. júlí 1998:** Eftir 4 daga bardaga, hafa serbneskir herir náð yfir Kosovo, héraði í fyrrum Júgóslavíu, og gersigra frelsisher Kosovo (KLA). Yfir 100.000 Albanir flýja land.
- 17. janúar 1999:** 45 bændur sem ásakaðir voru fyrir að styðja þjóðfrelsisher Kosovo eru drepnir af her Serba. Þetta ýtir enn undir þær getgátur manna að Slobodan Milošević hafi engar fyrirætlanir um að láta af þjóðernishreinsunum sínum.
- 29. janúar 1999:** Serbum og þjóðernisfullum Kosóvum er skipað að hittast í febrúar til friðarviðræðna í kjölfar morða á 24 þjóðernissinum af hendi Serba.

---

<sup>168</sup> Daniel, Clifton. *20<sup>th</sup> Century Day by Day*  
Williams, Neville. *The Hutchinson Chronology of World History*

- 23. febrúar 1999:** Slitnar upp úr friðarviðræðum stríðandi aðilla sem staðið hafa frá 6. febrúar. Meira en 2000 manns hafa týnt lífi og meira en 300 þúsund hafa misst heimili sitt síðan til átaka kom á milli Serba og Albana í mars 1998. Albanir eru 9 sinnum fleiri en Serbar.
- 31. mars 1999:** NATO hefur loftárásir gegn Serbum sem eiga að stuðla að því að fá Serba til að draga herlið sitt frá Kosovo og láta af þjóðernishreinsunum sínum.
- 17. apríl 1999:** Fleiri en 500 þúsund Albanir hafa verið hraktir frá heimilum sínum á vergang. Þeir leita hælis í nágretta ríkjunum Makedóníu, Albaníu og Svartfjallalands.
- 10. júní 1999:** NATO lætur af 78 daga áróðri sínum um loftárásir á Serba, þar sem hershöfðingjar Júgóslavíu heita því að draga lið sitt til baka innan 11 daga. Friðargæsluliðar frá NATO og Rússlandi eru sagðir munu taka til starfa um leið.
- 15. október 1999:** Friðarganga er farin í bænum Mitrovica þar sem Kosovum og Serbum lýst saman. Friðargæsluliðar NATO skakka leikinn.